

FARSÆLDAR RÍKIÐ OG MANNGILDIS STEFNAN



Kristján Friðriksson

KRISTJÁN FRÍÐRIKSSON

FARSÆLDARRÍKIÐ
OG MANNGILDIS-
STEFNAN



Fyrir leiðbeiningar við samningu bókarinnar við ég þakka:
Þorsteini Gylfasyni lektor, Sveini Skorra Höskuldssyni prófessor,
Vilborgu Sigurðardóttur B.A. og séra Guðmundi Sveinssyni.
Einnig þakka ég Elíasi Mar rithöfundi, sem las fyrstu próförk.

Öll réttindi áskilin.

EFNISYFIRLIT

Tildrög.....	7
Grundvöllur hugmyndafræði	11
Afstaðan til einstakra málaflokka.....	16
Landbúnaður	16
Sjávarútvegsmál.....	18
Iðnaðarmál	23
Samgöngumál	30
Verzlunarmál	33
Nánari skilgreining á eðli manngildisstefnu	40
Aðrar heimspekistefnur.....	46
Hvað er manngildi?.....	48
Manngildið og rótfestan.....	52
Megin þjóðlífsaflið.....	55
Höldar og höldahald.....	64
Hver er maðurinn?	69
Shaftesbury lávarður	74
Brot úr hugmyndasögu.....	78
Adam Smith	80
Robert Owen	87
Jeremy Bentham.....	91

John Stuart Mill.....	93
Karl Marx.....	98
John Maynard Keynes.....	101
Upphaf og þróun f-stefnu á Íslandi	109
Stofnun framsóknarflokksins	118
Merkilegasti kafli Íslandssögunnar	119
Meira um afstöðu til mála	132
Skólamál	132
Skólahættan.....	133
Tvenndarskólinn	140
Byggingamál. Listir	164
Tryggingamál	166
Vald stéttarfélaga – og varðveizla frelsisins.....	169
Staða Íslands meðal þjóðanna.....	176
Lokaorð	181

TILDRÖG

Ástæður til þess, að ég skrifa þá lesningu, sem hér fer á eftir, eru einkum þær, að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að vöntun væri á ritverki, þar sem gerð er á einfaldan og auðskiljanlegan hátt grein fyrir framsóknarstefnunni. Auðvitað verður hér fyrst og fremst um að ræða greinargerð um það, hvernig höfundurinn telur að framsóknarstefna sé – eða eigi að vera. En ég tel líklegt, að mjög margir, t.d. af þeim, sem fylgja Framsóknarflokknum á Íslandi, muni vera sammála mörgu því, sem hér verður sett fram. Ef svo er ekki, þá er mjög tímabært, að t.d. flokksforystan setji fram tilsvareandi greinargerð, er sýni í hverju framsetningin hér er röng eða á misskilningi byggð.

STEFNAN HLÝTUR MEIRI OG BETRI STUÐNING EF HÚN ER SKÝRT SKILGREIND

Það er ákveðin sannfæring mín, að á undanförunum árum hafi starfsemi Framsóknarflokksins beðið mikinn hnekki af því, að vanrækt hefur verið að skilgreina og skýra hugmyndafræðina. Áhrif flokksins í þjóðlífinu hefðu orðið meiri og betri, ef þessum þætti hefði verið betur sinnt.

STÝRT EFTIR STEFNU, SEM HVERGI FANNST NIÐUR RITUÐ

Með samningu þessa rits er ég ekki, nema þá að óverulegu leyti,

að deila á stefnu Framsóknarflokksins á undanförunum árum að því er snertir stefnuframkvæmdina innan hinna ýmsu málaflokka. Þvert á móti hef ég furðað mig á því, hvað tekizt hefur að stýra „rétt“ eftir markalínu, sem hlýtur að hafa verið skýrt mörkuð í hugum flokksforystunnar, enda þótt þessi lína væri aldrei skilmerkilega sett á blað.

Að vísu skal játað, að nokkrar úrbætur hafa fram komið í þessu efni á s.l. árum. Nefni ég þar helzt til nokkra vel heppnaða leiðara um efnið eftir ritstjóra Tímans, og ritling eftir Eystein Jónsson, sem heitir *Framsóknarflokkurinn, störf hans og stefna*. Rit Gísla Guðmundssonar um flokkinn er áratuga gamalt og sögulegs efnis að verulegu leyti, þó gott sé það sem nær.

SKILGREININGAR OG DÆMI

Í riti þessu mun ég leitast við að setja fram nákvæmari og að sumu leyti viðtækari skilgreiningar og skýringar, með dæmatökum um hin fjölbreytilegu svið þjóðlífsins, en gert hefur verið. Auðvitað verður það ekki tæmandi, en þó e.t.v. nægilega margbreytt dæmi tekin til þess að auðvelt verði fyrir íhugulan athuganda að yfirfæra frá þessum dæmum, hvernig ný og ný viðfangsefni, sem sífellt koma upp, ætti að leysa í samræmi við þá „réttu“ framsóknar- og manngildisstefnu.

„STEFNUR ALLRA FLOKKA EINS“, SEGJA SUMIR

Oft heyrir þvi slegið fram, að stefnur allra stjórnmálaflokka séu nú orðið nálega eins. Það sem styður þesskonar sleggjudóma, byggist m.a. á því að *flokksþingasamþykktir* stjórnmálaflokkanna hníga að verulegu leyti í svipaða átt, m.a. vegna hins óljósa og almenna orðalags, sem þar er viðhaft.

SKÝR STEFNA, GLÖGGT AÐGREIND FRÁ STEFNU ANNARRA FLOKKA

Í mínum huga er framsóknarstefnan mjög skýr stefna í eðli sínu. Hún greinir sig í veigamiklum atriðum frá stefnu annarra flokka í svo til öllum helztu málaflokkum þjóðlífsins – eins og hér verður leitast við að sýna. Skal þó tekið fram, að það er nokkuð misjafnt, hversu mikill og skýr þessi afstöðumunur er, eftir því um hvaða mál eða málaflokk er að ræða.

EKKI VINSTRI STEFNA. EKKI HÆGRI STEFNA – HELDUR MIÐFLOKKSSTEFNA

Stefnur þær og flokkar þeir, sem framsóknarstefnan á í höggi við, hafa það sameiginlegt markmið, að koma því inn hjá fólki, að ekkert sé til í stjórnmalastefnum nema annað hvort hægri stefna eða vinstri stefna. Þessir andstæðingar reyna svo að kæfa framsóknarstefnuna þarna á milli – og láta eins og engin mörkuð miðflokksstefna sé til.

Þetta hefur reynzt Framsóknarflokknnum mjög hættulegt. Þess vegna þarf flokkurinn að verja af festu og öryggi miðflokksseinkenni sín. Hann þarf að halda vakandi í hugum manna skilningi á séreðli stefnu sinnar.

Vegna vanrækslunnar við að sérgreina eðli stefnunnar og verja miðflokks-hugtakið, hafa villzt inn í flokkinn menn, bæði frá hægri og vinstri, sem alls ekki eiga þar heima og hafa valdið flokknum miklu tjóni, komið af stað deilum, sem engan rétt áttu á sér innan stefnufasts miðflokks. Svo rammt hefur kveðið að þessu, að jafnvel hefur borið við, að einstakir menn eða smá hópar hafa reynt að gera flokkinn ýmist að sósíalískum flokki eða íhaldsflokki, sbr. Jón í Stóradal og félaga annars vegar og Möðruvallahreyfinguna hins vegar.

Þessi viðleitni hefur valdið glundroða, spillt stórlega fyrir flokknum og minnkað heillavænleg áhrif hans í þjóðlífinu. Þetta fyrirbrigði er eitt af því, sem sýnir, hversu ákaflega nauðsynlegt það er fyrir flokkinn að kynna rækilega grundvallaratriði stefnunnar. Ekki sízt til þess að stefnan fái sína réttu áhangendur, svo að þeir séu ekki að villast inn í hann.

SÉR STEFNUMÖRKUN Í EFTIRTÖLDUM MÁLAFLOKKUM

Ég tel að framsóknarstefnan (eða f-stefnan) marki skýra afstöðu í eftirgreindum málaflokkum, aðra afstöðu en hægri og vinstri flokkarnir hafa til þessara sömu málaflokka.

Þessir málaflokkar eru m.a.:

Efnahagsmál (almennt).

Landbúnaðarmál.

Sjávarútvegsmál.

Iðnaðarmál.

Samgöngumál.

Skólamál (í þrengri merkingu).

Menntamál (í víðari merkingu).

Verzlunarmál.

Tryggingamál.

Utanríkismál.

Skatta- og tollamál.

Heilbrigðismál – ellimál.

Umhverfismál.

Táknið, f-stefna, má lesa hvort sem vera skal sem „framsóknarstefna“ eða „farsældarstefna“, eftir því hvort menn fallast á að um sé að ræða „réttu“ framsóknarstefnu eða meira eða minna vafasamar hugmyndir höfundarins.

GRUNDVÖLLUR HUGMYNDAFRÆÐI

Nú mun í sem fæstum og einföldustum orðum leitast við að setja fram hinn hugmyndafræðilega grundvöll framsóknarstefnu, er hefur manngildisstefnu sem hugmyndafræðilega undirstöðu. Skal þá strax að því vikið, að á „frumgrunni“, ef svo má til orða taka, greinir stefnan sig ekki glögglega frá grunnstefnu ýmissa hægri flokka (t.d. Sjálfstæðisflokksins) né jafnaðarmannaflokka þeirra, sem afneitað hafa kommúnisma. Aftur á móti er strax á heimspekilegum frumgrunni skýr og mjög róttækur munur á stefnu hans og bæði kommúnista, sem byggja á hinni efnahagslegu söguskoðun (Marx og Engels), og á grunnstefnu fasista (nasista), sem teljast byggja á kenningum þýzkra heimspeklinga, s.s. Nietzsches, Hegels o.fl.

Sá heimspekilegi grunnur, sem framsóknarstefnan byggir á, er mjög gamall og hefur oft verið nefndur hedonismi. Í allra einfaldasta formi má setja þessa skoðunaraðferð fram þannig: Maðurinn veit lítið um uppruna sinn og tilgang með lífi sínu. Tvennt er þó ljóslega skráð í hina miklu biblíu náttúrunnar: Annað er það, að allar tilfinningu gæddar verur forðast þjáninguna, en sækjast eftir einhverskonar lífsnautn eða fullnægingu þarfa sinna, líkamlegra og/eða andlegra. Hitt atriðið er svo það, að manninum hefur gefizt hæfileikinn til að setja sig í annarra spor. Þar með hættir hann að vera dýr og er orðinn maður. En þar með (við það að hafa öðlazzt hæfileikann til að setja sig í annarra spor) hefur honum verið lögð sú skylda á herðar að gæta bróður síns, hjálpa meðbræðrum sínum.

Með því að gefa honum þennan hæfileika, hefur það ok verið lagt á herðar hans, að hann hljóti að berjast fyrir heill náunga sinna, sem eftir atvikum eru hans nánustu, vinnufélagar, sveitungar, þjóðlífsfélagar, eða allt mannkynið, og einnig hinn tilfinningum gæddi dýrheimur meðtalinn. Um það, hverjir eru hans náungar í þeirri merkingu, sem hér um ræðir, fer eftir aðstöðu hans og getu til að láta gott af sér leiða í þessari almennu merkingu.

Nú mun hvarfla að ýmsum sú spurning: Í hverju er þetta frábrugðið grundvallar-sjónarmiðum allra góðra manna?

Svörin eru:

1. Þetta er alveg samstiga, að niðurstöðu til, hluta af grundvallarkenningu kristindómsins og ýmissa annarra trúarbragða, en er þó frábrugðið að því leyti að grundvöllurinn er lagður eftir heimspekilegri leið, en ekki beinlínis trúarlegri. Hann er lagður samkvæmt biblíu náttúrunnar (og ákveðinnar heimspekiafstöðu), en ekki samkvæmt neinum ákveðnum trúarbrögðum. Stefnan er því fullkomlega frjálslynd í trúarefnum. – Þó aðeins svo lengi, sem trúarbrögðum er ekki beitt til þess að gera fólk óhamingjusamt, eða til að styðja að einhverskonar kúgun eða rangsleitni.
2. Eðlismunurinn er geysilegur á þessum skoðanagrundvelli og kommúnisma og fasisma, og er óþarft að fara frekar út í það á þessu stigi málsins.
3. En það er fyrst á síðari stigum, afleiddum af þessum sama grundvelli, sem framsóknarstefna, manngildisstefna, skilur sig frá stefnu jafnaðarmanna og íhaldsmanna. (Sjá skipurit.)

ANNAÐ STIG HEIMSPEKILEGRAR SKOÐUNAR- AÐFERÐAR (STIG NR. II.)

Áhangendur hins óhefta einkaframtaks (íhaldsflokka víða um heim) líta gjarnan þannig á málin, að sem allra mest athafnafrelsi sé öllum fyrir beztu. Með því nýtist kraftarnir bezt. Þeir sterku vinna að sínum hagsmunum, en vinna þá um leið að hagsmunum heildarinnar, segja þeir, með dugnaði sínum og framtaki, hagsýni sinni og athafnaorku. Og svo bæta auðhyggjumenn gjarnan við – og þar kemur skoðanamunur framsóknar og auðvaldsstefnu hvað skýrast í ljós: Sá sterki og hæfi á rétt á því að bera meira úr býtum, heldur en sá sem minni hæfni hefur til framtaks og atorku.

En samkvæmt framsóknarstefnu á sá sterki engan *siðferðilegan rétt* fram yfir þann veikari. Hitt er svo allt annað mál, að það getur verið hagkvæmt fyrir heildina að gefa þeim sterkari svo og svo mikið svigrúm, af því að það er að vissu marki rétt, að með því getur hann unnið að heill annarra um leið og hann vinnur að eigin hag, sbr. síðar. En grundvallar-munurinn er sá, að samkvæmt framsóknarstefnunni gefur hæfni hans honum engan *siðferðilegan rétt*. T.d. alls engan rétt til að fótum troða hagsmunum meðbræðra sinna. Mismunandi afstöður þessara tveggja skoðanahópa koma skýrar fram í dæmum síðar.

Afstaða hinna sönnu jafnaðarmanna er aftur á móti sú, að allir eigi að bera sem *jafnast* úr býtum – og er þeim það markmið í sjálfu sér. Jöfnuður út af fyrir sig er ekkert höfuð-markmið framsóknarstefnu, heldur hitt, að byggja upp það þjóðfélag, sem veitir flestum mesta heill og hamingju og sem fjölbreytilegust tækifæri. Í því skyni má *nýta* einkahagsmuna framtak.

Innan vissra marka, og í baráttunni fyrir sem almennastri hamingju, á viss jafnaðarmennska rétt á sér. En, vel skal muna að það er *ekki* af því, að jafnaðarmennskan sé neitt markmið í sjálfu

sér, heldur aðeins að svo miklu leyti og að því marki, sem hún þjónar lokamarkmiðinu, þ.e. sem mestri hamingju sem flestum til handa. Strax og jafnaðarmennska fer að virka til hindrunar á þetta lokamarkmið, eins og hún gerir alltaf, þegar henni er rangbeitt, þá er hún óæskileg frá sjónarmiði framsóknarstefnunnar.

MISMUNANDI SKOÐUNARHÆTTIR Á MANNVERUNNI, SEM VALDA MISMUNANDI STEFNUMÖRKUN

1. Auðhyggjustefnan viðurkennir að mennirnir eru ákaflega breytilegir og misjöfnum hæfileikum búnir. Þessi stefna telur, að miklir hæfileikar gefi misjafnan siðferðilegan rétt til lífsgæða og gætir því oft ekki sem skyldi hagsmuna þeirra veikari gagnvart þeim sterkari.
2. Framsóknarstefnan, manngildisstefnan, viðurkennir og hefur sem undirstöðuatriði hina ákaflega mikið breytilegu hæfileika, en eins og áður segir, telur hún mikla hæfileika engan siðrænan rétt veita. Framsóknarstefnan leggur sérstaka áherzlu á, að hinir breytilegu hæfileikar séu og eigi að hagnýtast sem hamingjuuppspretta fyrir mannkynið. Hún vill *rækta* fjölbreytnina, hagnýta breytileikann og mismunandi hæfnisstig sem flestum til heilla. Hún metur ekki meira frá siðrænu sjónarmiði þann sterkari heldur en þann veikari. En hún metur menn eftir þegnskap og fórnarlund í samræmi við markmiðið. Hún gerir ekkert úr því, þó einn beri talsvert meira úr bótum en annar, því slíkt getur hæglega þjónað heildarhagsmunum, en hún leggur alveg sérstaka áherzlu á, að vinna gegn því að einn eða fáir sterkir komist í aðstöðu til að hindra framgang hinna mörgu sterku, miðlungssterku, veikbyggðu o.s.frv. Jafnaðarstefnan aftur á móti – og þó reyndar einkum kommúnisminn – lítur svo á (hugmyndafræðilega)

að allir séu í rauninni jafnir. A.m.k. miklu jafnari en talið er samkvæmt öðru mati. Þeir telja að uppeldi og ytri áhrif skapi menn og umskapi – eða geti a.m.k. umskapað menn *mjög mikið*. Aðeins þurfi að búa mönnum það umhverfi, að allir verði sem jafnastir, og þeir leggja mikla áherzlu á það, sem þeir telja æðst réttlætismála, að allir beri sem jafnast úr býtum, ekki hvað sízt á sviði efnislegra gæða. (Önnur hefur þó orðið reyndin, þar sem þeir hafa komizt til valda.)

Frá sjónarmiði framsóknarstefnunnar verða þjóðfélögin, bæði þau sem lúta hægri stefnu og vinstri stefnu, að vissu leyti „lokuð“ fyrir hinn almenna mann. Í þjóðfélagi kommúnismans, þar sem ríki og byggðafélög hafa alla starfsemi með höndum – þar gefast lítil tækifæri fyrir framtaksmenn og hina endalaust breytilegu hæfileika manna til að fá notið sín. Ríkið ræður öllu. Allt þarf að sækja undir ríkið, nefndir þess og ráð.

Sama er að segja um háþróað þjóðfélag í auðvaldsátt. Þar eiga stóreignamenn og stórfyrirtæki flesta hluti og ráða í reynd allri starfsemi. Hinn almenni maður hefur því lítil tækifæri til annars en að þjóna á einhvern hátt þessum sterku aðilum.

Í framsóknar-þjóðfélaginu er þessu öðru vísi varið. Þar er sem minnst ríkisrekið, helst engir auðhringar né sérlega sterkir og voldugir auðmenn. Þar gefast því tækifæri til framtaks fyrir hinn almenna borgara, sem eitthvað vill og getur. Með því að koma í veg fyrir auðvald og framgang einstakra stórkapitalista, verður þjóðfélagið mannúðlegt og manngildið fær notið sín. Ekki aðeins manngildi þeirra manna, sem vilja fást við atvinnustarfsemi, heldur almennt skoðað, og verður vikið að þessu síðar, enda er hér um meginatriði að ræða.

AFSTAÐAN TIL EINSTAKRA MÁLAFLOKKA

Í framhaldi af því, sem áður er ritað, skal nú tekið fyrir að gera grein fyrir, hvernig hinn hugmyndafræðilegi grundvöllur markar afstöðuna til ýmissa af hinum einstöku málaflokkum.

LANDBÚNAÐUR

Framsóknarflokkurinn hefur á undanförnum áratugum haft mjög afgerandi áhrif á þróun landbúnaðarmála og starfað mjög trúverðugt og furðu nákvæmlega í samræmi við hugmyndafræði sína á þessu sviði. Áhrif hans þar hafa verið örlagarík. Hin afgerandi áhrif stefnunnar hafa verið þau, að hann hefur, t.d. með afurðasölulögunum, sem flokkurinn háði harða baráttu fyrir, varðveitt aðstöðu hins venjulega bónda til að vera fullgildur og ábyrgur þegn í þjóðfélaginu. Flokknum hefur með þessu *tekizt að varðveita stórt og umfangsmikið svið á þjóðlífsleikvellingum fyrir hinn ábyrga, sjálfstæða einstakling*. Aðra þjóðfélagsleikvelli þarf að varðveita á tilsvarendi hátt, sjá síðar. Það er þarflegt, að gera sér grein fyrir þessum mikilvæga sigri flokksins. Mönnum þarf að vera ljóst, að á sínum tíma var langt frá því, að öruggt væri, að þetta svið varðveittist.

Mér er t.d. kunnugt um, að uppi voru hugmyndir frá flokkunum bæði til hægri og vinstri um að skipa þessum málum á allt annan veg.

Ég hef séð teikningar af 2000 kúa fjósi og áætlanir um jarðakaup til að koma á fót stórbúi, reknu með stórkapitalísku sniði. Málið var þannig hugsað, að bændur og búalið áttu að gerast verkamenn á svona stórbúum, sem rekin yrðu með mjög fullkominni tækni. Það átti að gera bændastéttina, eins og hún er nú, óþarfa, að mestu leyti. Sósíalistar munu einnig hafa haft tilsvareandi áform um risastór ríkisbú, þar sem verkamenn ynnu á vöktum, en smábóndinn eða miðlungsbóndinn yrði óþarfur (sbr. það sem gerðist í Rússlandi, þar sem milljónir bænda voru drepnir fyrir að vilja ekki fara í ríkisbú og samyrkjubú).

Samvinna bænda á sviði verzlunar og á sviði tæknilegrar uppbyggingar hefur menntað og mannað stétt bændanna. Hefur orðið þeim skóli á sviði félagsmála og samhjálpar. Sú mönnun, sem stéttin hefur hlotið gegnum þessi margbreytilegu samtök *sjálfstæðra einstaklinga*, verður seint of metin fyrir þjóðlífið í heild. Á þessu sviði er stýrt eftir hugmyndafræði framsóknarstefnu, manngildisstefnu, og því auðvelt að halda fram sem horfir. Auðvitað koma sífellt upp ný og ný vandamál á þessu sviði sem öðrum, en síður mun villugjarnt hér en á flestum öðrum sviðum.

Eitt vandamál væri þó e.t.v. ekki úr vegi að nefna hér, sem dæmi um það, hvernig bregðast á við samkvæmt framsóknarstefnu.

Nú stendur svo á, að líklegt er að talsverður hluti landsins sé ofbeittur. Þetta veldur sauðfjárbændum skaða og ef mikið kveður að, getur það valdið bústofninum þjáningum. (En samkvæmt grundvallarkenningunni skal ætíð leitast við að útrýma þjáningum, hvort sem um er að ræða menn eða dýr.) Við þessum vanda væri mestur sómi fyrir bændur að snúast þannig, að þeir kæmu á *ítölu* hver í sínu byggðarlagi og framfylgdu reglum, sem þeir sjálfir settu af festu og manndómi, þannig að ríkisvaldið þyrfti sem minnst að grípa inn í, því samkvæmt stefnunni er alltaf betra að minni

samfélagsheildin hafi forystuna heldur en fulltrúar stærri heildar (í þessu falli ríkisvaldsins). Sú aðferð felur í sér þrjá kosti samkvæmt manngildisstefnu:

1. Dreifðara og persónulegra vald og ábyrgð.
2. Líkur fyrir meiri framkvæmda-nákvæmni.
3. Uppeldisáhrif á heimamenn með því að þeim veitist tækifæri til að æfa sig í skynsamlegri, félagslegri valdbeitingu.

SJÁVARÚTVEGSMÁL

Samkvæmt framsóknarstefnu væri æskilegast að fiskimiðin væru *hagnýtt af útvegsbændum*. Nánar tilgreint tákna þetta, að útvegsbændurnir ættu að vera sem flestir, en ekki örfáir mjög stórir. Stórrekstrarmennirnir mundu taka verksviðið af svo og svo mörgum einstaklingum, sem færir væru um að annast þetta þjóðlífsverkefni. Frekar, samkvæmt f-stefnu, 1000 smáútvegsbændur en til dæmis 30 stórútgerðarmenn, og/eða margar bæjarútgerðir. Þarna greinir framsóknarstefna sig mjög skýrlega frá stefnunum bæði til hægri og vinstri.

Ef það reynist rétt (sem höfundur þessara pistla dregur þó í efa) að nauðsynlegt sé að hafa eitthvað af útgerðinni í stórum rekstrareiningum, þá væri æskilegast að reksturinn yrði sem mest í höndum ábyrgra einkaeignar-aðila, sem hefðu hann með höndum á félagslegum grundvelli, annað hvort sem útgerðarsamvinnufélög (t.d. hlutarstöðufélög, sbr. ritgerð mína um það félagsform) eða sem hlutafélög í eigu sem flestra einkaaðila.

En ef stuðningur byggðafélaga þarf að koma til, þá sé hann sem minnstur og eignaraðild einstaklinga sem mest. Bezt er þá að einkaeignaraðildin verði sem mest af hálfu þeirra, sem að útgerðinni vinna, t.d. skipstjórnarmanna, háseta, þeirra sem annast um reksturinn í landi o.s.frv.

Ákveðið stefnuatriði ætti að vera, að einkaeignaraðild væri í meiri hluta. Stefnuatriðið er, að þetta verksvið drægist ekki úr höndum hinna persónulega ábyrgu aðila í hendur ópersónulegra aðila, þ.e. stórkapitalista, né heldur ríkisauðvalds eða byggðaaúðvalds. Aðeins í neyðartilvikum má grípa til byggðafjármagns.

Samkvæmt framsóknarstefnu verða þessi fyrirtæki, sem önnur, hagkvæmar rekin í höndum einkaaðila heldur en í höndum byggðavalds, ríkisauðvalds eða auðvalds stórkapitalista. En ef velja þarf milli eignaraðildar byggðar eða kaupfélags, þá þó frekar kaupfélags heldur en byggðar (hreppsfélags eða borgarfélags), vegna þess að eignaraðild kaupfélagsins verður þó venjulega persónubundnari og þar með ábyrgari en eignaraðild byggðar.

Rétt er að taka fram í þessu sambandi, að samkvæmt framsóknarstefnu tel ég að það sé ekkert höfuðatriði þó um nokkuð misstóra eignaraðila verði að ræða. Þeir mega gjarnan vera misstórir. Útvegsbóndinn má vera nokkuð stór eignaraðili í félagsútgerð, þannig að völd hans í félaginu séu mikil. En hvar eru þá takmörkin milli kapitalistans og stóra útvegsbóndans?

Þessu skal reynt að svara: Þegar einn maður er farinn að „eiga“ marga togara, marga báta, e.t.v. margar vinnslustöðvar o.s.frv. – og ef hann svo hefur fengið lán af almannafé (hjá banka-kerfinu – e.t.v. með ríkisábyrgðum), þá er þessi maður orðinn kapitalisti. Vegna hvers? Vegna þess að hann er farinn að leggja undir sig auðlindir, í þessu tilviki fiskimið, sem eðlilegt væri að miklu fleiri hefðu persónulega aðild að til hagnýtingar. Hann hefur lagt undir sig svið, sem, samkvæmt framsóknarstefnu, ætti að vera verksvið margra ábyrga aðila. Með þessu hefur hann fækkað í þeim hópi, sem gætu verið ábyrgir í rekstri þjóðarbúsins. Framsóknarstefna vill hafa sem *flesta* ábyrga, án smámunasemi um það hvort þeir eru talsvert misstórir. Maður, sem á eitt veiðiskip og er í félagsskap um

vinnsluna, starfar samkvæmt framsóknarstefnu. Sömuleiðis maður, sem er aðaleigandi eða stór meðeigandi í félagi, sem gerir út 2–3 skip eða lítinn togara. En maður, sem á 10 eða 20 skip, margar eigin vinnslustöðvar o.s.frv., er orðinn að kapitalista, sem gjalda verður varhuga við. Hjá öðrum þjóðum hafa það einmitt verið slíkir menn, sem hafa í mörgum tilvikum gengið í félagsskap við alþjóða auðvaldið, sem þannig hefur náð tökum á atvinnugreinum. Dæmi eru um þetta bæði frá Bretlandi, Þýskalandi, Noregi og víðar. Smáútvegsmennirnir, þ.e. hinir eiginlegu útvegsbændur, hafa nær aldrei gengið alþjóða auðhringunum á hönd. Bæjarútgerðirnar hafa oft reynzt taprekstrarfyrirtæki, spillingarbæli íhalds og krata. Vinnslustöðvarnar eiga að vera, annað hvort í einkaeign, t.d. smá hlutafélaga, eða reknar á samvinnugrundvelli útvegsbænda (Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum er jákvætt dæmi).

HÓFNÝTING FISKIMIÐA

(Ekki „laissez-faire“ – sjá síðar)

Miðin umhverfis landið eru eign allra Íslendinga sameiginlega. Því verður ekki á móti mælt. Þess vegna væri rétt að takmarka einskonar „ítölu“ á fiskimiðin. Ástæðulaust er, þegar Íslendingar hafa fengið fullan umráðarétt allra miðanna, að kosta til þess að hafa þar meiri skipakost en þörf er á, til hóflegrar nýtingar. Það er nýtingar án rányrkju. Ég hef áður gert grein fyrir þeirri skoðun minni, að 70–80 þúsund lesta floti muni hæfilega stór til að hófnýta miðin, miðað við nútíma tækni. Í framtíðinni mun því þurfa að skammta, takmarka, með einhverjum hætti aðgang að miðunum. Í framtíðinni tel ég að réttast væri að selja eða veita þennan rétt til sjálfstæðra útvegsbænda, hlutafélaga þeirra eða framleiðslusamvinnufélaga. Hér þarf að vera vel á verði gegn því, að auðvald, innlent eða erlent, einkaauðvald, ríkis- eða bæjaauðvald, hrifsi til sín útgerðarréttinn, e.t.v. rányrki

miðin. Komi svo og heimti útgerðarstyrki, eftir að þessir sömu aðilar hafa rányrkt. Útgerðarstyrkirnir – rányrkjustyrkirnir – yrðu lagðir á skattþegnana með einhverjum hætti. Svona þróun leiddi til óþarfrar lífshjaraskerðingar og óþarfrar áhættu í þjóðarbúskap, já raunverulega tapaðs tækifæris til að skapa þjóðinni efnahagslega sérstöðu, sbr. síðar.

Dæmi skal tekið:

Ef 1000 útvegsbændum víðsvegar um landið yrði veitt leyfi til að gera út 70 lesta skip að meðaltali, mundi það vera við hæfi. 1000 einstaklingum yrði gefinn kostur á að vera sjálfstæðir, ábyrgir þjóðfélagsþegnar. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, þó sumir gerðu út aðeins 15 lesta skip, en aðrir allt upp í 500 lesta skip, jafnvel 1000 lesta, (en þá yrðu fleiri að vera saman um eignaraðildina).

Íhaldsstefna á þessu sviði mundi leiða til ótakmarkaðrar stærðar útgerðarfélaga, sem mundu hlífðarlaust heimta réttindi til að rányrkja, og jafnvel vera til sölu fyrir útlenda þátttöku til enn frekari rányrkju.

Bæjarrekstur mundi líka verða erfiður í stjórnun, og ekki hika við hallarekstur.

Bæði formin tækju verksvið, sem kjörið er fyrir hina sjálfstæðu framsæknu einstaklinga.

Ef aðsóknin að miðum yrði takmörkuð með auðlindaskatti, þá eru næg verkefni fyrir þann sjóð, sem þannig myndaðist.

1. Hann mætti nota að hluta sem afla- og verðtryggingarsjóð.
2. Hann mætti nota til að létta af ofsköttun.
3. Hann mætti nota til að byggja upp nýjar greinar iðnaðar, sem yrðu samkeppnishæfar við erlendan iðnað, ef þær nytu verulegs stofnfjárstyrks, líkt og landbúnaður nýtur nú.

DÆMI UM STEFNU-FRÁVIK

Það óhapp henti fulltrúa Framsóknarflokksins á Alþingi nýlega, að flytja tillögu um togaraútgerð ríkisins.

Þetta er eitt af dæmum, sem sýnir hversu mikilsvert er að hafa framsóknarstefnuna sem greinilegast markaða. Ljóslega er þetta gagnstætt flokksstefnunni. Hvaða vit væri í því að fara að skattþína þegnana með taprekstrarútgerð ríkisins og láta þessa togara veiða fiskinn á miðunum frá útvegsbændum, sem eru tilbúnir að sinna verkefninu og gjalda sína skatta inn í samsjóði ríkis og bæja? Tillagan um ríkisútgerð togara hefði verið eðlilegra að kæmi frá sósíalistum.

INDÍÁNAGULLIÐ OG ÍSLENZKU FISKIMIÐIN

Um aldabil höfðu Spánverjar og Portúgalar mikil svæði í Suður-Ameríku sem nýlendur. Þeir arðrændu íbúana og drápu, en fluttu mikil auðæfi dýrra málma heim til landa sinna. Þessi auður gerði þeim fært að kaupa allar þær iðnaðarvörur, sem ráðandi stéttir þessara landa kærðu sig um frá öðrum löndum.

Með þessu varð þróun heimaiðnaðar vanrækt bæði hjá Spánverjum og Portúgölum. Kaup þeirra á iðnaðarvörum fyrir indíánagullið átti talsverðan þátt í að efla iðnað annarra þjóða, s.s. Hollendinga, og síðar Breta og Þjóðverja.

Svo þegar gullið þraut í nýlendunum stóðu þessar þjóðir uppi með vanþróaðan iðnað, ósamkeppnisfæran við iðnað Breta og Þjóðverja. Þetta hefur átt sinn þátt í að veikja efnalega stöðu þessara þjóða (þ.e. Spánverja og Portúgala) og halda niðri lífskjörum þar til langframa.

Þetta er rifjað upp hér, vegna þess að Íslendingar hafa farið svipað að á síðustu áratugum og eru þó e.t.v. að ganga enn lengra inn á þessa braut allra síðustu misserin.

Í þessari líkingu lítur dæmið þannig út, að nú er verið að framkvæma stórfellda rányrkju fiskimiðanna, en heimaíðnaðurinn hér er vanræktur. Þegar svo verður búið að tæma miðin, með því að siga allt of stórum flota á fiskitorfurnar, þá stöndum við uppi með taprekstrar-útgerð, sem hefði getað verið stórgróða-útgerð. Stöndum uppi með tæmd fiskimið, og iðnað, sem er skammt á veg kominn. Þetta stafar af því, að mikill hluti ráðamanna, m.a. alþingismanna, virðist vera á svipuðu stigi skammsýni eins og spánska aðalsstéttin, meðan hún var að sóa indíánagullinu frá Suður-Ameríku.

Þessi misserin er verið að veita stofnlán til rányrkju fiskimiða, lán til handa útgerðinni til þess samtímis að skemma fiskimiðin og eyðileggja framtíðar-rekstraraðstöðu sjálfrar sín. En það gæti verið stórgróði á þeirri útgerð, þar sem ekki væru nema 70 þús. veiðilestir í gangi. Sú útgerð þyldi auðlindaskatt og hefði þó glæsilega afkomu, en 120 þús. lesta floti hlýtur að verða rekinn með tapi (styrkjum?) – og leggur framtíð fiskimiða í hættu vegna ofnýtingar.

Þetta liggur í augum uppi.

Íhaldsráðið er (það spænska) „laissez-faire“-stefna, = „frímarkaðsstefna“, þ.e. frelsi til að láta fara sem fara vill. (Ricardo, sjá síðar.)

Rétt framsóknarstefna væri að beita viðeigandi höftum gegn rangnýtingu. Beita skipulagsaðgerðum og áætlunarbúskap, með heildar hag fyrir augum, einmitt í þágu þjóðhagslega hagkvæms einkaframtaks.

ÍÐNAÐARMÁL

Iðnaður á Íslandi hefur lengi verið hornreka hjá ráðamönnum. Lán til hans hafa verið stórum torfengnari en til annarrar starfsemi.

Þó vinnur nú fleira fólk að ýmiskonar iðnaði, en að nokkurri annarri atvinnugrein.

Engin þjóð, sem vill búa við sæmileg lífskjör, má vanrækja iðnað sinn. Iðnaðarþróun er í flestum tilvikum mælikvarði á efnahagslega stöðu hverrar þjóðar.

Iðnaður þarf að byggjast upp með langtíma sjónarmið fyrir augum.

Iðnaður er eins og skógur, sem lengi er að vaxa en aftur á móti er fljótlegt að fella skóginn eða eyðileggja með öðrum hætti. En eins og skógurinn bindur jarðvegin og jarðrakann og er til skjóls fyrir annan gróður, á sama hátt hlýnnir iðnaðurinn að almennri velmegun, skapar jafnvægi í þjóðarbúskap, fjölbreytilegt verkefnaval, öryggi í efnahagslífi og verkmenningu og þá um leið almennri menningu. Og iðnaðurinn gæti auðveldlega tekið við öllu því vinnuafli, sem við bætist á hverjum tíma, ef honum væri sómi sýndur.

Eins og áður er að vikið, er það eitt af grundvallaratriðum framsóknarstefnu, að hafa í þjóðfélaginu sem fjölbreyttast úrval viðfangsefna. Tækifæri til þessa gefur fjölbreytilegur smáiðnaður öðrum atvinnuvegum fremur. M.a. þess vegna er uppbygging hans stefnuatriði.

Hér kemur að einu dæminu, sem skilur framsóknarstefnu frá stefnu annarra flokka. Íhaldsflokkur mundi sennilega telja, að engu máli skipti hvaða iðnaður næði þroska. Sá flokkur mundi setja arðgjöf fjármagnsins í hásætið. Allt undir því komið að starfsemi gefi sem mestan arð. Og til viðbótar má svo greina frá þeirri kenningu, sem tröllriðið hefur allri hugmyndafræði um iðnað á undanförunum árum. Þetta er sú hugmynd, að einungis stór fyrirtæki geti borgað sig, þ.e. verið þjóðhagslega hagkvæm.

AUÐHRINGAHAGFRÆÐI HEFUR TRÖLLRÍÐIÐ HAGFRÆÐIKENNSLUNNI

Þetta er mikil villukenning, sem á þó ofurlitla stoð í ákveðinni reynslu á afmörkuðum sviðum. Auðhringahagfræðin er að nokkru byggð á ákveðinni reynslu, en fyrst og fremst er hún studd – með nokkurri leynd – af auðhringum Ameríku og Vestur-Evrópu. En hagsmunir þeirra eru mjög samtvinnnaðir.

Aðal-inntak auðhringahagfræðinnar er þetta:

Það á að leggja allt kapp á að *framleiða* hverja vöru sem ódýrast og sem bezt. Og það á að framleiða hverja vöru á þeim stað og í því landi, þar sem tekst að framleiða hana með sem minnstum tilkostnaði. Síðan á helzt allur heimurinn að vera eitt markaðssvæði. Og það verður hagkvæmast fyrir neytendur að þannig sé að farið. (Þetta segja leigu-, fræðimenn“ auðhringanna.)

Þessi hagfræðikenning hefur verið kennd í flestum skólum (háskólum og víðar) um gjörvöll Bandaríkin og Vestur-Evrópu. Og lítið hefur kveðið að mótmælum. Hvort tveggja er, að kenningin lítur vel út á yfirborðinu, hefur í sér ákveðið sannleikskorn og hefur verið studd með óhemju fjármagni, sem komið er beint frá þessum sömu auðhringum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í því að kenningin verði sem föstust í sessi.

Fjármagnsausturinn til útbreiðslu þessara kenninga verður bezt skilinn, ef haft er í huga, að flestir háskólar Bandaríkjanna eru reknir fyrir fé auðhringa. Sama er og um háskólarekstur í Vestur-Evrópu að verulegu leyti. Í Sviss eru svo stöðvar, sem annast um útbreiðslu kenninganna með leynilegum aðferðum.

Ein af aðferðunum er sú, að bækur og greinar, sem styðja auðhringakenningarnar, verði sem útbreiddastar. Höfundar þeirra fá heiðurslaun og nafnbætur, prófessorastöður o.s.frv. En þeir, sem kynnu að andæfa, verða ekki hátt skrifaðir.

Ég er ekki í minnsta vafa um, að sköpun bæði EFTA og EBE eru verk auðhringa að verulegu leyti.

Með sköpun þessara stóru markaðsheilda hafa auðhringarnir skapað sér leikvöll, athafnasvæði. Og með þessu tekst þeim að brjóta niður verulegan hluta af smærri iðnaði hinna einstöku þjóða. Auðhringarnir drepa svo til allan sjálfstæðan þjóðlegan framleiðsluiðnað allra þjóða, ef þeim tekst að halda fram sem nú horfir. Aðeins allra smæsti handverksiðnaður og þjónustuiðnaður verður eftir skilinn fyrir þegna hinna einstöku þjóða, ef auðhringum verður látið haldast uppi að koma fram fyrirætlunum sínum.

Sannleikskornið í auðhringakenningunum er, að vissar greinar framleiðslu eru þess eðlis, að þær verða aðeins framkvæmdar í stórum framleiðslusamstæðum.

Og með hliðsjón af þessu sannleikskorni hafa svo auðhringarnir reynt að telja fólki trú um að yfirleitt allt þyrfti að framkvæma með stórrekstri, ef vel ætti að vera.

Það rétta er, að aðeins fátt eitt þarf að framleiða með stórrekstri og þær framleiðslugreinar ættu að vera í eigu ríkjanna í félagi við sem flesta einstaklinga, þ.e. þjóðlegra almenningshlutafélaga, en sem minnst í eigu alþjóða auðmagnsins.

Samkvæmt framsóknarstefnu á að halda sem flestum framleiðslubáttum í höndum smárra einkaaðila og ekki skal horfa í það, þó sjálf framleiðsluvaran verði eitthvað örlítið dýrari í þeirra höndum en í höndum stórrekstrarmanna.

Tökum dæmi:

Nú er ákveðinn auðhringur að búa sig í að takast á hendur stórframleiðslu á allskonar húsgögnum. Til að byrja með, e.t.v. tvö til fjögur ár, er hann við því búinn að tapa morð fjár á rekstrinum. En þegar hann er búinn að ryðja burt nær öllum smá framleiðendum í þessari grein, þá ætlar hann að hækka verðið og taka inn margfalt

það, sem hann lét út.

Svar þjóðanna við þessu er, að vernda þjóðlegan húsgagnaiðnað hver hjá sér, (svo sem allan annan tilsvarendi iðnað). Hver þjóð á að rækta sína sérstöku fjölbreytni í gerð húsgagna og það sem mest er um vert: halda þessu svipi opnu fyrir hina mörgu smáframleiðendur í greininni og halda þessari atvinnugrein innan síns efnahagslífs, því til eflingar efnahagslega og menningarlega. Hverri framleiðslugrein er tengd meiri og minni verkleg menning og tæknileg fjölbreytni, sem skaði er að falli niður úr efnahagslífi hverrar þjóðar.

Þetta var aðeins eitt dæmi, en þannig mætti telja upp verksviðin nær því endalaust. Stefnumið manngildisstefnu er: Sem flestir smáir, en misstórir iðnrekendur, en hvorki auðhringar né ríkisrekstur.

Það á að *rækta* upp iðnað með þjóðum. Íslenzku þjóðinni er alveg sérstök þörf á þessu vegna þess, að iðnaðurinn hefur verið vanræktur af bankavaldi og stjórnvöldum.

Nú skal aðeins nánar vikið að afstöðu banka og ríkisvalds til iðnaðarins. Landbúnaður og sjávarútvegur fá stofnlán til 20 ára, og er það vel. En ekki síður, heldur jafnvel fremur, ætti iðnaðurinn, einkum smá framleiðsluiðnaður að fá hagstæð lán, og innanlandsmarkaður hans að vera verndaður að einhverju marki, þó það þyrfti ekki endilega að vera í jafn ríkum mæli og t.d. innlendur kjötmarkaður landbúnaðarins.

Rök fyrir þessu eru:

1. Iðnaðurinn ætti að byggjast upp, og þarf að byggjast upp, til að auka á fjölbreytnina og öryggi í efnahagslífinu og atvinnutækifærum.
2. Ekki er hætt á að hann skemmi landið með ofbeit eða ofnýtingu.
3. Ekki er hann líklegur til að rányrkja nein fiskimið.
4. Hann veitir í mörgu falli atvinnutækifæri – starfsfólki, hvers vinnuafl nýttist annars ekki og yrði bæði sjálfu sér og þjóðarbúinu til byrði.

5. Hann veitir tækifæri þeim sköpunarmætti, sem býr í þjóðinni. Hann getur því verið mikilsvert afl til að hagnýta marga beztu starfskrafta þjóðarinnar sem e.t.v. annars nytu sín ekki, (nema með því að hverfa úr landi). – *Fjölbreytileg iðnaðaruppbygging gæti því orðið mikil vernd gegn gáfna-flóttu þeim, sem ætíð vofir yfir lítt iðnvæddum þjóðum* (Írland, Nýfundnaland, Indland o.s.frv.)

LANDHELGI FYRIR IÐNAÐINN

Aldrei hefur góður iðnaður þróast með neinni þjóð, án þess hann nyti verndar lengi í byrjun. Það er jafnvel ekkert við það að athuga, þótt iðnaður njóti viðvarandi verndar.

Smám saman er nú að koma betur og betur í ljós, að það að framleiða einhverja vöru ódýrt og vel – er ekki nóg. Það þarf líka að selja hana.

Hinn gífurlegi sölukostnaður auðhringanna, svo sem auglýsingar og gerviþarfasköpun, ásamt ofsagróða á stundum, veldur því að neytandinn verður að greiða hátt verð fyrir vöruna. Oft hærri en ef varan hefði verið framleidd í hans heimabyggð, jafnvel þótt sjálfur *framleiðslukostnaðurinn* væri hærri í heimabyggðinni, því framleiðslukostnaður + sölukostnaður verður lægri í heild, þegar um heimaíðnað er að ræða.

Dæmi:

Húðáburður „Smithsonar-barnsins“ er samsull, sem hver smáverksmiðja hvar sem er í heiminum getur framleitt nákvæmlega jafnvel og framleiðandi Smithsonar-áburðarins.

Og auðvitað batnar engin vara við að flytja hana á milli landa.

Því þá ekki að leggja hæfilegan toll á innflutning „Smithsonar-áburðar“ og gefa innlendum framleiðendum færi á að selja svona hræring, ef menn kæra sig um að nota hann?

Fyrir nokkru voru 15 sápu- og efnaverksmiðjur í Noregi. Eftir EFTA dóu þær og þessi iðngrein komst í hendur svissnesk-amerísk auðhrings.

Annað dæmi:

Eftir að EFTA-samþykktin gekk í gildi, fóru sænskir dúkaframleiðendur að hamast við að senda sölumenn til Noregs og Danmerkur til að selja vörur sínar þar, en norskir lögðu samtímis í óhemju kostnað við að æða á bifreiðum um gjörvalla Svíþjóð í sama skyni. Jú, EFTA gat sýnt skýrslur um aukinn útflutning landanna, en hvaða gildi hafði það? Handklæðin bötnuðu ekki við að flytjast yfir landamærin. En niðurstaðan varð, að framleiðslan í heild varð einhæfari og sömu vörur fengust í öllum þrem löndunum. Mörg smá fyrirtæki urðu gjaldþrota. Enski auðhringurinn Cortoulds gín nú yfir valnum. Ótal svipuð dæmi eru til.

Samkvæmt framsóknarstefnu á að leggja áherzlu á stuðning við sem fjölbreytilegastan smá iðnað, í eigu einstaklinga og smá félaga. Það á að vernda þennan leikvöll. Halda honum fyrir einkaframtak smáframleiðenda. Vernda sviðið gegn ágangi stórkapitalismans og ríkisrekstrarins.

HÆFT IÐNAÐARFÓLK – FÆKKUN FISKIMANNA

Íslendingar eru sérlega vel fallnir til iðnaðarstarfa. Þjóðhagasmiðir og margvíslegir hagleiksmenn hafa ætíð verið fjölmennir með þjóðinni.

Hagleikur og verk hæfni er mesti þjóðarauður Íslendinga. Það er því hin mesta óhæfa að misnota þennan þjóðarauð. Sú misnotkun er m.a. framkvæmd með því að hafa of stóran hluta þjóðarinnar bundinn við smölun á sækindum úr heimahögunum, þ.e. af fiskimiðum umhverfis landið. Líklega um 95% af þeim fiski, sem veiðist við Ísland, er heimahagafiskur. Ef bátur A veiðir hann ekki

í dag, þá veiðir bátur B hann á morgun. Með bættri veiðitækni geta sífellt færri annað því, að smala miðin í eins ríkum mæli og óhætt er til að forðast ofveiði.

Milli 2 og 3 þúsund manna hópur, svolítið misstór eftir árstíðum, tel ég að gæti annazt smölunina svo fullnægjandi væri.

Af ásettu ráði nota ég orðið „smölun“, til þess að hugfesta mönnum, að staðan hefur breyzt þannig, m.a. við landhelgina, að ekki er lengur um venjulega veiðimennsku að ræða, heldur er verið að sækja þann fisk, sem er sameign þjóðarinnar, og fer ekki burtu, þangað sem aðrar þjóðir gætu náð honum frá okkur.

Undantekning frá þessari reglu er að einhverju leyti ufsinn, sem er flökkufiskur, svo og kolmunni. En þessar tvær fiskitegundir eru ekki og geta aldrei orðið nema örsmár hundraðshluti í heildarveiðinni. En þegar góðar veiðihorfur eru á þessum tegundum, má leggja aukna áherzlu á þær og hvíla hinar tegundirnar á meðan.

Þessum markmiðum mætti t.d. ná með því að hafa ekkert veiðigjald af þessum tegundum, eftir að annars yrði farið að takmarka sókn á fiskimiðin með auðlindaskatti.

SAMGÖNGUMÁL

Á sviði samgöngumála er þörf glöggrar stefnumótunar, því á þessu sviði hefur stefnan verið ofurlítið reikul. Engar ásakanir skulu fram bornar um að hún hafi verið beinlínis röng af hálfu Framsóknarflokksins.

En stefnumótunin á hér, sem endranær, að vera sú, að þessu verksviði verði haldið sem mest opnu fyrir marga sjálfstæða einstaklinga.

Sjálfsagteraðstyðjaaðheilbrigðistarfsemi einkabifreiðastjóranna, sem reka eigin bíla til þjónustu í þéttbýlinu. Starfsemi þeirra er í nákvæmu samræmi við framsóknarstefnu.

Ef til þess kæmi, að einhver risaði í þessari grein ógnaði starfsemi stéttarinnar, þá væri ástæða til stjórnmálalegs inngríps. En þó að rekin sé ein eða tvær smástöðvar, þar sem eigandinn rekur fáeinar bifreiðar, er það ekki athugavert, heldur aðeins fjölbreytni og getur því vel rúmast innan ramma stefnunnar (Steindór).

Fólksflutninga á langleiðum skal hafa í einkarekstri, einstaklinga eða félaga. Sömuleiðis vöruflutninga. Veita skal sérleyfi til hæfilegs tíma og veita fyrirgreiðslu af opinberri hálfu (Umferðarmiðstöð). Sama hátt skal sem mest hafa á flugsamgöngum, og, að öðru jöfnu, styrkja stöðu þeirra smáu gegn þeim stóru, til að halda atvinnusviðinu opnu fyrir smáeinkaframtakið.

Sjóflutninga skal hafa sem mest í höndum smærri félaga, sem gjarnan geta notið hæfilegra styrkja, ef aðstæður krefja. Skipaútgerð ríkisins á að takmarka við brýnustu nauðsyn á að halda uppi samgöngum. Rétt verksvið Skipaútgerðar ríkisins væri að taka að sér landhelgisgæzluna og rekstur rannsóknarskipa.

Yfirleitt er allur ríkisrekstur stórgallaður. Hinsvegar skal því ekki neitað, að nokkrir kostir þess rekstrarforms koma helst í ljós, ef verkefnið er stórt í sniðum og yfirgrípsmikið. Líka ef einkaeignarhald leiðir til einokunaraðstöðu. (Orkudreifing, póstur, sími, vegir, hafnir.)

REKSTUR STRÆTISVAGNA

Samgöngur innan bæja og borga eru nú víða reknar af opinberri hálfu og jafnan með miklum halla. Það rétta væri að „leigja út“ þessa starfsemi til einstaklinga eða félaga þeirra. Semja um ákveðna þjónustu fyrir ákveðið gjald, og veita styrki eftir því sem sanngjarnt og nauðsynlegt er. Þjónustan yrði vafalaust betri með þessum hætti og stórum ódýrari fyrir skattþegna og neytendur. Ýmis dæmi eru um að rekstur sem þessi fer að skila arði, eftir að hann kemst í

hendur einkaaðila, og þjónustan vex og batnar, þó á honum hafi verið stórfellt tap í höndum opinberra aðila.

VEGAGERÐ, BRÚAGERÐ, HAFNAGERÐ

Vegagerð, brúagerð og hafnagerð er nú öll í höndum hins opinbera, og varla verður unnt, né ástæða til, að hrófla við því.

Aftur á móti er fullkomin ástæða til að hafa vel hugfast, hvernig framkvæmdum er háttað, þ.e. hvernig að þeim er staðið.

Samkvæmt framsóknarstefnu tel ég að sem allra minnst af beinum framkvæmdum eigi að vera í höndum hins opinbera, nema sem útboðsaðila og frumhönnunaraðila. Sem allra flest verk á að bjóða út og bæir og ríki eiga að *leggja stund á að rækta upp* heilbrigða verktakastarfsemi. Þetta á við bæði um hönnunaraðila og sjálfa verkframkvæmdaraðilana.

Og það á ekki að hika við að skipta fremur við íslenzka aðila en erlenda, þó að einhverju kunni að muna á verði. Auðvitað verður að gera sanngjarnar kröfur til íslenzku verktakanna og halda opnum þeim möguleika að skipta við erlenda, ef hinir íslenzku tækju upp á einhverjum misbeitingum á aðstöðu.

En hér sem fyrr skal hafa í huga, að leitast við að haga sundurliðun verkefna þannig, að svigrúm gefist bæði fyrir mjög lítil fyrirtæki og nokkru stærri fyrirtæki.

En „ræktunin“ á m.a. að vera í því fólgin, að dreifa verkefnum þannig milli ára og tímabila, eftir því sem við verður komið, að ætíð verði fyrir hendi verkefni fyrir hóflegan hóp verktaka. Leitast skal við að komast hjá stórfelldum sveiflum á verkefnum milli ára eða tímabila.

Verktakastéttin er þjóðinni nauðsynleg og á því rétt á hóflegri tillitssemi eins og aðrar stéttir. Enda hagsmunamál almennings að hún sé ætíð átakafær.

Hér er kjörið verkefni fyrir framsóknarstefnu, að styðja innlendan einkarekstur „verktökubænda“, gegn ríkisrekstri sósíalista og gegn „eðlislægri“ þjónkunartilhneigingu íhaldsstefnu við erlenda auðhringa.

VERZLUNARMÁL

Lengi vel framan af ævi Framsóknarflokksins var samvinnuhreyfingin í hugum margra að miklu leyti það sama og framsóknarstefna. Og vel að merkja: þá var einkum átt við kaupfélagsskapinn og starfsemi S.Í.S.

Ekki skal úr því dregið, hversu yfirgripsmikla þýðingu kaupfélagsskapurinn hefur haft fyrir þjóðina í heild og fyrir framsóknarstefnu. Starfsemi kaupfélaganna hefur líka, (svo að segja algjörlega, sbr. þó síðar), verið í nákvæmu samræmi við framsóknarstefnu. Þessi samvinna á verzlunarsviðinu hefur stutt og tryggt lífsaðstöðu fleiri sjálfstæðra einstaklinga meira og betur en nokkur önnur hreyfing í landinu. Hér þarf þó glöggrar skilgreiningar við:

Kaupfélagsskapurinn, þó mikilsverður sé, er ekki það sama og framsóknarstefna – fremur en til dæmis bókstafirnir a og b eru allt stafrófið. *Samvinnan um verzlunina er aðeins hluti af framsóknarstefnu, að sínu leyti eins og a og b eru hluti af stafrófinu.*

Framsóknarstefna hefur sína ákveðnu afstöðu til allra sviða mannlegs lífs, svo að segja, og greinir sig þannig frá stefnu annarra flokka á nálega öllum sviðum þjóðlífsins. Eitt meginerindi þessa ritverks er einmitt að sýna fram á þetta. Og þetta er endurtekið hér vegna þess, að langt fram eftir árum var það oft látið duga sem greinargerð um stefnu Framsóknarflokksins, „að hann væri flokkur samvinnumanna“. Og hefur það lengi verið skoðun mín, að þessi „skilgreining“ hafi dregið mjög úr því, að flokkurinn öðlaðist það

fylgi með þjóðinni, sem honum bar.

En víkjum nánar að framsóknarstefnu í verzlunarmálum:

Sjálfsgættistefnumál eru að styðja að vexti og viðgangi kaupfélaganna, einkum þó í dreifbýlinu, því eðli málsins samkvæmt er þeirra mest þörf þar, enda hafa þau komið þar að beztum notum. Einnig í þéttbýli er þörf kaupfélaga, en sá er munur á, að megingiltangur þeirra þar er að vera nokkurs konar verðlagseftirlits-stofnanir og þá um leið einskonar mælikvarði á það, hvað háa álagningu er eðlilegt að leyfa meðan verðlagstakmarkanir eru við lýði.

Ekki er ástæða til að vanmeta þessa þætti, en framsóknarstefna vill engin sérréttindi til handa samvinnuverzluninni, enda þess engin þörf.

En smátt og smátt er nú orðið ljósara en áður, að verzlun er í eðli sínu hluti af framleiðslustarfsemi, eða öllu heldur óhjákvæmilegt framhald hennar. Því ekki koma að notum þær vörur, sem framleiddar eru, án þess þær komist til neytenda með hæfilega skjótum hætti. Með því að viðurkenna þannig hugmyndafræðilega starfssvið verzlunarinnar, liggur í augum uppi, að hvaða borgari sem er, getur helgað sig því nytjastarfi sem annast dreifingu vara og á rétt á fyllstu virðingu samborgara sinna á sama hátt og aðrir borgarar sem vinna nytjastörf. Það er með öllu úrelt hugsun, að kaupmaðurinn sé vondur maðurinn, sem sé að reyna að græða á öðrum. Starf kaupmannsins er nákvæmlega jafn virðingarvert og nauðsynlegt eins og t.d. starf verkamanns, handverksmanns, bónda, sjómanns, rannsóknarmanns eða hvers annars.

Framsóknarstefnu ber því að styðja starfsemi kaupsýslumanna, það er að segja, þegar þeir koma ekki fram sem auðhringar eða eitthvert drottandi afl, sem leitar einokunarstöðu eða yfirdrottunar.

Smásalinn eða smáheildsalinn vinnur alveg tilsvareandi starf eins og aðrir borgarar. Það væri fjarstæða, og algjörlega úrelt sjónarmið,

ef framsóknarstefna vildi ekki halda þessu mikilsverða starfssviði *þjóðlífsakursins einmitt í höndum margra sjálfstæðra einstaklinga*. Til þess er verksviðið alveg kjörið. Kaupmaðurinn á rétt á að fá að starfa við hlið samvinnuverzlunar og í eðlilegri samkeppni við hana og njóta fyllstu virðingar.

Ennú munu ýmsir spyrja: Hvernig má það vera að framsóknarstefna styðji bæði kaupfélagsverzlun og kaupmannaverzlun? Jú, þannig er þessu einmitt varið. Hvorttveggja formið er nauðsynlegt.

En hvar greinir þá framsóknarstefna sig frá stefnum til hægri og vinstri í þessu efni? Jú, það er á þann hátt, að íhaldið er yfirleitt (eða hefur a.m.k. oft verið) á móti kaupfélagsskapnum, þó það hafi stundum reynt að stæla hann og stela aðferðinni þannig frá framsókn, en sósíalistar vilja yfirleitt færa svo og svo mikið af verzlunarstarfsemi yfir í hendur ríkisvaldsins, en framsóknarstefna stendur gegn því. Hún vill hafa verzlunina í höndum kaupfélaga og samtaka kaupfélaga (sambandsins), og í höndum smákaupmanna. Og í þeirri skilgreiningu, sem hér er látin gilda, eru nær allir íslenzkir kaupmenn smákaupmenn. (Svonefndir „stórkaupmenn“ falla hér undir skilgreininguna smáheildsalar.)

Það eru aðeins örfáir stórheildsalar í Reykjavík, sem hafa náð undir sig svo stórum hluta af verzlunarstarfsemi að það geti talizt andstætt framsóknarstefnu. Þetta atriði með smákaupmennina er sérstakrar athygli vert fyrir bændur í dreifbýli.

Óhjákvæmilega fækkar bændum *hlutfallslega* (ekki að fjölda til) á næstu áratugum. Bændur eru smáeinkarekstrarmenn. Eina leiðin fyrir þá til að styrkja valdahlutfall sitt í þjóðfélaginu sem heild, *er að eignast bandamenn í þéttbýlinu*. Hagsmunamál bræðra þeirra, smáeinkarekstrarmannanna þar, er því beint hagsmunamál þeirra. Þeim er nauðsyn á þeim til samstöðu við sig. Þess vegna er það hagsmunamál bænda að verksvæði allra smá-einkarekstraraðila

í þéttbýlinu verði varðveitt, þar á meðal smákaupmanna, smáiðnrekenda, bílstjóra, verktaka, verkstæðaeigenda o.s.frv. – Bændur dreifbýlisins þurfa að eiga sér bandamenn í þéttbýlinu. Sú er bezt sameiginleg vörn þessara aðila gegn auðvaldi, sósíalisma og mengun, þar í talin ofnýting fiskimiða og umhverfisspillandi auðhringastórrekstur á hvaða sviði sem er.

VERKSMÍÐJUREKSTUR S.Í.S. OG KAUPFÉLAGA, OG SKIPAREKSTURINN

Heildverzlun kaupfélaganna var stofnuð 1902, og heitir Samband íslenzkra samvinnufélaga.

„Samband kaupfélaganna“ hefði verið nákvæmara réttnefni, því þessi félagssamtök eru ekki samband allra samvinnufélaga í landinu og var aldrei ætlað að vera það. En sleppum því.

Ekkert er eðlilegra, en að svo umfangsmikil verzlunarsamtök eins og kaupfélög landsins hafi með sér samtök um innkaup á vörum sínum – og um afurðasöluna, sem er ekki síður mikilvægur þáttur í starfsemi samtakanna. Það var því heldur ekki nema eðlilegt, að þessi miklu samtök önnuðust sjálf flutninga að og frá landinu fyrir samtökin, hér á ég við skipadeild S.Í.S. Ennfremur var samtökunum nauðsynlegt að taka til fullvinnslu ýmsar af framleiðsluvörum bænda til sjós og lands og er allt þetta í fyllsta samræmi við framsóknarstefnu. Iðnaður S.Í.S. (og KEA) er nú einhver myndarlegasti iðnrekstur í landinu og kaupfélagssamtökunum til mikils sóma og þjóðinni til margháttaðrar nytsemi. Skipaútgerð S.Í.S. hefur líka gegnt mikilvægu hlutverki til að veita samkeppni í flutningum að og frá landinu, og kem ég að því síðar.

FRÁVIK. SAMVINNUÍHALD EÐA SAMVINNUSÓSÍALISMI*)

Til þess að leitast við að gera sem gleggsta grein fyrir framsóknarstefnu í verzlunarmálum, skal hér dregið á atriði, þar sem S.Í.S. hefur lítilla hvarflað frá hinni eiginlegu framsóknarstefnu. Farið út fyrir hana.

Þegar samtök, eins og S.Í.S., eða einstaka stórt kaupfélag, fara að taka að sér verkefni, sem einstaklingar geta hæglega haft með höndum og taka þannig verkefni frá einstaklingunum (smábændum á hvaða sviði sem er), þá er starfsemin í reynd farin út fyrir verksvið sitt. Í stað þess að verja einstaklingana og hjálpa þeim, er þá farið að vinna gegn þeim með því að taka af þeim verksvið. Þetta á við þegar t.d. S.Í.S. fer að annast bókaútgáfu, smásöluverzlun, sem venjulegir smásalar gætu alveg eins sinnt í þéttbýlinu, eins og til dæmis í Reykjavík og Hafnarfirði o.s.frv. Það kvað talsvert að þesskonar starfsemi um tíma, en stjórnendur S.Í.S. hafa á seinni árum mjög dregið úr þessum framkvæmdaþætti.

Auðvitað er S.Í.S. heimilt, bæði siðferðilega og lagalega, að gera slíkt, en ef það gerir það, og að svo miklu leyti sem það gerir það, þá er það ekki í samræmi við framsóknarstefnu, því í henni felst að halda öllum verkefnum í höndum smá einkaaðila, sem þeir eru með góðu móti færir um að framkvæma. Sama hvaða verksvið þjónustu eða framleiðslu er um að ræða.

Til eru menn (eða þeir hafa a.m.k. verið til til skamms tíma), sem líta þannig á, að aðeins ef samvinnuhreyfingin tekur eitthvað að sér, (t.d. verzlun eða smáiðnað, sem einstaklingar geta vel annazt), þá sé það í samræmi við hugsjón framsóknarstefnu. Þetta telur höfundur rangt. Þessa menn mætti kalla samvinnuíhaldsmenn

*) Sósíalismi er hér notað um ópersónulegt eignarhald og rekstur.

eða samvinnusósíalista, og er hvortveggja nafngiftin sett hér fram í niðrandi merkingu. Öll starfsemi á að vera eins persónuleg, eins nátengd framtaki sjálfs einstaklingsins, og verða má.

Alveg eins og bóndinn hlyti að líta á það sem ógnun við sig ef KEA eða S.Í.S. færu að kaupa upp jarðir og reka búskap og taka þannig verksvið af bændum, á sama hátt hlýtur smákaupmaðurinn eða kaupfélagið að líta það illu auga, þegar fjármagn slíkra samtaka er notað til þjóðhagslega óþarfrar samkeppni við hann.

Ef S.Í.S. og kaupfélagin vilja halda sér hreinum af íhaldsstarfsemi eða sósíalisma, ættu þau að forðast að taka sér fyrir hendur verkefni, sem einstaklingar geta vel annazt. Þau hafa næg önnur verksvið. Verksvið þar sem þau geta stutt starfsemi einstaklinganna, í stað þess að taka frá þeim verksvið.

Með sem hreinlegastri afstöðu í þessu efni mundi samvinnuhreyfingin stórbæta stöðu framsóknarstefnunnar í landinu og þar með um leið styrkja stöðu sína í þjóðlífinu, því flokkurinn gæti þá enn meir heils hugar stutt starfsemi S.Í.S. – (sem hann reyndar gerir nú fullkomlega).

Framsóknarstefnunni, fylginu við hana, mundi mjög vaxa fiskur um hrygg við sem hreinlegasta afstöðu í þessu efni – því eðli málsins samkvæmt ættu smásölukaupmenn og smærri heildsalar að eiga heima undir merki framsóknarstefnu. Sennilega er aðalástæðan fyrir því, að þessir aðilar fylkja sér ekki almennt undir merki f-stefnu, viss tegund af stéttvillu.

*Sósíalismi er hér notað um ópersónulegt eignarhald og rekstur.

ÁREKSTUR VIÐ VERZLUNARÍHALD

Nú kann mörgum lesanda að þykja undarlegt, ef sættir eiga að takast milli „verzlunaríhaldsins“ og framsóknarstefnu. Von er að sú spurning vakni. Það er sem sé alveg rétt, að að sumu leyti er djúpstæður ágreiningur milli framsóknarstefnu og verzlunaríhalds. En hvaða rök liggja til þess?

Þau eru einkum fólgin í því, að ákveðið verzlunaríhald vill hrifsa til sín fjármagn, t.d. sem lánsfé úr bönkum, til þess að flytja inn og verzla með erlendar vörur í tillitslausri samkeppni við innlenda framleiðslu. Verzlunaríhaldið, í sinni verstu mynd, er óþjóðlegt. Það er skammsýnt, og vill hrifsa aðstöðu til að hreppa stundargróða. Þetta er oft svo hatrammt, að þetta íhald vill innlendan iðnað feigan til þess að geta náð stundargróða á innflutningi samskonar vara og hann framleiðir.

Þarna skilur mjög glögglega milli framsóknarstefnu og íhaldsstefnu í verzlunarmálum. Það er tillitsleysi íhaldsins við innlendan iðnað, sem skilur hvað gleggst milli íhaldsstefnu og „réttar“ framsóknarstefnu í verzlunarmálum.

Ef innflutningsfrelsi er svo til algert, eins og nú hefur verið um sinn, þá væri þó hægt að beita fjármagni bankanna gegn drápstilraunum verzlunaríhaldsins á hinum þjóðlega iðnaði, en iðnaðurinn þarf auðvitað að færa út verk svið sitt stórlega frá því sem nú er, sbr. hið mikla framtíðar verk svið hans út um gjörvalla landsins byggð.

Ágætt dæmi um árekstur milli verzlunaríhalds og innlendra iðnaðarhagsmuna er viðureign danskra verzlunarmanna við Skúla Magnússon, sem lauk með sigri verzlunarhagsmunanna, en iðnaður Skúla var brotinn niður.


Nánari skilgreining á eðli manngildisstefnu

Áður en ég held áfram að gera grein fyrir því, hvernig framsóknarstefna greinir sig frá öðrum stjórnmálastefnum í afstöðunni til fleiri einstakra málaflokka þjóðlífsins, þá mun ég nú skjóta hér inn í nokkrum nánari skilgreiningum á eðli stefnunnar.

Ég tel nauðsynlegt að þessi umfjöllun komi áður en fjallað er um afstöðuna í skólamálum, tryggingamálum og fleiri sérgreindum málum, sem birtast síðar í riti þessu. Einnig mun greint frá uppruna hugmynda þeirra, sem sköpuðu jarðveg og skilyrði fyrir því að farsældarríki geti orðið til.

Eitt af því, sem menn þurfa að hafa hugfast til þess að öðlast skilning á stefnunni er það, að megin kjarni f-stefnu er ekki fyrst og fremst það, að hún skipi mönnum mitt á milli öfga til hægri og vinstri. Að Framsóknarflokkur er „miðflokkur“ á aðallega við um ýmsar afstöður í efnahagsmálum og er *afleiðing* eðlis stefnunnar. Ég endurtek til áherzlu: Í miðflokksafstöðunni er ekki fólgin kjarni málsins, heldur er þar fremur um að ræða *afleiðingu* af eðli stefnunnar.

Kjarni stefnunnar liggur í því, *hvernig litið er á eiginleika mannsins og á stöðu hans í samfélagi sínu*. Kjarninn er, að samkvæmt manngildisstefnunni, sem er hið hugmyndafræðilega afl að baki framsóknarstefnu, er litið á alla einstaklinga sem jafn réttháa, *en fyrst og fremst breytilega einstaklinga. Einstaklinga með ákaflega mismunandi tilhneigingum og hæfni*.



Þetta skýrur um sjóformála-
stefnur á að gefa þegmyrd um
móker mikið læg einkenntu hinna
gmsu sjóformálasteina og til
þess þar leiða, að domi höf-
unda. Einnig á það að benda á
móker áttið, sem eru sameigin-
leg með sumum þeirra. Þrjár
þetta eiga t. d. sameiginlega
frunnó, sem er heilastefna.
Ástæður fyrir því, að mön ör-
færa manna eru sett á þetta
skýrur verða hlóð af texta
bókunum. Frá því er þó stó-
undantekning, að þarna er sett
matjóð SCHREIBER. En það er
gert vegna hinna álegru bar-
dnu J. J. Servans Schreibern
segn aðþingum. J. J. Schreiber
er franskur sjóformálmáður,
sem enn er á góðum aldri. Hann
þefir flött ofn af því, þvermíg
amertisir aðþingur hafa gert
Euronu að leiðvelli fyrir sig, sér-
staklega eftir stofnun EBB, sem
vörð hafa verið stofnað og
starfrækt eftir upphæitt frá að-
þingum. Schreiber þefur skrif-
að stofnumarkandi bók um þetta
ofni.

RÆKTUN SÉRKENNA

Manngildisstefnan vill leggja rækt við breytileika einstaklinganna. *Hún vill rækta breytileikann* og skapa vaxtar- og lífsskilyrði fyrir sérkennum, og ekki gera neitt í félagslegum efnum, sem hindri einstaklinga (þjóðir eða þjóðabrot) í því, að viðhalda og rækta með sér einkenni sín. Á sérkennin skal líta sem helgan dóm. Þess vegna leggur stefnan ákaflega ríka áherzlu á mannhelgi og vill haga þjóðfélagsskipaninni samkvæmt því. Hún rís ákveðið gegn mikilli kerfisbindingu í félagslegum efnum. Andstaðan gegn kerfisbindingunni er bein afleiðing af því, að virða breytileika einstaklinganna. Það sem er *endalaust breytilegt í eðli sínu, hæfir ekki til kerfunar. Manninum – einstaklingnum – er misþyrmt með kerfisbindingunni.*

Rökrétt afleiðing af þessari virðingu fyrir breytileika einstaklinganna er sú, að manngildisstefnan hlýtur að rísa gegn kapitalisma, þ.e. rétti fárra sterkra til að drottna yfir einstaklingunum á efnahagssviðinu, enda leiðir slík yfirdrottun á því sviði óhjákvæmilega til menningarlegrar og siðrænnar yfirdrottunar. Efnahagslega yfirdrottunin leiðir til yfirtroðslu manngildisréttinda á mörgum fleiri sviðum en á efnahagssviðinu sjálfu.

Sömuleiðis hlýtur manngildisstefnan að rísa öndverð gegn sósíalismanum, því hann leiðir til stjórnunar fárra manna, m.a. á efnahagssviðinu, enda þótt þessir stjórnendur séu e.t.v. kosnir á lýðræðislegan hátt. *Sjálft hið sósíalíska kerfi er í eðli sínu kerfun á því ókerfanlega*, sem er hinn endalaust margbreytilegi maður. Sósíalíska kerfunin er misþyrming eins og sú stór-kapítalíska, sbr. meðal annars kaflann um skólamálin. Með því að byggja upp þjóðlíf, sem styrkir stöðu einstaklinganna til að vera þeir sjálfir, er verið að byggja upp hinn eina sanna lýðræðisgrundvöll.

Andstaða manngildisstefnu gegn yfirráðum fárra yfir

efnahagsþáttum er því ekki *nema að sínu leyti* krafa um, að sem flestum gefist færi á að taka á ábyrgan hátt þátt í efnahagslegri framleiðslu og þjónustu, heldur engu síður hitt, að yfirráð fárra yfir þessum þáttum veldur drottunaraðstöðu þessara fáu yfir öðrum mannlífssviðum. Fámennisdrottunin, sem er samfara bæði sósíalisma og kapitalisma leiðir til fáhæfni í stað marghæfni. Einhæfingar í stað fjölbæfingar. Fábreytilegra lífsaðstöðutækifæra í stað fjölbreytilegra.

Manngildisstefnan metur margbreytileika lífsaðstöðutækifæranna meira heldur en hugsanleg 1 eða 2% í hagvexti, jafnvel þótt þeim kynni að þurfa að fórna. Raunar höldum við því fram, að þessi fórn þurfi alls ekki að eiga sér stað, heldur jafnvel þvert á móti. En um það má þó deila. Við viljum færa þessa fórn, ef þarf, vegna þess, að við metum annað miklu meira, þ.e. hina fjölbreytilegu lífsaðstöðu fyrir hina margbreytilegu einstaklinga.

Við þetta þarf svo að bæta enn einu grundvallandi atriði, sem er þetta:

Eftir að frumþörfum hinna efnahagslegu gæða hefur verið náð fyrir alla þegna einhvers samfélags (þ.e. allir „hafa í sig og á“), þá verður hinn fjármagnslegi, peningalegi, mælikvarði ennþá ófullkomnari mælikvarði á skiptingu lífsgæðanna, en hann var áður. *Við það fjölgar svo mjög þeim lífsgildum, sem fjárhagslegur mælikvarði verður ekki lagður á.* M.a. af þessum sökum er mannildisstefnan ekki nein sérstök jafnaðarstefna í fjárhagslegu tilliti. Frá sjónarmiði manngildisstefnu er alveg meinlaust, og jafnvel þarflegt, að einstaklingarnir leggi, og fái að leggja, mismikla áherzlu á öflun peningalegra gilda. Mishátt kaup og misjafnir eignarhlutir mega og þurfa að vera í samfélaginu, m.a. af sameiginlegum hagkvæmnisástæðum (af praktískum ástæðum). Það er líka eitt af mannréttindunum. Og einmitt af því, að við lítum

ekki á auðgildið sem „absolut“ lífsgildi, né aðal lífsgildi, og teljum önnur lífsgildi engu síður mikilvæg; einmitt af því er svo auðvelt að umbera misjafna hlutdeild einstaklinganna í hinum efnislegu gæðum. Fjöldi annarra gæða eru engu síður mikilvæg sem lífsgildi. Það er fyrst, þegar farið er að nota auðmagn til yfirdrottnunar og yfirtroðslu yfir réttindi og lífsgildi annarra, sem við rísum öndverðir.


Fræðimaðurinn, listamaðurinn, náttúruskoðarinn, hlutlausi þjóðlífsáhorfandinn o.s.frv., allir þessir menn geta verið jafn ríkir að lífsgildum eins og sá, sem er eigandi fyrirtækis eða bankainnstæðu. Og allir njóta þeir sömu virðingar þess manns, sem hefur tileinkað sér andlega afstöðu sannrar manngildisstefnu.

EKKI HÆGRI, EKKI VINSTRI, HELDUR EÐLISLÆGUR GRUNDVÖLLUR

Innan manngildisstefnu er ekkert, sem heitir að vera til hægri eða vinstri, vegna hins *eðlislæga grundvallar* stefnunnar, þ.e. að meta manngildið og búa í hagin fyrir þróun þess og tilverurétt.

Aftur á móti eru aðrar stefnur, sem samkvæmt málvenju, sem skapast hefur, eru til hægri og vinstri. Stórkapitalisminn, til hægri, er ódulbúin fámennisstjórn. Sá sterki á að ráða. Gjörvöll heimsbyggðin stynur undir þeim vandkvæðum, sem hann skapar.

Sósíalisminn, til vinstri, hefur í reynd sannað að hann leiðir til fámennisstjórnar, en til viðbótar við það til fátæktar og ofbeldisstjórnar og andlegrar kúgunar. Hið stéttlausa þjóðfélag, þar sem ríkisvaldið hverfur, samkvæmt hugsjónum gömlu (utopisku) sósíalistanna, hefur aldrei verið til, og engin merki sjáanleg til þess að það sé neitt að nálgast.



Þetta skipurit á að sýna hvað vafasamt er að nota sífellt orðin HÆGRI og VINSTRI, því að ýmsu leyti er réttara, að líta á skipan stjórnmálaflokka sem bringmynd. Hinn raudasti kommúnismi og fasisminn eiga svo margt sameiginlegt, og myndin sýnir hvernig tákn þessara stefna krækja sér saman á neðsta plani kúgunar og mannfyrirlitningar. Enda hvort tveggja sennilega runnið af sömu rót, heimspekilega séð. (Hegel?)

En það er sameiginlegt hagsmunamál kapitalista og íhalds annars vegar og kommúnista og sósíalista hins vegar, að menn fái það á tilfinninguna, að ekkert sé til nema til hægri eða vinstri. Að engin önnur samræmd hugmyndafræði sé til.

Verkefni þessa rits er m.a. að sýna fram á hversu fjarstætt þetta er.

Og nú er rétti tíminn til þessa. Nú þegar bæði kapitalisminn (með ógnun um nýja heimskreppu) og kommúnisminn (vegna getuleysis til að skapa góð líf skjör og frjálsræði) hafa báðir gengið sér til húðar.

ADRAR HEIMSPEKISTEFNUR

Hinn heimspekilegi grundvöllur heillastefnu er ekki sjálfsagður að allra mati.

Aðrar stefnur byggja á öðrum heimspekilegum og/eða trúarlegum grundvelli.

Hedonisminn er orðinn svo rótgróinn í hugum margra og afstöðu, að e.t.v. kann ýmsum, t.d. yngra fólki, að finnast hann svo sjálfsagður, að um annað þurfi ekki að ræða. Annað komi ekki til greina.

Til þess að reyna að varpa ljósi á, að þannig er þessu ekki varið, skal hér reynt að drepa lauslega á örfáa aðra grundvelli, sem menn byggja tilgang viðleitni sinnar á. (Við það mun skilningur á eðli heillastefnunnar, hedonismans, verða ljósari.)

1. Austurlenzka heimspekin (eða hluti hennar) kennir, að maðurinn eigi að öðlast hamingju sér til handa með hugleiðslu. Hann á að fullkomna sjálfan sig andlega, þannig að hann losni af klafa langana sinna og girnda, en öðlast hamingju og frið innra með sér, ýmist með æðri hughrifum eða sjálfgleymi. Ýmsir telja þessa afstöðu andstæða lífinu. Enda er hún afskiptalítill um annarra hagi. (Fáguð sjálfelska?)
2. Virðingin fyrir lífinu, fyrir öllu, sem lifir, er grundvöllur annarrar greinar þessarar afstöðu. Ýmsir, sem þessari stefnu fylgja, leggja

mjög ríka áherzlu á að ekkert lifandi megi maðurinn deyða. Allt sem lifir vill lifa og maðurinn hefur engan rétt til að grípa inn í það. Dráp, einkum á hinum æðri lífverum, er synd, ósamboðin skyni gæddum manni. (Grasætu-hreyfing af trúarlegum eða siðferðilegum ástæðum er grein af þessum meiði.) Einn helsti boðari þessarar stefnu á síðari árum er hinn mikli heimspekingur og mannvinur, Albert Schweitzer.

3. Sú afstaða er algeng, að menn líti svo á, að jarðlífið sé aðeins undirbúningur undir annað líf, og öll breytni í þessu lífi eigi að mótast af því. Af þessum stofni eru til ótal afbrigði innan hinna fjölbreytilegustu trúarbragðaflokka. M.a. er viss þáttur í kristindómnum byggður á þessari kenningu. Þessi þáttur í kristindómnum er að nokkru fráhverfur lífinu. Lífið er syndasjór og jörðin táradalur og hjálpræði aðeins til fyrir náð guðs, vegna fyrirgefningar guðs á syndum, sem manni eru áskapaðar. Mikil bein og óbein verzlun hefur verið og er enn rekin í skjóli fyrirgefningarkenningarinnar. En enginn getur vitað, að hve miklu leyti kristindómurinn hefur útbreitt mannúðarafstöðu, þ.e. sannan humanisma og góðvild. Sennilega hefur kristindómurinn haft meiri áhrif til að greiða götu manngildisstefnu heldur en nokkur önnur hreyfing, þrátt fyrir ógnarstjórn kirkjuvaldsins í meira en 1000 ár.
4. Ein kenningin er svo sú, að tilgangur mannlífsins sé að ná sem mestum þroska, fullkomnun. Samkvæmt þeirri kenningu á allt lífið að stefna að fullkomnun, m.a. að því að skapa hinn fullkomna mann. Þá verður líðan manna og dýra meira aukaatriði. Þroskun, m.a. gegnum erfiðleikana, er þá markmið í sjálfu sér, lokamarkmið. (En samkv. ný-hedonismanum er þroskunin undirmarkmið. Maðurinn á samkv. hedonisma að þroska sig til þess að verða betur fær um að losa aðra við þjáningar, og til

að skapa sér og öðrum aukna lífsfyllingu. Það er hið hedoniska lokamarkmið.)

Ýmsir telja að þroskastefna sé að nokkru heimspekileg undirstaða fasismans. Þar láta menn sig dreyma um „übermensch“, þ.e. hinn hæfileikaríka mann, sem geti leitt mannkynið til æðri markmiða.

Ekki hefur mér tekizt að gera mér grein fyrir, að hve miklu leyti er með réttu hægt að rekja þessar kenningar til Hegels og Nietzsches, en það hefur verið nokkuð ríkjandi hefð, að telja að kynþáttastefna nasista sé að einhverju leyti runnin frá þessum tveim þýzku heimspekingum.

HVAÐ ER MANNGILDI?

Einhverntíma hefur því verið slegið föstu, að allt, sem hefur einhverja stærð, eða eitthvert afl, megí tákna með tölu, eða bókstaf, sem gæti táknað tölu.

Hér ætla ég að freista þess að nota (abstrakt) tölur til hjálpar við að gera grein fyrir hugmyndum mínum.

Kemur nú einmitt að því atriði þessa ritverks, sem hvað mesta þýðingu hefur að verði veitt eftirtekt af þeim mönnum, sem á annað borð vilja setja sig inn í efni þess. Og e.t.v. er hér einnig um að ræða atriði, sem ekki er að finna í öðrum ritum.

En til þess að geta sett sig inn í þá hugsun, sem hér er reynt að setja fram, þarf lesandinn að sætta sig við að lesa útreikning í áætluðum stærðum. Útkoman getur varpað ljósi á viðfangsefnið hvað sem líður nákvæmni áætlunar.

Um langan aldur hefur viðgengizt í sálarfræðinni að tala um *greindarstig* hjá mönnum.

Venja er að miða við 200 stig. Þannig er fullkomið greindarleysi táknað með 0, en mesta hugsanleg greind með 200. Eftir því ætti þá „meðal-greind“ að vera 100 stig.

Gerður hefur verið fjöldi prófa og prófkerfa til að reyna að mæla greind manna. Mikið er um álitamál og mismunandi skoðanir á því, að hve miklu leyti greind sé mælanleg yfirleitt.

En hvað sem um það er, virðist hiklaust mega hugsa um greindina sem einhverja stærð. Hitt tel ég líka sjálfsagt mál, að greind manna sé misjafnlega mikil.

Vegna þess, sem síðar kemur að, þykir mér rétt að minnst hér á það, að hér er gerð sú skipting (til hægðarauka) að tala um þrjá aðalþætti greindar: minni, dómgreind og ályktunarhæfni.

Ýmsir sálfræðingar skipta greindinni í fleiri þætti, s.s. hljómlistargáfur, formskyn, litaskyn, rúmskyn o.s.frv., en eru hér hugsaðir að vera innifaldir í hinum þrem fyrstnefndu.

En maðurinn hefur fleiri eiginleika en greindina. Meðal þeirra nefni ég í þessu samhengi aðeins þrjá. Þeir eru *góðvild*, *framtakssemi* og *seigla*. Þessa þrjá eiginleika nefni ég hér einu nafni *dyggðir*. Þriðja aðal þátt manngildisins tel ég hér vera *færni*.

Í samræmi við þessar framangreindu skilgreiningar mætti þá draga upp einskonar skýringarmynd, sem gæti litið þannig út:

Greind			Dyggðir			Færni
Minni	Dómgreind	Ályktunarhæfni	Góðvild	Framtak	Seigla	Ýmsar tegundir færni

= Manngildi
0-600
meðaltal
300

0-200 meðalgr. = 100 0-200 meðalt. = 100 0-200 meðalt. = 100

Síðan segi ég að greindin, dyggðirnar og færnin myndi í sameiningu það, sem ég hér nefni *manngildi*. Svo áætla ég að dyggðirnar séu jafn mikilvægur þáttur eins og greindin, og til hægðarauka skipti ég dyggðarþættinum á sama hátt og greindinni í 200 stig, þ.e. frá 0 til 200. Á sama hátt skipti ég færninni í 0 til 200 stig. Manngildið ætti þá samkvæmt þessu að skiptast í stig frá 0 til 600. Meðal-manngildi ætti þá að tákna með 300 stigum.

Í fyrsta lagi bið ég lesandann að hafa bak við eyrað, að þessi skipting er gerð til hægðarauka við áframhaldandi umtal mitt um málefnið. Ekki sízt er *skiptingin* gerð svona vegna þess, sem síðar segir um skólamál og uppeldi.

Auðvitað getur hver sem er sagt sem svo, að þessi skipting sé gerð alveg út í bláinn, og er það að því leytinu rétt, að engin leið er til að gera sér grein fyrir hve mikilvægur hver einstakur þáttur manngildisins er. En aftur á móti held ég, að hver sem hefur áhuga á að athuga þessa skiptingu, geti nokkurn veginn sannfært sig um, að hún á einhvern rétt á sér að því leyti, að engan þessara þátta má fella alveg burt, ef um manngildi er að ræða hjá einstaklingum. Og manngildi er hér hugsað frá samfélagslegu sjónarmiði með heillastefnumarkmiði.

Dæmi (til skýringar á uppdrættinum):

1. Strax er ljóst að sá, sem ekkert man, er greindarlaus.
2. Sá sem enga dómgreind hefur, getur t.d. ekki dæmt um hvort um *mun* er að ræða á 1 og 2; hann er því ófær.
3. Sá sem ekki getur ályktað að $1 + 2$ verða samanlagt 3, hann hefur enga ályktunarhæfni, og er því úr leik.
4. Sá sem enga góðvild á til, sá er einskis virði fyrir samfélagið. Lágmark góðvildar er að þeim hinum sama þyki eitthvað svolítið vænt um sjálfan sig, en þá er hann heldur ekki alveg sneyddur

góðvild og hugsanlega mætti koma honum svo fyrir í samfélagi, að hæfni hans nýttist sem samfélagsveru. Aftur á móti tæplega, ef hann hefur ekki einu sinni sjálfselsku.

5. Þó einhver hafi alla ofangreinda sálarþætti í góðu lagi, er hann samfélagi sínu einskis virði, ef hann t.d. er svo latur, að hann vill alls ekkert hafast að.
6. Og þó hann hafi allt ofangreint í góðu lagi er hann óhæfur, ef hann hefur ekki eitthvert lágmarks úthald, þ.e. seiglu.
7. Að síðustu má svo nefna, að sá sem alls ekkert lærir, sá sem getur alls ekki eða vill ekki tileinka sér neina færni á neinu sviði, hann er óhæfur samfélagsþegn.

Hér hefur verið beitt svonefndri útilokunaraðferð til að sýna, að allir þessir eiginleikar eru nauðsynlegir og því frá *vissu sjónarmiði* jafn mikilvægir á tilsvarendi hátt eins og segja má að hlekkir í keðju séu hver um sig jafn mikilvægur, af því engan þeirra má vanta til þess að keðjan haldi átaki.

— — —

Ég bið menn að hafa ríkt í huga, að þessi „skipting“, sem hér er við höfð, er aðeins gerð til hægðarauka og að ljóst má vera, að það er algjörlega hugtakabundið (terminologískt) atriði að nota þessa skiptingu.

Hér er þetta hugsað þannig, að mikilsverðir eiginleikar, eins og áræði, kjarkur, hreinskilni, glöggskyggni, þolinmæði, umburðarlyndi, o.s.frv., séu innibundnir eða ávöxtur af þeim þáttum, sem hér eru taldir undir táknorðunum, sem hér eru notuð, þ.e. minni, dómgreind, ályktunarhæfni, góðvild, framtak og seigla, auk áunninnar færni. En til þess að reyna að fyrirbyggja eitthvað af þeim misskilningi, sem þessi grófa uppsetning vafalaust kemur til með að valda, skal hér tekið fram, að ekkert er hér sagt um nein skil á milli þess, hve mikið af þessum frumþáttum hjá þroskuðum

einstaklingi kunna að vera meðfæddir og hvað er áunnið.

Nú hlýtur það að vera ljóst, að hinir ýmsu einstaklingar hljóta að vera búnir ákaflega misjafnlega miklu af þeim eðliskostum og áunnum kostum, sem hér um ræðir. Það er, að þeir hafa misjafnlega mikið af því, sem hér er nefnt manngildi.

MANNGILDIÐ OG RÓTFESTAN

Eftir að hafa gert grein fyrir því fyrirbrigði, sem nefnt hefur verið *manngildi*, skal nú leitast við að benda á hina æskilegu stöðu þessa fyrirbrigðis í samfélagi.

Til þess að manngildið fái notið þeirrar næringar sem því er þörf á, þarf það að hafa *rótfestu*, ef svo má segja.

Og þessi rótfesta getur m.a. verið fólgin í eftirgreindum atriðum:

1. Eignarhald

Hún getur verið fólgin í eignarhaldi á einhverjum verðmætum, sem einstaklingurinn hefur full umráð yfir.

- a. Eigin íbúð.
- b. Litlu fyrirtæki.
- c. Meðeign í fyrirtæki.
- d. Hlutabréfaeign.
- e. Bankainnstæðu.
- f. Eignahlut í búi eða útgerðarfyrirtæki.

2. Færni

Færni getur komið að samskonar notum og eignarhald einhverra verðmæta. Þessi færni getur verið fólgin í sérþekkingu á einhverju sviði, sem veitir einstaklingnum aðstöðu til verðmæts vinnuframlags, sem þar með veitir honum líka *frelsi* til að geta valið um störf hjá mörgum atvinnurekendum. En þá þurfa líka margir

atvinnurekendur að vera til. Frelsi hans er mjög takmarkað, ef hann getur aðeins ráðið sig hjá ríkinu, eða einhverjum einum aðila, sem einokar starfsgreinina.

Meðal sérþekkingar, sem veitt getur rótfestu fyrir manngildi, má nefna kunnáttu í: læknisfræði, hjúkrun, lögfræði, guðfræði, allskonar tækniþekkingu, járnsmíði, trésmíði, vélfræði, málakunnáttu o.s.frv. Frelsið liggur þá í því, að færni hans gerir hann eftirsóttan í samfélaginu.

3. Þegnleg afstaða

Í þriðja lagi má svo nefna, að félagsleg afstaða getur einnig veitt svona rótfestu. Hér á ég við þá afstöðu að hafa áhuga á færni til að verða að liði, þó hvorki sé fyrir hendi sérþekking né einkaeign.

Starfsmaður, sem sækir starf sitt af áhuga, samúð og skilningi á nauðsyn þess að vinna verk sitt vel, fyrir sinn atvinnurekanda, hann á sér þessa rótfestu. T.d. maður, sem vinnur af alúð fyrir bóndann, vélsmíðjuna eða kaupfélagið, eða hvern annan aðila, sem hann vinnur hjá, hann hefur öðlzt þessa rótfestu fyrir persónugildi sitt. En hann þarf þá að vita að hann sjálfur hafi gildi fyrir þann eða þá, sem hann vinnur fyrir.

Þessa rótfestu öðlast hann ekki (fyrir manngildi sitt), ef hann finnur, að hvaða dag sem er getur húsbóndinn sagt honum að fara, sér að meinalausu, og tekið einhvern og einhvern í hans stað.

Ef þannig er ástatt, þá fær manngildi hans ekki rótarnæringu gegnum starfið. (Auðvitað getur hann verið manngildismaður í sínu einkalífi, þó manngildi hans njóti ekki næringar gegnum starf hans. Hann getur átt sér hugðarefni í sínu einkalífi, sem á einhvern hátt eru félagslega verðmæt.)

Það, sem sagt hefur verið hér að framan, gefur til kynna eftirfarandi:

1. Því fleiri, sem eru persónulegir eignaraðilar að því *eignamagni*,

sem til er innan samfélagsins, þeim mun fleiri geta notið stuðnings, þ.e. rótfestu fyrir manngildi sitt, í gegnum eignaraðild.

2. Því fleiri og fjölbreyttari sem atvinnurekendurnir eru, þeim mun fleiri valkosti á sá, sem vill selja þekkingu sína eða sérhæfða starfskrafta. Og í því felst auðvitað frelsi almennt talað, en það gefur líka fjölbreyttari, betri og persónulegri tækifæri til rótfestu og rótnæringar fyrir manngildi.

3. Það sem gildir um 2. tölulið hér á undan fyrir sérþekkingarfólkið, gildir einnig fyrir hinn almenna starfsmann, og þó jafnvel í enn ríkara mæli. Góður og dyggur starfsmaður, sem er þó án sérþekkingar, hann á auðveldara með að finna rótarnæringu fyrir manngildi sitt, ef hann vinnur hjá litlum atvinnurekanda, heldur en ópersónulegum stór-atvinnurekanda s.s. ríki, borg eða auðfélagi. Hér er því tilgreind ein af ótal mörgum ástæðum fyrir því, að smáfyrirtækjarekstur er farsælli mönnunum heldur en rekstur hinna stóru ópersónulegu aðila, s.s. ríkis, borga og bæja og/eða stórkapitalískra fyrirtækja, hver sem eignaraðilinn er.

Þess vegna: Hér er ein af hundrað ástæðum fyrir stefnunni: Niður með stórkapitalismann í öllum hans myndum. Og niður með óþarfan ríkisrekstur og bæjarekstur, það er óþarfa sósíalísingu.

En stuðla ber að einkarekstri hinna mörgu smáu eignar- og þjónustuaðila, helzt með sem víðtækastri persónulegri þátttöku þeirra, sem við fyrirtækin vinna.

Framleiðslusamvinnufélög, helzt ekki of stór, geta hér komið að haldi, sem einn þáttur af mörgum.

Nú er það svo, að mennirnir eru misjafnir og manngildi þeirra misjafnt. Þess vegna gerir ekkert til, en er til bóta, að bæði eignahlutir og áhrifaaðstaða manna sé mismikil.

Það getur t.d. verið ágætt fyrirkomulag, að aðaláhugamenn og dugnaðarmenn um einhvern rekstur séu stærstu eigendurnir, en

aðrir minni. Og svo er auðvitað ekkert athugavert við, að svo og svo margir af starfsmönnum séu engir eignaraðilar. Sumir geta verið miklir áhuga- og færnisaðilar og fundið rótarnæringu fyrir manngildi sitt í gegnum það.

MEGIN-ÞJÓÐLÍFSAFLIÐ

Megin-þjóðlífsafl hverrar þjóðar má ekki fara forgörðum.

En hvert er svo þetta megin-þjóðlífsafl?

Það er manngildi *hinna mörgu*.

Rétt mun það að vísu, að það er ekki hár hundraðshluti hverrar þjóðar, sem hefur með höndum aðalforystuna á hinum ýmsu sviðum þjóðlífs.

Og forysta þeirra hæfustu getur ráðið úrslitum um það, hvernig þjóðum farnast. Í þessu sambandi minnst ég eins atviks.

Einhverju sinni fyrir mörgum árum var ég að skrifa blaðagrein eða semja ræðu. Í þeim umþenkingum þóttist ég komast að þeirri niðurstöðu, að það væru ekki nema svo sem 10% af þjóðinni, sem ýmist réðu svo til öllu, sem máli skipti, og/eða hefðu úrslitaáhrif um það að halda uppi menningarlífi og reisn þjóðarinnar.

Mér féll niðurstaða mín illa – ekki sízt vegna þess, að ég taldi mig lýðræðissinna og í vinsamlegri afstöðu til samborgara minna. Ég var að vona að kórvilla væri í athugun minni. Að ég hefði áætlað prósentuna of lága.

Þess vegna hafði ég samband við dr. Símon Jóh. Ágústsson og bar þetta undir hann.

Svar hans var efnislega þetta: Ef aðeins 5% af greindasta og dugmesta fólkinu á Íslandi væri fjarlægt, þá mundi menning þjóðarinnar þegar í stað bíða við það óbætlanlegt tjón um langan tíma.

Þegar ég síðar hef verið að lesa rit J. S. Mills, Alberts Schweitzers

og annarra slíkra, hef ég verið að reyna að gera mér grein fyrir, hvernig þetta kæmi heim við aðrar kenningar – og þá einnig hugmyndir mínar um mikilvægi þess, að manngildi sem *flestra* fái notið sín sem best.

Og líka hef ég hugleitt þetta í sambandi við hina „dynamisku“ krafta, sem Adam Smith, Ricardo, Mill og fleiri tala um í sambandi við hin miklu öfl markaðskerfisins, sem óneitanlega hafa verið mikilvægir þættir í því að lyfta þjóðunum upp úr skorti og allsleysi fyrri tíma.

Ef við nú geymum vitneskjuna um hið „dynamiska“ markaðsafl (framleiðsluafli) Adams Smiths og þeirra félaga bak við eyrað, þ.e. höldum því geymdu en ekki gleymdu, og snúum okkur aftur um stund að manngildishugtakinu eins og gerð var grein fyrir því hér á undan, þá ber þetta að athuga: Við getum t.d. gengið út frá, að meðalmanngildið megi tákna með tölunni 300, og þá er sjálfsagt ekkert fjarri lagi að hugsa sér að hinn leiðandi hópur, (sem ætti þá að vera einhversstaðar milli 5% og 10% af fólkinu) hafi allmiklu hærra stig greindar, dyggða og færni heldur en sem nemur meðallagi. Segjum t.d. 400 manngildisstig (í stað meðaltalsins 300 stig).

Ef áætlun dr. Síms. Jóh. Ág. um hlutfall þeirra, sem í forystu eru, væri eitthvað nærri lagi, þá ættu í þessum hópi að vera í góðri nýtingu um $5000 \times 400 = 2.000.000$ manngildisstiga – ef miðað er við þjóð, þar sem eru 100 þús. manns á aldri fullþroskaðra manna.

En ef miðað er við meðaltalið, þá ættu að vera til hjá þjóð af þessari stærð 100.000×300 mg (þ.e. manngildisstig) eða = 30.000.000, þ.e. þrjátíu milljón mg.

Ég reingi ekki beinlínis áætlun þá, sem ég hér kenni við dr. Síms. Jóh. Ág. – það er að segja, að því er snertir hina mest leiðandi forystu.

En þá kem ég að merg málsins í þessum kafla – og bið menn nú

að grípa til kenningar þeirrar, sem ég áðan bað lesandann að hafa tiltæka og ég kenndi við Adam Smith og féлага.

Hér er ég að beina huganum að þessum 30 milljónum mg., eða öllu heldur þeim ca.. 28 milljónum, sem eftir verða, þegar tvær milljónir hans dr. S. J. Ág. hafa verið teknar frá til sinna nota.

Og nú set ég hér fram eina af aðalröksemdum fyrir kenningum þeim, sem þetta rit er að boða:

Þessar 30 milljónir manngildiseininga njóta sín misjafnlega vel – eftir því hvernig tilhögun þjóðfélagsins er háttað.

Og þjóðfélagið á að vera þannig, að þessar 30 milljón einingar nýtist vel í samfélagsþágu – jafnframt því sem einstaklingarnir eiga að fá að njóta sem bezt hver síns manngildis.

Og nú held ég áfram:

Þessar 30 milljón m.g.-einingar njóta sín illa í ríki, sem þróast hefur í átt til kapitalisma (þ.e. einkum stórkapitalisma og auðhringakapitalisma).

Þær njóta sín ennþá verr í kommúnísku ríki.

En þær fá notið sín og koma til nytja – svo langsamlega bezt í *farsældarríkinu*, þar sem lítið er um ríkisrekstur og stórkapitalrekstur. Þær njóta sín bezt þar sem rekstur atvinnulífsins er í höndum margra smárra rekstraraðila, einstaklinga, smá sameignarféлага, framleiðslu-samvinnuféлага, hlutaféлага af hóflegri stærð o.s.frv., þar sem svo til allur rekstur er í nánnum persónubundnum tengslum. Þetta er meginatriði.

Markmiðið er að koma á því samfélagsformi, þar sem eftirgreind atriði verði til staðar svo að manngildið nýtist sem bezt:

1. Að hver einstaklingur fái notið hæfileika sinna og sérkenna.
2. Að samfélagið fái notið hæfileika hans.

3. Að samfélagsformið sé þannig upp byggt, að það sé líklegt til að laða til þroskunar hæfileika, og þá einkum samfélagshæfileika einstaklinganna.
4. Að samfélagið sé þeirrar gerðar, að sú mikla orka, sem býr í hinum mörgu einstaklingum (ekki aðeins fáum útvöldum), geti komið sér við – komið sér við til átaks – til samfélagslegra nota. (Sbr. hér það sem síðar segir um kenningar t.d. Bentham og Mills annars vegar og sósíalismans og kapitalismans hins vegar. Sbr. einnig næsta kafla.)

Við þetta má svo bæta hér eftirfarandi:

Með fá-stjórnar kerfinu er tekið úr notkun meginmagn manngildiseigindanna, sem gætu verið til nýtingar fyrir samfélagið.

E.t.v. er hér að finna lausnina á þeirri ráðgátu, að þjóðir, sem búa við sósíalisma (austantjaldsþjóðirnar) eru fátækar. Sömuleiðis þorri manna í mörgum auðvaldslöndum, einkum þar sem stórkapitalismi hefur náð sér niðri áður en „höldastjórn“ að einhverju marki náði fótfestu (Suður-Ameríka, þróunarlönd þeldökkra).

Með fámenniskerfinu er *svo mikið* af manngildisafla að mestu tekið úr sambandi, í þeirri viðleitni að skapa (á sjálfstæðan hátt) framleiðslu- og þjónustuafrek, að þjóðfélagsheildin missir starfshæfni að verulegu leyti.

Sízt má svo gleyma því, að fjölmennisstjórnin reynist sjálfkrafa tæki til að leita uppi og þroska einstaklinga með stjórnunarhæfni og velvildarafstöðu.

HÆPIN SKÝRINGARTILRAUN

Í kaflanum, sem hér fer á eftir, freistast ég út í skýringartilraun, sem vissulega er mjög hæpin, því hún er öll byggð á afar ónákvæmu mati. Ég reyni að sýna aðferð, sem hver sem er gæti beitt við að gera sér grein fyrir því úrlausnarefni, sem hér er til meðferðar, en

hann gæti framkvæmt „mat“ hinna óþekkту stærða eftir sínu höfði – og þá fengið útkomu, sem kynni að vera honum til skýringarauka.

Og þá tek ég til meðferðar þessa áðurnefndu óþekkту stærð, þessar 30 milljónir manngildiseininga hjá þjóð, þar sem 100 þús. eru á aldri fullvaxinna.

Strax skal þá tekið fram, að í þessum kafla ræði ég aðeins um þann hluta af manngildum, sem hugsanlega gæti komið að einhverjum notum fyrir *samfélagsheildina*.

Þá sleppi ég strax þeim, sem eru í skólum eða einhverra hluta vegna utan vinnumarkaðarins. Segjum að þeir séu 30 þús. og eru þá eftir 70 þús. til að taka þátt í samfélagsstarfinu.

Óþarft ætti að vera að taka fram, að hér er aðeins verið að gera tilraun til að draga upp grófdráttarmynd (skematíska mynd).

Þá ættu þessar 70 þúsundir að geyma með sér 300x700 þús. eða 21 milljón manngildiseininga.

Og nú er það mergur þessa máls, að reyna að skýra þá skoðun mína, að þetta „manngildismagn“, ef svo má segja, nýtist mjög svo misvel – í samfélagsþágu – eftir því hverskonar stjórnmálakerfi er í notkun hjá þeirri þjóð, sem við tökum hér sem dæmi.

Í því ríki, þar sem ríkisvaldið er einrátt, þ.e. í nútíma kommúnistaríki, þar ráða aðeins örfáir menn svo til öllu.

Einnig ráða fáir þar sem stórkapitalisminn er þroskaður.

Nú geri ég þá hægna tilraun, að búa til einskonar töflu, sem á að sýna ágizkanir mínar um það, hvernig manngildin nýtast á mismunandi hátt, innan hinna mismunandi þjóðfélagskerfa.

NOKKRAR LEIÐBEININGAR VIÐ LESTUR TÖFLUNNAR

1. Það að geta *friðalst beitt kosningarrétti* við val ýmissa fulltrúa (alþingi, bæjarstj., o.fl.) met ég til 10% manngildisnýtingar.

2. Að geta annazt frjálst og óþvingað um *eigin húsnæðiseign*, mætti e.t.v. meta sem önnur 10%.
3. Áhuga og frjálsa *umhyggju bænda, sem eiga jarðir sínar*, met ég hátt. Sú nýting verður lítil, þar sem ríkið á allar jarðirnar, eða þeim er stjórnað af örfáum bússtjórum, sem eru í reynd undir ógnarstjórn alræðisríkisvalds. Nýtingarmunurinn verður því mjög mikill í þessari grein, eftir því hvaða þjóðlífsform valið er.
4. Í *verksmiðjurekstri* verður munurinn ekki nærri eins mikill, vegna þess að þar er stundum þörf á stórum einingum, og þess vegna nokkuð stórum eignaraðilum og valdamiklum stjórnunaraðilum. Í f-þjóðfélagi er þó gert ráð fyrir mjög skiptri eignaraðild, þ.e. að margir séu meðeigendur. Fyrirtæki, flest lítil, eftir því sem við verður komið, án þess að það gangi um of út yfir hagkvæmni.

Saga stórkapitalista og sósíalista, um að fyrirtæki þurfi endilega að vera stórt til þessa að hagkvæmni náist, er skrum og blekkingar. Það sanna er, að aðeins fáar greinar tæknivædds iðnaðar krefjast stórra framleiðslueininga – en kapitalistar reyna að útbreiða þá kenningu, að allt sé ódýrara í rekstri eftir því sem einingarnar eru stærri. Það rétta er, að þetta gildir aðeins um örfáar greinar, t.d. virkjun vatnsfalla, framleiðslu á áburði, sementi, mjög vandasama aflvélaframleiðslu s.s. bifreiðahreifyla, flugvélahreyfla og aflvélar skipa.

Meginhlutinn af allri annarri verksmiðjuframleiðslu getur með góðu móti verið framkvæmdur af fyrirtækjum, sem hafa ekki nema frá t.d. 5 starfsmönnum upp í svo sem 100 eða í allra mesta lagi 200 starfsmenn.

En jafnvel fyrirtæki, sem hefur 200 starfsmenn, þar sem t.d. eru 20 starfandi meðeigendur og svo sem 50 aðrir meðeigendur – jafnvel þar er náð verulegri dreifingu eignarhalds og persónulegra tengsla, þ.e. manngildistengsla milli starfseminnar og margra

einstakra aðila. En í stærstu fyrirtækjunum – innan f-þjóðfélags – kæmi auðvitað til greina blandað eignarhald, t.d. að kaupfélag, bæjarfélag eða ríki væru meðeigendur, en það æskilega væri, að einkaeign væri sem dreifðust – einkum þó meðal starfandi aðila í hverju fyrirtæki um sig.

5. Í *verkstæðarekstri* verður munurinn mjög mikill eftir því hvaða þjóðfélagsform gildir. Í kommúnistaríki er öll smærri þjónusta, s.s. bíla-, skipa-, véla- og tækjaviðgerðir sameinað í sem stærstar einingar. Svipað er reynt í kapitalista-rekstrinum, en nær þó aldrei sömu tókum. En í f-þjóðfélaginu telst æskilegt að til sé fjöldi slíkra fyrirtækja, þar sem starfa frá 1 manni upp í fáa tugi, sem e.t.v. reka fyrirtækið sem framleiðslu- eða þjónustusamvinnufélag.
6. *Sjávarútvegurinn* er kjörið svið fyrir margar og misstórar framleiðslueiningar, en kommúnistar gera hann allan að stórrekstri ríkisins, og auðhringar hafa gerzt mjög umsvifamiklir á því sviði víða. Þess vegna met ég það svo, að á þessu sviði megi áætla mjög mikinn mun manngildistengsla við þessa grein atvinnurekstrar eftir því, hvaða þjóðlífsform er valið. (Sbr. töfluna.)
7. Svipað má segja um *byggingariðnaðinn*.
8. *Flutningar* á landi, sjó eða í lofti, er mjög svo dæmigerð grein fyrir þennan mun.
9. *Verzlun* er einnig allmjög háð því, hvaða form er valið. Ríkið mun eiga verzlunir í kommúnistaríki. Stórkapitalistarnir í auðvaldsríki, en í f-ríki á verzlun að vera í höndum kaupfélaga og smákaupmanna.

Ýmsum gengur illa að skilja, að starfssvið smákaupmannsins og smáheildsalans er í samræmi við f-þjóðfélagið.

Smákaupmaðurinn þarf að muna, að óvinur hans er ekki kaupfélagið, sem starfar við hlið hans, heldur auðhringar og ríkisrekstur kommúnista.

10. Í *fræðslustarfsemi* munar ekki mjög miklu, hvaða form er valið, vegna þess að eðlilegt er að ríkið eða byggðafélög eigi þar stóran hlut að máli, í hvaða þjóðfélagsformi sem er. Þó tel ég eðlilegt að gera ráð fyrir, að í f-þjóðfélagi væri stórum meira af einkaskólum en nú tíðkast, og þannig tengdist manngildisafstaða skólastarfinu í miklu ríkara mæli en í öðrum þjóðfélagsformum.
11. Í *heilbrigðisþjónustu* geri ég ráð fyrir einkasjúkrahúsum, elliheimilum, barnaleikvöllum o.s.frv., sem þá nytu styrktar frá ríki eða bæ. Þannig mætti tengja þetta svið þeirri stefnu, að manngildisáhrifin kæmu til sem beinastrar nýtingar.
12. Póstþjónusta, sími, rekstur orkuvera er dæmi um starfsgrein, sem yrði eins að því leyti sem hér um ræðir, hvaða þjóðfélagsform, sem valið er.
13. Svipað má segja um ýmsa opinbera þjónustu. Þó tel ég að unnt væri, að haga ýmsum greinum opinberrar þjónustu þannig, að hún yrði unnin af verktökum í miklu ríkara mæli en nú er gert – og tek ég tillit til þess í töflunni.

Ef hver 1 í þessari töflu er svo margfaldaður með 300, eða þeirri tölu, sem meðalmanngildi var táknað með, kemur í ljós, að í samfélagsþágu verður manngildisnýtingin þannig (ef áfram er miðað við hina 21 milljón stiga, sem áður voru nefndar):

Í kommúnistaríki:

$$9.000 \times 300 = 2.700.000 \text{ eða ca. } 13\% \text{ af } 21 \text{ millj.}$$

Í auðvaldsríki:

$$28.000 \times 300 = 8.400.000 \text{ eða ca. } 40\% \text{ af } 21 \text{ millj.}$$

Í farsældarríki:

$$56.000 \times 300 = 16.800.000 \text{ eða ca. } 80\% \text{ af } 21 \text{ millj.}$$

TAFLAN

Hér er 1 láttinn tákna 300 m.g. eða meðal-m.g.-stig
Miðað er við ríki með 100.000 fullorðnum.

	Kommúnistaríki	Auðvaldsríki	Farsældarríki
1. Koningarréttur	Í reynd ekkert valfrelsi = 0	Valfrelsi undir sterkum auðvaldsáhrifum 1/10x60 þús. = 6000 Auðvaldið seillist inn á sviðið 1/10x15 þús. = 1500 Auðfélið hafa yfirtekið hluta	Alveg frjálst skoðanamyndun 1/10x100 þús. = 10.000 1/10x25 þús. = 2500
2. Eign eigin íbúðar	= 0		
3. Landbúnaður	Bústjórar, verkstjórar, áhugamenn 2.000	7.000	1x10 þús. = 10 þús.
4. Verksmiðjurekstur	1.000	2.000	5.000
5. Verkstæðisrekstur	500	1.000	2.000
6. Sjávarútvegur	500	1.000	2.000
7. Byggingariðnaður	500	1.000	3.000
8. Flutningar	500	2.000	10.000
9. Verzlun	500	1.000	4.000
10. Eræðsla	1.000	1.500	2.000
11. Heilbrigðisþjónusta	1.000	1.500	2.000
12. Póstur, sími, orkuvinnsla	500	500	500
13. Ýmis þjónusta o. fl.	1.000	2.000	3.000
	9.000	28.000	56.000

Eins og áður segir er hér aðeins um að ræða hæpna tilraun til að skýra, hvaða hugsun vakir fyrir höfundu.

Með því að gera þessa skýringartilraun, er aðeins verið að leggja áherzlu á þá hugmynd, að manngildið þurfi að nýtast til að þjóðirnar verði farsælar. Og ég tel að hér sé að finna skýringuna á því, hvað illa gengur að ná almennum framförum og farsæld í löndum kommúnista, og reyndar í þeim löndum, þar sem stórkapitalismi ræður lögum og lofum.

Ég álít að ógæfan þar liggi í því, að manngildisáhrif hinna mörgu séu of skilin frá efnahagslífinu. Þýðing stjórnnunarinnar og umhyggjan á efnahagssviðinu í hinum endalaust breytilegu tilvikum – er vanmetin af fástjórnarkerfunum – en kemur til stórum betri nýtingar í fjölstjórnarkerfi farsældarríkisins.

Við það bætist svo, að fjölstjórnarkerfið er líklegra til að þroska manngildið og gera einstaklingana hamingjusamari við að gefa þeim tækifæri til að njóta þess að beita manngildi sínu á efnahags- og stjórnnunarsviðum.

En eins og áður segir, eru til fjölmörg fleiri svið en efnahagssvið, þar sem ýmsar tegundir manngildis fá notið sín. Á ýmsum þeirra má gera ráð fyrir að minna muni.

HÖLDAR OG HÖLDAHALD

*„Hörðum höndum
vinnur hólða kind
ár og eindaga“*

Hér að framan hefur sú kenning verið sett fram, að æskilegast væri að koma þjóðlífinu þannig fyrir, að eignarhald væri sem dreifðast meðal þjóðfélagsþegnanna. Sömuleiðis að ábyrgð á rekstri og öllum framkvæmdum og þjónustu væri sem mest dreift meðal sem flestra – og að bæði eignarhaldið og ábyrgðin væru sem

persónubundnast. Því beinni (milliliðaminni) sem eignarhald og ábyrgð er – þeim mun betra.

Þetta var stutt m.a. af þeirri kenningu, að með þessu fyrirkomulagi næðist miklu meira afl til átaks til að koma hlutum áfram, heldur en þar sem fáir eiga að stjórna öllu, eins og verða mundi í ríki kapitalisma eða kommúnisma. Sbr. kaflann um megin þjóðlífsaflið – þ.e. um fjölnýtingu manngilda í þágu samfélags.

Nú vil ég færa fram viðbótar röksemd fyrir þessu sama.

En í þetta skipti mun ég nálgast viðfangsefnið eftir annarri leið.

Til er orð í íslenzku máli, sem lítið hefur verið í notkun um sinn. Þetta er orðið *höldur* og þýðir í rauninni smábóndi – eða stórbóndi – en fyrst og fremst sá bóndi, sem er *eigandi* að sinni ábúðarjörð – og er því að vissu leyti óháðari umhverfi sínu en stéttarbræður hans, sem búa í leigu-ábúð.

Nú mun ég taka þetta orð í notkun – af því ég finn ekki annað handhægara. En til þess að orðið dugi til þeirra nota, sem hér er brúk fyrir, þarf að víkka og breyta nokkuð merkingu þess.

Og hverjir eru þá höldar, samkvæmt þeirri merkingu, sem nú skal gefin orðinu?

1. – Höldar eru allir þeir, sem eiga sín framleiðslutæki.

- a. Sveitabóndi, sem á sína ábúðarjörð.
- b. Allir aðrir smáframleiðendur, og þjónustuaðilar, sem eiga sín tæki, s.s. bílstjóri á eigin bifreið, sem annast fólksflutninga eða vöruflutninga.
- c. Smáverkstæðiseigandi, sem t.d. annast viðgerðir ýmiskonar tækja o.s.frv.
- d. Eigendur smáiðnfyrirtækja, alveg jafnt þó um sé að ræða hlutafélag, þar sem hlutafjáreignin er dreifð að meira eða minna leyti. Alveg sérlega skýrlega er sá höldur, sem vinnur hjá slíku fyrirtæki, og er jafnframt meðeigandi, jafnvel þó hlutareign hans

sé ekki stór.

- e. Útvegsbændur allir, sem reka eigin útgerð. Sömuleiðis allir þeir, sem eru meðeigendur í útgerðinni og taka áhættu af rekstri hennar með framlagi áhættufjár.
- f. Höldar geta líka verið menn, sem starfa á eigin spýtur – í frístundum – að einhverju, sem hefur samfélagslegt gildi. T.d. þeir sem halda til varðveislu fróðleik einhverskonar, vinna að menntum, t.d. skáldskap eða listum, sem hafa samfélagslegt gildi. Allt það sem þannig hefur samfélagslegt gildi, það er hér nefnt „hölda-hald“, þess manns, sem um er að ræða – en er þá að sjálfsögðu í flestum tilvikum rótfesta fyrir manngildi hans jafnframt.

Af upptalningunni hér að framan er ljóst að orðin *rótfesta fyrir manngildi* og *höldahald* ná í mörgum tilvikum yfir sama og/eða svipað hugtak. Þó er hér ekki um endurtekningu að ræða nema að því leyti sem hlýtur að verða eðli málsins samkvæmt. Táknið rótfesta fyrir manngildi er miklu víðtækara en hugtakið höldahald – og auk þess að verulegum hluta annars eðlis.

Nú væri eðlilegt að sú spurning vaknaði hjá lesandanum, hverjir væru ekki höldar, samkvæmt þessari skilgreiningu – og ættu sér þá ekkert höldahald við að styðjast.

Svarið er: Það er það fólk, sem gengur að störfum sínum án áhuga fyrir starfinu sjálfu. Það er t.d. starfsmaður, sem vinnur verk sitt eingöngu vegna þeirra launa, sem hann fær greidd fyrir það. Og það jafnvel þó hann vinni verk sitt óaðfinnanlega. Það er t.d. áhugalítill verkamaður, sinnulítill kennari, framtakslítill embættismaður, o.s.frv.

Það eru líka allir þeir, sem ekki vinna, en lifa af opinberu framfæri, þó þeir e.t.v. væru færir um að vinna fyrir sér.

Það eru líka þeir menn, sem látast vera eitt og annað – án þess

raunverulega að vera það – t.d. atvinnustjórnmaðlamenn, sem sinna stjórnmálum ekki af málefnaáhuga, heldur vegna teknanna. Allir slíkir selja vinnu sína eða þjónustu, sem meira eða minna svikna vöru. (Sama má líka segja um talsverðan hóp manna, svonefndra „falsöryrkja“.)

Auk þess eru það allir þeir, sem eru kapitalistar í hugsun. Það eru t.d. þeir, sem vilja ná undir sig auðæfum – til þess með því að geta drottnað yfir öðrum. Til dæmis maður, sem reynir að ná undir sig eða félag sitt allri starfsemi í einhverri vissri starfsgrein, þótt þar gæti verið eðlilegt starfssvið (og þar með hölda-hald) fyrir marga. Slíkur maður er ekki samfélagslegur í hugsun. Hann er ekki höldur, heldur kapitalisti, í andstöðu við farsældar-ríkið. Hann er í andstöðu við þá stefnu að ábyrg eignar- og þjónustuaðild í efnahagskerfinu gefi rými fyrir marga sem hölda-hald þeim til handa.

Auðvitað eru svo heldur ekki höldar þeir, sem beinlínis eru í andfélagslegri afstöðu til samfélags síns og þar með til farsældarríkisins.

Rótfestu fyrir manngildi sitt geta samt ýmsir þessara manna haft – jafnvel t.d. gegnum óeigingjarna baráttu fyrir þjóðlífsformi – sem er í andstöðu við farsældarríkið.

Af skilgreiningum hér að framan kynni sumum að finnast, að höldur þýddi hér það sama og þegnskaparmaður.

Svo er þó ekki. Að vísu má með miklum rétti segja, að allir sannir þegnskaparmenn séu höldar (í hugsun), en höldur getur maður verið, samkvæmt þessari skilgreiningu – einnig þó hann sé ekki gæddur miklum þegnskaparanda.

Því það er einmitt eitt af einkennum farsældarsamfélagsins, að þar er málum svo háttað, að eiginhagsmunaframtaki mjög margra er beitt fyrir hagsmunavagn samfélagsins, en þess aðeins gætt, að þeir verði ekki svo sterkir (í sinni eigin hagsmunabaráttu), að þeir

fái tækifæri til að troða aðra niður.


Ég tek dæmi:

Ef einn bóndi í einhverri sveit tæki upp á því að koma sér upp t.d. 4000 fjár – keypti flestar jarðir í hreppnum og legði mest allt hið sameiginlega ræktar- og beitarland undir sauðfé sitt, þá er þessi maður ekki lengur höldur, heldur kapitalisti.

Og vöxt þessa búskapar ætti að takmarka, t.d. með því að hann fengi ekki ákveðin fríðindi af almannafé (lán – styrki o.s.frv.), þegar bú hans færi upp fyrir ákveðna stærð.

Annað dæmi:

Örn ríki kaupir skip, svo mörg að hann getur nýtt öll fiskimið umhverfis Vestmannaeyjar. Þá er Örn ríki orðinn kapitalisti. Eftir að hann hefur (einn) eignast t.d. 1000 veiðilesta flota, þá eiga bankar og sjóðir að segja: Nei ekki meiri lán handa þér. Það eru fleiri en þú, sem geta gert út á Vestmannaeyjamið. Fyrirgreiðslan á að skiptast milli 50 eða 100 útvegsbænda í Eyjum. Ekki endilega jafnt – en enginn á að fá svo mikla fyrirgreiðslu, að hann geti útrýmt fjölda góðra útvegs-hölda og gleypt þeirra höldahald, – höldahald, sem gæti gefið rými til manngildaþroskunar margra útvegshölda og höldaliðs þess sem þeirra höldahaldi muni tengjast.



Hver er maðurinn?

Hér skal nú leitast við að gera ofurlitla grein fyrir sjálfum efniviðnum í farsældarþjóðfélagið, þ.e. fyrir manninum sjálfum. Hver er hann og hvernig er hann?

Lengi hefur verið siður á Íslandi að spyrja um það hverra manna þessi eða hinn væri, og þóttust menn þá nokkru nær, ef menn vissu ættir og uppruna.

NÝR GESTUR

Ef litið er á aldur mannsins í heimkynni sínu, jarðarkringlunni, kemur í ljós, að hann má þar teljast nýr gestur, sem virðist vera á örri þroskabraut.

Hér koma tölur til viðmiðunar.

1. Talið er að jörðin, heimkynni mannsins, hafi fengið sitt núverandi form að mestu leyti fyrir um það bil 3 milljörðum ára.
2. Menn halda að lífið hafi fyrst komið fram á jörðinni fyrir 2 milljörðum ára.
3. Álitið er, að vera, sem líktist manni hafi fyrst komið fram á jörðinni fyrir um 3 milljónum ára. Það þýðir að maðurinn hefur verið hér í mesta lagi 1/1000 – einn þúsundasta part af tilveru jarðarinnar.
4. Elztu leifar um menningu eru svo ekki nema e.t.v. um 100 þúsund ára gamlar. Það þýðir, að af lífsskeiði mannsins á jörðinni nær *menningarskeið* hans ekki yfir nema e.t.v. 3/100 af lífi hans á jörðinni sem mennskrar veru.

Ekki er með neinu móti hægt að vita hvernig samfélagsformum hinna elztu menningarskeiða hefur verið háttað.

En elztu heimildir um einhver táknnannúðarafstöðu virðist mér að séu nærri eins gamlar og elztu *sögulegar* heimildir, og gæti það stutt þá kenningu (sem ég hallast að) að góðvildin, mannúðin, sé eðlislægur þáttur í manngerðinni.

Þannig er greint frá því t.d. að *Urukagina*, smákonungur í borginni Lagash í Mesópótamíu hafi komið á félagslegum umbótum í ríki sínu um 2700 árum fyrir Kristsburð eða fyrir nær 4700 árum – og raunveruleg félagsleg menningarsaga mannkynsins er ekki mjög miklu eldri.

Hjá spámönnum Ísraelsmanna hinna fornu, allt frá því um 800 fyrir Krist, kemur fram mannúðarleg afstaða og alveg óumdeilanleg umhyggja fyrir samfélagsheill. Meðal þessara spámannna má m.a. nefna Amos, sem var spámaður réttarins og réttlætisins. Hósea fjallar um kærleikshugmyndina og á 7. öld f. Kr. talar Jeremías um nýtt lögmál, sem leitað verði í hjörtun (en ekki á stein eins og Móse-lögin voru, frá um 1300 f. Kr.).

Sama má segja um hina austurlenzku spekinga, Laotse (f. 604 f. Kr.) og Búdda (f. 560 f. Kr.) o.fl., en megin inntak hugmyndafræða þessara spekinga var innhverft og nokkuð svartsýnt (pessimistiskt). Mjög er þar ríkjandi sú hugsun að einstaklingurinn, hver um sig, eigi að leitast við að öðlast sálarheill með þroskandi hugleiðslu. Afstaðan er því þarna ekki samfélagsleg nema öðrum þræði.

Hjá grísku spekingunum, Sókratesi (470-399 f. Kr.), Platóni (427-347 f. Kr.) og Aristótelesi (384-322 f. Kr.) kemur fram háþrúð hugmyndafræði, m.a. um samfélagsleg efni.

Sókrates kenndi að með skynsamlegri íhugun mætti finna reglur fyrir mannlegri breytni, sem væru þannig, að þær samræmdust bæði hamingjuþrá einstaklingsins og hagsmunum samfélagsins (sjá síðar).

Þarna er um að ræða eitt af hinum fyrstu glöggu kennileitum á leið mannkynsins yfir til hins hagkvæma samfélags og til nytjastefnu þeirrar (utilitarianismans) sem hefur alltaf verið meira og minna ríkjandi þáttur í hugmyndafræði síðari alda, um þjóðfélagsmál.

Platón setti fyrstur fram hugmyndir um það, hvernig ríkið ætti að byggjast upp. Raunar eru tvö aðalrita hans um ríkisskipan. Í því fyrra, *Ríkinu*, kemur fram sameignarhugsun og andstaða við grískt lýðræði – en í því síðara, *Lögunum*, er hann orðinn meira lýðræðissinnaður.



Að ofan til vinstri: Sókrates. Að ofan til hægri: Platon. Að neðan: Aristoteles.


Aristóteles lagði mikla áherzlu á *hinn gullna meðalveg*. Hann sagði t.d. að hinn sanni hetjuskapur lægi mitt á milli fifldirfsku og heigulsháttar. Hann skrifaði líka um hina grísku ríkisskipan, sem hann telur góða, en vill þó endurbæta. Hann lagði megin áherzlu á að þjóðin ætti að lúta lögum, en að einstaklingar eða smáhópar mættu ekki vera sterkari en hið rétt kjörna ríkisvald.

Eftir hina þrjá miklu grísku spekinga kemur stóuspekin og Epikurarnir – sem framhald af hugmyndaframlagi þeirra.

Og hinum hugmyndafræðilega kyndli er svo reynt að halda logandi alltaf síðan, en á fyrstu öldum eftir Krist var það hið rómverska ofurveldi, sem hélt aftur af frjálsri hugmyndaþróun á sviði þjóðfélagsumbóta, en svo tók kaþólska kirkjan við og hélt allri hugmyndaþróun að mestu í fjötrum í ein 12 – 1300 ár. Nokkur slökun varð af hálfu kirkjuvaldsins með hreyfingum mótmælenda (protestantista) um skeið á afmörkuðum svæðum.

Rómarréttur og kirkjurétturinn, sem á honum byggðist, er sterkur þáttur í allri þessari þróunarsögu, en lendir að mestu utan við þróunarsögu þeirrar hugmyndafræði, sem hér er verið að rekja.

Jesús kenndi að menn ættu að elska náunga sinn sem sjálfan sig. Í því á kristindómurinn, og raunar fleiri trúarbrögð, samleið með hedonismanum, en þó er grundvöllurinn annar. Trúarbrögðin kenna einstaklingnum hegðun, sem að því er breytni snertir er samstiga hugsjón (ný)hedonismans – en ástæðan er önnur, eða öðruvísi skilgreind, a.m.k. þegar frá líður frumkristni. Sá trúaði á að sýna tillit meðfram til þess að öðlast sjálfur sálarheill í næsta lífi. Hann á að vera góður sjálfs sín vegna. Honum er heitið launum síðar fyrir gæði sín hér á jörð.



Þetta skipurit á m. a. að minna á, hversu sú saga er stutt, sem greinir frá hugmyndum til lífsumbóta binum almenna þjóðfélagsþegni til banda. Valda-kerfi Rómarskis og síðar þáfavalds béli hinna hugmyndafræðilegu þróun niðri, allt frá grísku spekingunum fram á 18. öld. More var drepinn, en Shaftesbury ruddi brautina fyrir hugmyndafræðisíð. Auk þess á svo þetta skipurit að sýna, hvernig hinir ýmsu hugmyndaþöpuðir hafa haft áhrif hver á annan. Ekki ætti að þurfa að taka fram, að hér er aðeins um gróðráttamynd að ræða, að mestu byggða á persónulegu mati höfundar.

Þetta má að vísu túlka á ýmsa vegu, jafnvel sem eigingirni. En hvað sem því líður má telja fullvíst að sá þáttur kristindómsins, sem er jákvæður gagnvart jarðlífinu (þ.e. ekki sá hinn jarðlífsafneitandi þáttur), hafi haft mjög víðtæk áhrif til þess að víkka og dýpka mannúðarandann meðal mannkynsins, almennt talað.

Eins og áður segir varð (spillt) kirkjuvald mestu ráðandi í hugmyndaheimi Vesturlanda í margar aldir og á öllum þeim tíma þróaðist hin eiginlega samfélagslega hugmyndafræði lítið.

Lesandinn er beðinn að hafa í huga, að hér er ekki verið að rekja hugmyndafræði eða heimspekisögu almennt, heldur aðeins lítilla hinn *samfélagslega* eða stjórnarfarslega þátt, að því er snertir umbótahugmyndir hinum almenna þjóðfélagsþegni til handa.


Einveldi, þrælahald og ýmiskonar lénsskipulag hafa sem kunnugt er verið aðaleinkennin á stjórnarfarinu í heiminum lengst af eftir að sögur hófust.

Eftir að grísku spekingunum sleppir, nokkru fyrir Krists burð, sýnist mér ekki vera um að ræða stóra viðburði á þessu sviði þar til á 18. öld. Upphaf þeirra tímamóta tel ég frá Shaftesbury lávarði. (Sjá tímabilsafmörkun mun ekki almennt sett þannig.)

SHAFTESBURY LÁVARÐUR (1671-1713)

Anton Ashley Cooper Shaftesbury, var enskur heimspekingur og mannvínur. Aðalrit hans kom út 1711. Hann leggur áherzlu á samband siðrænnar afstöðu og fegurðarskyns. Hin mikla dirfska hans kemur fram í því, að hann vogar sér út í *að setja hið siðræna ofar trúarkenningunum*. Þetta var óhemju djarft á hans tíma, en honum tókst að gera þetta þannig, að ekki heppnaðist að fá hann dæmdan til sektar eða lífláts. Hann var mikill aðdáandi Aristótelesar.

Hann telur hina kristnu kenningu, sem var ríkjandi í hans samtíð,



þ.e. kenninguna um umbun og hegningu (himnaríki og helvíti) ekki fullkomlega siðræna. Hann leggur áherzlu á að hin sanna góðvild sé ótengd allri eigingirni. Þetta hefur líka verið sagt þannig: „Ekkert er gott nema hinn góði vilji einn saman.“ (Kant).

Hinar djarflegu hugmyndir í ritum Shaftesburys fóru sem frelsandi andi um allan hinn vestræna heim. Hann braut viðjar stírnandi fræðikerfa trúarbragðanna.

Shaftesbury dó ungur, aðeins 42 ára gamall, en andi hans lifði og hafði áhrif bæði á hugmyndalíf almennings og á hugmyndir og kenningar svo til allra helztu hugsuða í Evrópu, alla 18. öldina og svo áfram gegnum hugmyndasköpuði næstu alda.

Voltaire, Herder, Goethe, Rousseau, Hume og Leibniz eru nefndir meðal þeirra stórmeistara, sem hann hafi haft áhrif á.

Sá er þetta ritar, leggur þann skilning í framlag hins mikla eldhuga, Shaftesburys, að enginn hinna ofangreindu meistara hefði getað sett fram sínar kenningar án þess að hann hefði verið búinn að plægja jarðvegin.

En vafalaust má svo bæta við þessa upptalningu þeim hugsuðum, sem hér á eftir verður greint frá. Sagt er frá þeim vegna þess að þeir hafa öðrum fremur byggt upp það hugmyndakerfi, sem ríkjandi er í okkar samtíð. Þeir hafa verið hinir miklu áhrifavaldar í því að leggja hinn hugmyndafræðilega grundvöll að ýmsu því bezta, sem til er í samfélagsformum Vesturlanda, og þar með hér á Íslandi.

STUTT SAGA

Það, sem sagt hefur verið í kaflanum hér að framan, svarar ekki spurningunni um það hver maðurinn sé – en að dálitlu leyti svarar það spurningunni um það „hverra manna“ hann er.

Þetta er sett hér fram til að reyna að varpa ljósi á það, *hvað hin félagslega þróunarsaga mannsins er ákaflega stutt.*

Síðustu stóru skrefin er verið að stíga í tíð langafa þeirra, sem nú lifa og alveg fram á okkar daga.

Þetta sýnir að mannkynið er í örri félagslegri þróun. Engin ástæða er því til vonleysis um þróun mannkynsins, heldur þvert á móti.

En þessi upptalning, eða stíklun á staksteinum, á líka að sýna, að maðurinn er svo að segja alveg nýlega kominn úr dýrshamnum. Kannski mætti orða þetta svo, að nútímamaðurinn hefði mannsaugu, sem gæðust fram úr þeim dýrsham, sem hann þó eðlilega ber sem þjakandi byrði á báðum öxlum. En mannsaugu hefur hann óneitanlega. Það sýnir hæfni hans til að setja sig í annarra spor, og það birtist einnig í hæfileikum hans til að gægjast inn í lögmál náttúrunnar.

Maðurinn er farinn að brjóta heilann um sína eigin tilveru og tilganginn með henni.

EIGINLEIKAR MANNSINS

Einmitt í ljósi þess, hversu saga mannsins er stutt, sem mannveru – vegna þess hve hann á skammt ættir að rekja til dýrsins – er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, að hinir mannlegu eiginleikar hans eru ekki fast mótaðir. Þeir eiga í vök að verjast fyrir hinum minna þróuðu eiginleikum, hinum dýrslegu. Með þetta í huga þarf að haga skipan samfélagsins: Gefa hinum jákvæðu öflum svigrúm til að njóta sín til góðra verka og átaka, en hamla gegn misbeitingu hinna miður góðu afla.

Margir menn eru yfirgnæfandi mannúðlegir, velviljaðir, óeigingjarnir og fórnfúsir. Og alveg vafalaust er eitthvað meira og minna af slíkum eiginleikum í svo til hverjum einasta manni. Flest bendir því til að mannúðin, góðvildin, sé eðlislægur eiginleiki. En auðvitað er eigingirnir einnig ákaflega ríkur þáttur í eðli manna. Og meðal annars vegna þess, hversu mikil orka og framtakssemi er tengt einkahagsmunum, þá þarf að virkja það afl til almannaheilla, en reisa skorður þannig að orkan beinist til framgangs almannaheilla, en ekki gegn þeim.

Þetta er gert í hinu frjálsa hölda-þjóðfélagi, þar sem komið er í veg fyrir, með samfélagsaðgerðum, að þeir sterku undiroki aðra – og líka komið í veg fyrir að hin dauða hönd ópersónulegs sameignarskipulags komi og eyðileggi framtaksgetu og framtaksþörf hinna mörgu.

BROT ÚR HUGMYNDASÖGU

Í næstu köflum verður greint nokkuð frá örfáum af þeim, mönnum, hugsuðum og hugmyndafræðingum sem sett hafa fram kenningar, er orðið hafa örlagaríkar um mótun þess lífs, þess andlega og efnislega umhverfis, sem við hrærumst í á okkar tímum.

Er það gert í því skyni, að rekja stig af stigi, hvernig hugmyndasköpuninni og skilningnum á þjóðfélagsmálunum hefur undið fram á göngu mannkynsins það örlitla brot af æviskeiði þess, sem liðið er, síðan ríkjaskipan tók að þróast.

Upphafið virðist vera hjá súmerum og egyptum. Svo koma spámenn gyðinga, þar næst þrímenningarnir grísku. Eftir þá koma stóuspekingar, Epikúrar o.fl.; Markús Aurelius, Ágústínus kirkjufaðir og Tomas af Aquino mundu svo flestir nefna.

Þessir 3 síðastnefndu voru miðaldarmenn. En þeir grundvölluðu hugmyndir sínar að verulegu leyti á afstöðu til annars lífs, og lenda því, að vissu leyti, utan við atburðarás þá, sem í riti þessu er ofurlítið reynt að rekja, en það er þróun hinnar jákvæðu mannúðarstefnu (húmanisma) og nytsemissstefnu í þágu heillastefnu (hedonisma). Þess vegna er línan rakin hér beint frá hellenska þrístirninu yfir til Shaftesburys.

Síðan kemur Adam Smith, með nýjan skilning á þeim öflum, sem ráða í markaðsþjóðfélögunum, sem á hans dögum eru í mótun.

Jeremy Bentham og John Stuart Mill koma svo með nýjar kenningar, sem verða undirstaða þeirra hugsjóna, sem f-stefnan byggir á.

En um sama leyti setti Robert Owen fram sósíalískar kenningar, en varð jafnframt höfundur kaupfélagsskaparins. Þó hér sé ekki verið að rekja sögu sósíalismans, þá er e.t.v. villandi að geta ekki aðeins um merkilegan fyrirrennara Roberts Owen, sem var hinn



Tomas More (1478—1535) mun mega telja höfund hins eiginlega kommúnisma. Hann lagði mikla áberzlu á sameignina og jöfnuðinn. Allir áttu að vera eins klæddir. Allar götur í bæjum jafnbreiðar og jafnlangar. Og 10. hvert ár áttu allir að skipta um bústaði „til að tengjast ekki heimilunum um of.“ Hann hafði megnan viðbjóð á því, hvernig þeir ríku og embættismennirnir kúguðu þá sem unnu.

Hinrik 8. lét hálshöggva hann vegna trúarskoðana.

djarfi (þó strangkapólski) hugsuður sósíalismans, Tomas More. En Hinrik 8. lét hálshöggva hann. More er í sínum verkum undir greinilegum áhrifum frá *fyrri hlutanum* af kenningum Platóns um ríkið.

Ricardo tók hluta af kenningum Adams Smiths og útfærði kenningakerfi (Laissez-faire). Eina af kenningum Ricardos tók svo Say hinn franski og setti fram Says-lögmálið, sem Keynes sannaði 130 árum síðar að var rangt, eða stóðst ekki í nærri öllum tilvikum.

Malthus prestur, vinur (en þó andstæðingur) Ricardos, kom fram með tvær stórmerkilegar kenningar. Önnur þeirra var sú sem oft er nefnd Malthusardraugurinn, en það er sú kenning að hætta sé á að mannkyninu fjölgi svo mikið að jörðin geti ekki fætt það. Þessi draugur ógnar mannkyninu á okkar dögum. Hin kenning Malthusar var sú, að þróun markaðslögmálanna og kapitalismans mundu leiða til kreppumyndana. Einnig þetta hefur reynzt rétt.

Nú verður sagt ofurlítið frá þessum mönnum, örlagavöldum sögunnar á síðustu öldum.



Adam Smith
(1723-1790)

Adam Smith er fyrsti og frægasti hagspekingur allra tíma. Hann var kennari við Glasgow-háskóla. Einn af vinum hans var hinn frægi heimspekingur David Hume, sem hann lærði mikið af. Strax á unga aldri varð þessi óásjálegi skoski piparsveinn frægur fyrir háskólafyrirlestra sína. Árið 1759 gaf hann út bók sína: Heimspekilegar siðfræðihugmyndir (Theory of Moral Sentiments). Þar hélt Smith því fram m.a., að hin æðri siðræna afstaða mannsins byggðist á hæfileikanum til að setja sig í annarra spor. Þessi bók vakti mikla athygli víða um Evrópu, og einnig miklar deilur.

1764 fékk Smith tilboð um að vera einkakennari ungs, ríks aðalsmanns. Þetta embætti veitti honum rúman fjárhag og tækifæri til ferðalaga víða um Evrópu. Í þeim mikla frítíma sem Smith fékk á þessum árum, fór hann að dunda við að skrifa ritgerðir um þjóðhagfræði (national ökonomi). Að nokkru leyti voru þetta



*David Hume (1711—1776),
skoðkur heimspekingur, sem
hafði mikil áhrif, m. a. á Adam
Smith.*

úrdrættir úr fyrirlestrunum frá Glasgowntímanum, og upprifjun á samræðum hans við David Hume o.fl.

Í Frakklandi kynntist hann merkilegum hugsuði, M. Quesnay (en hann var líflæknir hinnar frægu frú Pompadour). Quesnay hafði grundvallað frumlegt kenningakerfi á sviði þjóðhagsfræðinnar.

Hin ríkjandi kenning á þessum tíma var sú, að hinir dýru málmar, svo sem gull og silfur, væru hin einu sönnu auðæfi. Quesnay læknir hélt því fram, að þetta væri rangt. Hin sönnu auðæfi, sagði hann að væri framleiðslan, sem *flæðir* gegnum þjóðarlíkamann, og fullnægir öllum tegundum þarfa á tilsvarendi hátt og blóðið flytur næringu og endurnýjun til allra líkamshluta.

Sjálfur Mírabau (sá eldri) talaði um þessa hugmynd Quesnays sem mikilfenglegt afrek. Hugmyndin hreif Adam Smith og hafði áhrif á verk hans.

1766 varð skjótur endir á ferðalagi Adams Smiths, vegna breytinga á högum aðalsmannsins. En nú hafði Smith fengið svo brennandi áhuga á verki sínu um þjóðhagsfræðina, að hann settist

að í heimaþorpi sínu í Kirckaldy í Skotlandi og stritaði þar látlaust við ritverk sitt næstu tíu ár. Verkið kom þar út 1776 og er ákaflega yfirgripsmikið. Sumir telja reyndar að aðalefni verksins sé ekki sérlega frumlegt, en mikilvægi þess lá hvað mest í því að Smith dró þar saman og færði í kerfi hugmyndir fyrri manna og samtíðarmanna sinna um þjóðhagsmál. Talið er, að hann nefni hundrað höfunda í bók sinni og meðal þeirra má telja fræga menn svo sem Locke, Mandeville, Quesnay og Hume.

Með verki sínu varpaði Smith nýju ljósi á viðfangsefni hagfræðinnar. Eitt af einkennum bókarinnar er það, að þar er ekki dreginn taumur neinnar sérstakrar stéttar. Smith leggur megin áherzlu á að gera sér grein fyrir því *vélræna samfélagi*, sem ríkjandi var á hans dögum. Hann leitast við að gera mönnum ljóst, hvaða öfl haldi samfélagsbyggingunni saman. Hann skilgreinir „lögmál markaðarins“. Hann talar um „hina ósýnilegu hönd“ sem stjórnir óskum einstaklinganna þannig, að það komi samfélaginu að gagni.

Smith leggur áherzlu á, að sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna og samkeppni þeirra við að mæta þörfum markaðarins, sé hin mikla drifffjöldur til vaxandi velgengni samfélagsins í heild.

Eitt af þeim atriðum í kenningakerfi Smiths og það sem hvað mest áhrifhefur haft, og mjög hefur verið notað í hinni hugmyndafræðilegu baráttu alla tíð síðan, er hin svonefnda *Laissez-faire*-stefna.

Mér hefur komið til hugar að þýða þetta orð á íslenzku og tala um frímarkaðsstefnu. En meginatriði í þessari stefnu er í því fólgið, að markaðslögmálin beri að láta þróast óhindruð. Meðal annars megi ríkisvaldið ekki, nema sem minnst, grípa inn í þróun markaðsmálanna með afskiptum sínum. En vel að merkja, Adam Smith var líka mjög andvígur öllum tegundum afeinokunarstarfsemi. Hann vildi láta framboð og eftirspurn ráða markaðinum algjörlega frjálst, og þar með verðmynduninni. Og hann virðist ekki reikna

með stéttarfélögum sem þjóðlífsafli.

Í reynd virðist Smith hafa litið svo á, að neytandinn, þ.e. kaupandi framleiðslu og þjónustu, eigi að vera hinn raunverulegi herra yfir markaðinum og þar með yfir þróun framleiðslunnar.

En hver var Adam Smith?

Spámaður auðvalds og íhalds, munu sumir segja. Fyrsti mikilhæfi höfundurinn á sviði hagfræðinnar, munu aðrir segja.

En eins og skelfileg ósköp af ranglæti, kúgun, styrjöldum, galdrabrennum o.s.frv. hafa verið framkvæmd í nafni hins göfuga og milda Jesú frá Nasaret, hefur mikið ranglæti, kúgun og félagslegt ofbeldi verið framið beint og óbeint í nafni hins hægláta mannvinar, Adams Smiths.

Í mínum huga er framlag Adams Smiths mikilvægt kennileiti á göngu mannkynsins til bættra samfélagshátta, – næsta kennileitið, sem fram kemur á eftir þeim Sókratesi, Platóni og Aristotelesi. Þar á milli liggja um 2000 ár. En svo var skammt að bíða mikilla viðburða á þessu sviði, sem senn verður að vikið.

Þegar hugmyndaframlag A. S. er skoðað, er nauðsynlegt að hafa í huga ríkjandi aðstæður í samfélagi hans.

Ný þjóðfélagsskipan hafði fæðzt með miklum þjáningum. Þetta var samfélagsskipan markaðslögmálanna, en sú þróun hafði staðið yfir frá því á 14. öld fram á daga Adams Smiths. Á 13., 14. og 15. öld var í Englandi fjölmenn stétt sjálfstæðra smábænda – og nokkur ró og jafnvægi í brezka þjóðfélaginu. Í lok 16. aldar hafði mikil þróunarbylting átt sér stað og átti þó enn langt í land að fullþróast.

Auðvald þeirra tíma, jarðeignaaðallinn, er að reka bændurna frá búum sínum til að geta ræktað þar sauðfé, einkum til ullarframleiðslu, því nú var ullin orðin svo verðmæt vegna vaxandi verksmiðjutækni í ullarvinnslu. Þetta gekk ekki átakalaust. Bændurnir reyndu upphot. Nokkrar þúsundir þeirra voru drepnar. En flestum vísað út á

verganginn. Gróðasjónarmið kapitalistanna voru allsráðandi. Engin pólitísk forysta var til, til þess að gera breytingarnar þolanlegar fyrir þjóðfélagsþegnana, eða til að aðlaga þarfir þeirra til samræmis við hina tæknilegu byltingu. Þróun hins kapitalíska hagkerfis varð ekki stöðvuð.

Adam Smith skýrði fyrir mönnum þá krafta, sem þarna voru að verki – í raun án þess að leggja mikið til málanna um breytingar.

Skilgreiningin á markaðsöflunum er hið stórbrotna framlag Adams Smiths. Samtíð hans krafðist skýringa á sínu eigin eðli, og Smith varpaði ljósi á málin með sinni óviðjafnanlegu skarpskyggni. Smith var andvígur einokun stéttarféлага, jafnt sem hverri annarri einokun. Þó hlutlaus væri og vísindalegur fyrst og fremst, þá var hann greinilegur andstæðingur jarðeignaaðalsins. Og vafalaust tel ég að nú mundi hann vera andstæðingur auðhringa – þó það séu nú einmitt þeir, sem hafa notað kenningar hans í sína þágu.

Því er svo skemmst frá að segja, að íhaldsflokkar og svo ýmsir flokkar, sem kenna sig við frjálslyndi, hafa með réttu eða röngu gert Adam Smith að sínum spámanni.

Hugmyndir hans hafa verið kenndar (stundum meira og minna rangtúlkaðar) sem undirstöðufræði fyrir hagfræðinga í flestum háskólum hins vestræna heims, í nærfellt tvö hundruð ár.

Nafn hans hefur verið notað til að varpa vísindalegum ljóma á hinn taumlausa áróður nútíma auðhringa – á frekju þeirra og yfirgang. Þegar þeir hafa verið að mala undir sig heilar atvinnustéttir ýmissa þjóða, hefur því verið haldið fram að hér væru að verki hin vísindalegu helgu lögmál, sem spekingur spekinganna, sjálfur Adam Smith, hefði helgað.

SAYS-LÖGMÁLID

Hagspekingurinn Ricardo gerði, eins og áður segir, ýmsar mikilvægar athuganir á lögmálum efnahagslífsins – og byggði á þeim grundvelli, sem Adam Smith hafði lagt. Eina af kenningum Ricardos tók fransmaðurinn J. B. Say sérstaklega fyrir, og gerði grein fyrir henni á svo glöggan og eftirminnilegan hátt, að hún er síðan við hann kennd og kölluð Says-lögmálið.

Unnt er að gera grein fyrir Says-lögmálinu með tveimur einföldum skilgreiningum:

- a. Ásókn neytenda í vörur og þjónustu, þarfra sem óþarfra, eru engin takmörk sett.
- b. Kaupgeta almennings er tryggð af sjálfu sér, vegna þess að það að framleiða einhverja vöru kostar peninga, og kostnaðurinn við framleiðslu vörunnar, plús ágóðinn, sem framleiðandinn fær, það tvennt skapar kaupgetu, sem tryggir að alltaf verður til nægileg kaupgeta til að kaupa upp allar þær vörur, sem framleiddar eru. Framleiðslukostnaður + ágóði – „skilur eftir sig“ nákvæmlega mátulega kaupgetu hjá þeim, sem framleiddu og seldu vöruna, til þess að þeir öðlist hina hæfilegu kaupgetu.

Dæmi:

Húsgagnaframleiðandi lætur framleiða stól, og borgar tíu aðilum fyrir ýmiskonar vinnu og efni við að framleiða stólinn t.d. 1000,- krónur hverjum, sama sem 10.000 kr. Svo selur hann stólinn fyrir 13.000,00 sem er kostnaður hans og ágóði. Við þessa framkvæmd hefur þá skapast 13.000 krónu kaupgeta hjá öllum þessum aðilum samanlagt. Fyrir það geta þeir keypt af næsta aðila, og svo koll af kolli. Þetta lögmál, Says-lögmálið, átti svo að halda efnahagsvélinni – markaðskerfinu – í gangi og „stilla vélina rétt“.

Ricardo átti sér vin sem Malthus hét. Malthus var svartsýnismaður og efaðist um að þessar kenningar Says og Ricardos mundu standast í reynd þegar til lengdar léti. Hann virðist hafa grunað að vöruframleiðslan gæti orðið svo mikil, að ekki fengjust kaupendur



Malthus (1766—1834).



Ricardo (1772—1834).

VINIRNIR

Malthus prestur og Ricardo, gróðamaður og frægur hagfræðingur, voru miklir vinir. En þeir rifust alltaf þegar þeir hittust, og máttu þó varla hvor af öðrum sjá. Malthus hélt því fram að hið frjálsa markaðskerfi frímarkaðsstefnan (laissez-faire) mundi leiða til kreppumyndana og hörmunga. Hann er líka talinn höfundur að kenningunni um offjölgun mannkynsins (sem afi hans er þó reyndar höfundur að). Kenning þessi er við hann kennd og nefnd Malthusar-draugurinn. Ricardo byggði á Adam Smith og hélt mjög eindregið fram ágæti hins frjálsa markaðskerfis – og taldi hættulegt að ríkisvaldið skipti sér af lögmálum þess. Ricardo hefur verið einskonar spámaður íhaldsafla en þó viðskiptafrjálsræðis í um 100 ár. Að mati höf. hefur komið á daginn, að Malthus prestur hafði rétt fyrir sér, en Ricardo rangt, þó Malthus yrði að láta í minni pokann meðan báðir lifðu. Þeir hafa þó báðir orðið heimsfrægir af ritum sínum.

að henni allri og þá kynnu að myndast viðskiptakreppur. En efasemdir hans voru kveðnar niður, ekki sízt eftir að fundið var hið „bráðsnjalla“ Says-lögmál. En síðari tímar áttu einmitt eftir að sanna, að grunsemdir Malthusar um kreppumyndanir voru á rökum reistar. Samanber það sem síðar greinir um kreppumyndanir hins kapitalíska hagkerfis (Karl Marx).


Óneitanlega var framlag Adams Smiths mikilvægt fyrir almennan skilning á lögmálum hagkerfa. Íhalds- og frjálslyndisstefnur eigna sér hann – en vissir þættir í kenningum hans eru sigildir fyrir allar stefnur.

En svo eru það einkum þrír samlandar Adams Smiths, sem á vissan hátt taka við af honum, en leggja þó nýjan grundvöll – bæði hagstjórnarlegan og siðferðilegan. Þessir þrír menn eru þeir Robert Owen, Jeremy Bentham og John Stuart Mill.

Robert Owen
(1771-1858)

Einn af þeim mönnum, sem tvímælalaust hafa haft mikil áhrif á framvindu sögunnar með göfuglyndi sínu, skarpskyggni og hugmyndaauðgi, er Robert Owen.

Hann var fæddur í Wales 1771, af fátækum foreldrum. Níu ára lauk hann skólagöngu sinni og var settur í námsvinnu hjá matvörukaupmanni. Fljótlega fór hann á eigin spýtur til Manchester og setti á stofn sína eigin smiðju, þar sem hann framleiddi vissa tegund af tóvinnuvélum. Stofnféð var £100.-, sem hann hafði fengið að láni hjá bróður sínum. Tæplega tvítugur varð hann svo forstöðumaður spunaverksmiðju sem hann stjórnaði fyrir annan mann. Fáum mánuðum seinna bauð eigandinn honum fjórðapartseignarhlut í fyrirtækinu.



Eftir að hafa stjórnað spunaverksmiðjunni í nokkur ár, frétti Owen um verksmiðju, sem væri til sölu í smábænum New Lanark. Hann fór til eiganda þessarar verksmiðju og tókst að fá hana keypta að mestu leyti í skuld. (Hann hafði raunar áður felld hug til dóttur eiganda þessarar verksmiðju og gekk nú að eiga hana.)

Á einu ári gjörbreytti hann verksmiðjunni til bóta, þannig að hún varð óþekktanleg. Og á skömmum tíma breyttist þorpið undir hans forystu, þannig að víðfrægt varð. Samtímis græddi hann stórfé á rekstri verksmiðjunnar, svo að hann varð fljótt vel efnaður maður.

Meðal endurbóta sem Robert Owen kom á í verksmiðju sinni, var stytur vinnutími (sennilega úr 84 stunda vinnu á viku) og hann lagðist einnig gegn þrælkun barna í verksmiðjunum. Sömuleiðis lagði hann mikla áherzlu á að umhverfi starfsfólksins væri vistlegt.

Milli 1816 og 1820 reið ein af viðskiptakreppum þeirra tíma yfir England. Nefnd, sem skipuð var til að ráða bót á vandamálunum, ráðfærði sig við Owen, enda var hann nú þegar orðinn frægur. Hann

kom strax fram með tillögur, sem fólu í sér róttækar hugmyndir um miklar þjóðfélagsumbætur. Í rauninni var þó hér um meira að ræða, því þarna lagði hann fram, sennilega fyrstur manna í heiminum, hugmyndina um vissa tegund af samvinnubúskap. Hann sagði, að lausnin væri fölgín í því, að gefa fólkinu tækifæri til að vinna, því það gæti af sér aukna framleiðslu.

Samyrkjubú Owens áttu að vera þannig skipulögð, að þau mynduðu smábæi með um þúsund íbúum hvert, þar sem stunduð væri bæði *matvælaframleiðsla og fjölbreytt iðnaðarvörufframleiðsla, þannig að hver smábær gæti að mestu fullnægt sínum eigin þörfum*. Einkaeignarrétturinn skyldi afnuminn og hætt skyldi að nota peninga. Í rauninni var hér um að ræða hugmynd að vissri tegund af sósíalískri uppbyggingu. Þessar hugmyndir gengu auðvitað þvert á ríkjandi stefnu, þ.e.a.s. Laissez-faire-stefnuna, sem kennd var við Adam Smith. Menn afþökkuðu hugmyndir Roberts Owens. En Robert Owen var ekki þeirrar gerðar maður, sem gefst upp við fyrstu tilraun. Hann krafðist þess, að hugmynd sín yrði reynd og skrifaði fjölda bréfa, bæði til þingsins og einstakra áhrifamanna. Og þó ótrúlegt sé, var niðurstaðan sú, að ríkisstjórnin setti á laggirnar nefnd 1819, sem fékk það verkefni að útvega um £100.000.-, sem áttu að nægja til að gera tilraunina.

Ricardo, sá sem áður er nefndur, var í þessari nefnd og hafði áhuga á tilrauninni þó íhaldshagfræðingur væri. En flestir aðrir höfðu enga trú á henni, þannig að ekkert varð úr fyrirætlunum.

En Robert Owen var ekki á því að láta stöðva sig, enda var hann nú orðinn ríkur maður. Hann seldi þess vegna eignir sínar í New Lanark, fór með fé sitt til Ameríku og stofnaði sitt eigið fyrirtæki í samræmi við sínar ákveðnu sósíalístísku hugmyndir.

Starfsemin hófst þar 1826. Þar skorti ekki á djarflegar yfirlýsingar um afnám eignarréttarins, andlegt frelsi o.s.frv. Hann nefndi staðinn

New Harmony (Nýja samræmið). Þessi merkilega starfsemi hins óviðjafnanlega hugsjónamanns varð fyrir svikum og prettum allskonar niðurrifsaflla og skemmdarvarga, og eftir tvö ár varð ljóst, að tilraunin hafði misheppnast og Owen hafði misst mestan hluta eigna sinna.

Enn reyndi hann að fá nokkra mikla áhrifamenn í Ameríku til að veita sér stuðning, en án árangurs. Robert Owen hvarf vonsvikinn aftur til Englands. En þegar hann kom heim, kom í ljós, að hugmyndir þær, sem hann hafði sett fram í ræðu og riti meðan hann var í New Lanark, höfðu skotið rótum í hugmyndaheimi margra samlanda hans, einkum meðal verkafólksins.


Fyrstu stéttarfélögin voru í sköpun, og víða um England voru nú stofnuðsamvinnufélög. Sumtafþeim voru framleiðslusamvinnufélög, en sumt kaupfélög. Framleiðslusamvinnufélögin misheppnuðust öll með tölu, en kaupfélagsskapurinn náði fótfestu og varð síðar brezku alþýðustéttinni til mikilla heilla.

Það voru 28 vefarar, sem stofnuðu fyrsta kaupfélagið. Þeir kölluðu sig Rochdale-brautryðjendurna, upptendraðir af hugsjónum Roberts Owens. Í rauninni gaf Robert sjálfur þessari starfsemi lítinn gaum, að minnsta kosti í fyrstu. Hér var því um að ræða eins konar aukaafurð frá hans stórbrotna hugsjónaframlagi.

En það er af Robert Owen að segja, að eftir þetta helgaði hann sig félagsmálahreyfingum enskra verkamanna, og er af því mikil saga, sem ekki verður rakin hér.

En einum mánuði á undan Rochdale-mönnum var heldur stærri hópur að stofna til kaupfélagsskapar norður á Íslandi, þar sem svo að segja hvert orð „rímar við“ kenningar hins mikla hugsjónamanns Roberts Owens (sjá síðar).

Jeremy Bentham
(1748-1832)



Sá maður, sem ég tel að hafi haft meiri umbótaáhrif en flestir aðrir á hugmyndalíf samtíðar sinnar og alla stund síðan, var Englendingurinn Jeremy Bentham. Hann hefur verið kallaður „sérvitringurinn frá Westminster“, því hann fór í mörgu sínar eigin leiðir.

Bentham var vel efnaður maður, og gat þess vegna leyft sér að verja tíma sínum í að hugsa og skrifa, enda skrifaði hann mestan hluta ævi sinnar. Hann var bæði heimspekingur og þjóðhagsfræðingur – en einnig mikill umbótamaður á sviði löggjafar og fangelsismála.

Hann endurbætti margar af athugunum Adams Smith. Þær hugmyndir, sem hann boðaði (ásamt John Stuart Mill), hafa haft meiri áhrif en flest annað til að skapa þann mannúðaranda, sem smám saman hefur verið að vinna hugi manna á Vesturlöndum, alla tíð síðan hann setti kenningar sínar fram.

Jeremy Bentham hafði mikinn áhuga fyrir framgangi vísindanna, m.a. þess vegna gaf hann líkama sinn til krufningar. En beinagrind

hans var klædd vaxi og færð í mynd Benthams og klædd í fötin hans.

Eitt sinn þegar ég var staddur í London, gerði ég mér ferð til þess að fá að skoða nokkur af handritum þessa merkilega manns. Það lá við að mér brygði í brún, þegar mér birtist allt í einu Bentham sjálfur sitjandi í glerkassa á miðjum skólagangi með stafinn sinn í hendinni!

Hverjar eru svo helztu kenningar Benthams?

Hann leggur mjög mikla áherzlu á það, *að vanda beri þjóðmálaforystuna. Ef hin hugmyndafræðilega þjóðmálaforysta er fyrir hendi, ljóst og vel skilgreind, þá verður hún farvegur og mótunarafl fyrir mannást þegnanna, sem þá verða tilbúnir til að framkvæma sín góðu verk, innblásnir af hugsjónalegri hrifningu.*

Bentham er postuli nytjastefnunnar, (utilitarianismans). Markmið þjóðmálaforystunnar á að vera að leiða framkvæmdavilja fólksins þannig, að það geri sem flestum fært að njóta sem mestrar hamingju og jafnframt að útrýma sem mestum þjáningum og óhamingju.


Um löggjöfina segir Bentham, að ef hún á að verka sem uppeldisafli í samfélaginu, þá verði hún umfram allt að vera mannúðleg. En löggjöfin dugir ekki ein til að skapa hið hagkvæma samfélag, skynsemin á að kenna mönnum að vera þegnskaparmenn.

Eftir kenningum Benthams á ekki aðeins hver einstaklingur að vera nokkurs konar hamingjuaflvaki, heldur á allt samfélagið að vera nokkurs konar *hamingjuvél*.

Hin siðræna afstaða og fórnarlund byggist á samúðinni. En þann eiginleika telur Bentham meðfæddan.

Siðakenning hans var: Allir menn eiga að stefna að því í lífi sínu og breytni að samfélagið skapi „mestu mögulegu hamingju fyrir sem flesta“.

Og svo kemur hinn mikli hugsuður og göfugmenni til sögunnar: John Stuart Mill.



JOHN STUART MILL
(1806-1973)

Undramaðurinn J. S. Mill kom í kjölfar Benthams og hefur markað djúp spor í hugmyndasögu mannkynsins. Einnig hann var Engendingur.

Ungmennafélagshreyfingin og ýmsar aðrar samfélagslegar umbótahreyfingar nítjándu og tuttugustu aldar má hiklaust rekja beint til þessa mikla hugsuðar og hugsjónamanns.

Faðir J. S. Mills var James Mill, sem sjálfur var heimspekingur, mikill sögumaður og höfundum ýmissa smárita, sem hann gaf út um áhugamál sín. Hann var mikill vinur bæði Ricardos og Benthams.

James Mill hafði sínar sérstöku skoðanir á flestum málum, ekki sízt á uppeldismálum, og er erfitt að gera sér grein fyrir hvort réttara er að tala um son hans, J. S. Mill, sem njótanda eða þolanda hinna undarlegu hugmynda hans um uppeldismál.

J. S. Mill var fæddur 1806. Sagt er að hann hafi verið látinn læra grísku strax á fjórða ári. 7 ára hafði hann lesið mest af verkum Platóns. Fyrir 10 ára aldur var hann látinn lesa rit Aristótelesar, Aristófanesar, Virgils og margra fleiri. Á bernskuárum skrifaði hann sögu Rómverja og sögu Hollendinga og ágrip af heildar-

mannkynssögu fyrri alda. Hér var um undrabarn að ræða.

Einhversstaðar hefi ég rekizt á umsögn sálfræðings um Mill, sem telur hann hafa verið einn af tveimur eða þremur gáfuðustu mönnum, sem mannkynssagan kann frá að greina.

Þegar hann var 13 ára er sagt að hann hafi þekkt allt sem vitað var þá í heiminum á sviði þjóðhagsfræði (national-ökonomie). Faðir hans lét hann engin frí hafa „til að forða honum frá að fá áhuga á letilífi“.

Mann undrar að hin harða vinna, sem drengurinn var látinn inna af hendi á unga aldri, skyldi ekki skemma hann andlega. Raunar angraði þunglyndi hann mjög á stuttu tímabili um tvítugsaldur, en hann náði sér alveg. En nú fór Mill að velja sér léttara og persónulegra lestrarefni, svo sem verk Goethes og Saint-Simons. Og nú leið ekki á löngu þar til að hann kynntist þeirri konu, sem hann elskaði upp frá því. Þessi kona var frú Harriet Taylor. Hún var því miður gift, en samt sem áður skrifuðust þau á í tuttugu ár, ferðuðust saman og bjuggu saman (allt í mesta sakleysi, segir sagan). En svo tók Guð Taylor gamla til sín, þannig að Harriet og John gátu gift sig. Harriet var stórgáfuð kona. Hún var Mill góð eiginkona, en hún var einnig ómetanlegur andlegur félagi hans og mikil hjálparhella í hans mikla höfundarstarfi. Hún blés honum í brjóst virðingu fyrir réttindum kvenna, og studdi hann í hinni miklu mannréttindabaráttu yfirleitt.

Aðalrit sitt: *Lögmál þjóðhagsfræðinnar* (Principles of Political Economy) skrifaði Mill þegar hann var um þrítugt, en hafði þá verið að undirbúa það og hugleiða frá barnsaldri. Hvert var svo framlag Mills til þjóðhagsfræðinnar?

Hann sýndi fram á, að hið raunverulega verksvið fyrir lögmál hagfræðinnar snerti *framleiðsluna* en ekki fyrst og fremst dreifinguna. „Þegar hver hlutur hefur verið framleiddur eins og bezt verður gert, þá getum við eða þjóðfélagið gert hvað sem

okkur sýnist við hlutinn.“ Ennfremur: „Skipting gæðanna ákveðst af lögum og reglum samfélagsins. Þessar reglur gilda í hinum ýmsu löndum á hinum ýmsu tímum.“ Vert er að veita athygli hinum grundvallandi mun á þessari kenningu Mills og hinum lögmálsbundnu og þvingandi reglum, sem Ricardo hafði sett fram í framhaldi af athugunum Adams Smith, um framleiðslu og neyzlu, þ.e.a.s. frímarkaðsstefnunni („laissez-faire“-kenningunni).

Mill segir ennfremur:

Efsamfélagið fellir sig ekki við þá þróun, sem markaðslögmálin leiða af sér, þá er sá möguleiki alltaf fyrir hendi að breyta skiptingunni. Þjóðfélagið getur skattlagt eða styrkt eftir atvikum. Það getur meira að segja gert eignir upptækar og skipt þeim á ný, eins og því sýnist, (stórjarðeignir, jarðhitaréttindi, námur, vatnsvirkjunaraðstaða). Mill hafði þarna uppgötvað og gert grein fyrir þeim gífurlegu möguleikum sem fólgnir voru í hinu pólitíska valdi. Þar með hóf hann hina pólitísku umræðu frá stagli um einskonar óbreytanlegt náttúrulögmál upp á svið hins siðræna.

Þessi uppgötvun gerði Mill ekki að kommúnista, því þó að samfélagið *gæti* haft áhrif á skiptingu lífsgæðanna, þá var ekki þar með sagt að því bæri að hvolfa öllu við.

Mill var ekki ánægður með það ástand, sem ríkti í hans þjóðfélagi, þar sem allir virtust berjast gegn öllum, en hann leit á það ástand sem ákveðið stig þróunarinnar, sem mundi batna og breytast með auknum skilningi manna á bættri samfélagstilhögun.

Hann segir á einum stað: „Menn misnota nú á dögum dugnað sinn í bardaganum um efnisleg gæði, á svipaðan hátt og menn notuðu hann áður til mannvíga. Það er þó skárra að nota dugnaðinn á þennan hátt, en að nota hann ekki, svo að menn falli ekki í dugleysi. Síðar munu þeir gáfuðu og velviljuðu ala samtíðarmenn sína upp til þess að beita þrótti sínum að æðri markmiðum.“

Mill trúði á hæfileika mannsins til að hafa vald á örlögum sínum, og í því efni ætti maðurinn að styðjast við skynsemi sína. Smám saman mundi hinn heiftarlegi bardagi um efnisleg gæði þverra, en menn mundu snúa sér að því að njóta lífsins og listanna. Mill viðurkenndi að misrétti væri beitt í nafni eignarréttarins. En hann áleit að þessar misnotkanir mætti fjarlægja, þó menn héldu sig við skipulag einkaeignarréttarins.

Hann segir: Nýtum framleiðsluöflin. Beitum áhuga og dugnaði einstaklinganna til að framleiða mikið og gott vörumagn, en ríkisvaldið, hið sameiginlega vald þegnanna – getur farið með framleiðsluna eins og því sýnist.

Kenning Smiths er rétt að því leyti að hið frjálsa framtak er mikilsvert afl, sem rétt er að hagnýta – en það er rangt (hjá Smith og Ricardo) að ekki megi hreyfa við þessum öflum. Það má hreyfa við þeim eins og þarf – til að sveigja þau að markmiðum þeim, sem Bentham hefur sett fram, þ.e. að fá sem mesta hamingju sem flestum til handa.

Það má umskapa þjóðfélagsöflin, sem Adam Smith hefur gert svo vel grein fyrir – og breyta þeim úr kapitalískum óskapnaði yfir til samhæfingar að þeim markmiðum, sem ríkisvaldi hvers tíma þykir henta – án þess að eyðileggja orkumagn frelsisins.

Og svo þarf að muna vel það sem Mill segir um það ófrelsi og kúgun, sem sósíalisminn muni hljóta að leiða af sér.

Skilmerkilega gerði hann grein fyrir skoðun sinni á kommúnismanum, í þeimspámannlegu orðum sem hérskulutilgreind: „Dómar kommúnistanna um hið slæma ástand í þjóðfélaginu, eins og það er nú, eru ekki marktækir Hætta er á að hið kommúnistíska kerfi mundi ekki veita frjálsræði fyrir persónulegan þroska einstaklinganna. Verið gæti að hin opinbera skoðun (flokksins og ríkisins) mundi þróast yfir í andlega

ógnarstjórn. Ef til vill mundu einstaklingarnir verða gjörsamlega háðir múgmennskunni. Múgsefjunin kynni að slæva hugmyndalíf, tilfinningalíf og atferli allra samfélagsþegnanna til aðgerðalausrar (passivrar) undirgefni.“

Mill mælir með kaupfélagsskap, sköttum á stórjarðeignir, erfðafjársköttum o.fl. í þeim dúr. En hann lítur fagfélög hornauga – því hann taldi þau geta leitt til vissrar tegundar einokunar.

Mill naut mikillar aðdáunar fyrir verk sín. Fyrst og fremst fyrir aðalverk sitt um efnahagsmálin, en einnig fyrir bók sína um *Frelsið, Rökfræði, Nyttjastefnuna* (utilitarianism) um *kúgun kvenna* o.fl., en allt urðu þetta sígild rit.

Sem hið mesta hrós var honum líkt við sjálfan Adam Smith. En hið rétta er, að hann stóð honum framar að því leyti, að hann byggði viðbótarbyggingu ofan á grunn, sem Adam Smith hafði lagt.

En að sumu leyti var Bentham þarna á milli, því hans kenningar urðu Mill ekki síður grundvöllur, heldur en kenningar Smiths.

Kenningar J. S. Mills lögðu grundvöllinn að því að ný þjóðmálastefna gæti komið fram til heilla fyrir mannkynið – og þá einnig hér á Íslandi.

En í rauninni lýkur Mill ekki verki sínu að því leyti, að hann gerir svo til engar tilraunir til að gefa út nákvæmar formúlur um það í smærri atriðum, hvernig framtíðarríkið eigi að vera.


Að því leyti gefur hann aðeins upp boltann: Þarna hafið þið möguleikana og þetta ber yður að varast (þ.e. sósíalismann og misbeitingar kapitalismans) – en svo er það ykkar, manna framtíðarinnar, að taka við! Og líta má á rit það, sem hér stendur saman, sem eina af tilraunum til að svara þessari kröfu.

Og nú víkur sögunni til Íslands.

Þar voru rit Mills orðin mjög útbreidd. Jón Ólafsson þýddi bók hans „Um frelsið“ á íslenzku. Hún kom út um 1890. (Ný þýðing

kom út 1970 eftir Þorstein Gylfason og Jón Hnefil Aðalsteinsson.)

Ég hef heimildir um að bókafélag þingeyinga átti a.m.k. 5 af verkum Mills ýmist á frummálinu eða á Norðurlandamálum og fjölmargar heimildir hef ég um útbreiðslu kenninga hans hér á landi á tímabilinu frá því um miðja nítjándu öld og fram eftir þeirri tuttugustu.



KARL MARX
(1818-1883)

Hið merka framlag Karls Marx var það, að hann tók kenningu Malthusar prests um kreppumyndanir í kapitalísku þjóðfélagi – og bókstaflega sannaði að þær hlytu að koma fram.

Heimskreppan upp úr 1930 er gleggsta sönnun, sem hugsagt getur, fyrir því að röksemdafærslur Karls Marx um þetta efni voru í meginatriðum réttar. Hann gerðist þarna spámaður, og reynsla síðari tíma sannaði að hann hafði haft rétt fyrir sér.

Hið sjálfstæða í kenningum Marx var sú staðhæfing hans að öll framvinda söguþróunarinnar byggðist á efnahagsþróun – ekki á hugmyndum. Hann gerði meira að segja gys að hástemmdum draumsýnum hinna sósíalísku fyrirrennara sinna (og jafnvel sjálfs sín frá yngri árum) um sæluríki kommúnismans.

Hann leggur alveg megináherzlu á, að þróun kapitalismans yfir til sinnar eigin eyðileggingar sé óhjákvæmilegt lögmál. Manni



G. W. F. Hegel (1770—1831), þýzkur heimspekingur. Með réttu eða röngu talinn höfundur kenninga, sem bæði Karl Marx gat stuðzt við — og líka nasistar. Margir telja sig finna þannig sameiginlegar rætur nasisma og kommúnisma síðari tíma.



Friedrich Nietzsche (1844—1900), þýzkur heimspekingur, arftaki Hegels. Nasistar lögðu ýmsar af kenningum hans til grundvallar stefnu sinni.

finnst jafnvel að það þyrfti ekkert að gera í málinu. Byltingin kæmi af sjálfu sér. Byltinguna 1848 virðist hann hafa litið á sem „óeirðir“ sem væru aðallega einskonar fyrirboði hinnar eiginlegu byltingar öreiganna. Marx og hans trúbræður biðu rólegir og öruggir og bjuggust við að byltingin hæfist einhvern daginn. Bið þeirra minnir einna helst á bið ofsatrúarsafnaða eftir dómsdegi.

Kenning Marx um það, að það væru *efnahagsleg* atriði, sem réðu þróuninni og mundu knýja fram byltingu, hefur ranglega verið nefnd hin efnislega söguskoðun. Nafngiftin er villandi. Marx á við að það séu *efnahagsleg* atriði, sem ráði þróuninni. Hefði því kenning hans átt að heita: Hin efnahagslega söguskoðun, (á dönsku: De nationalökonomiske loves historieopfatning).

Við röksemdafærslu sína studdist hann við röksemdaaðferð, sem landi hans Hegel hafði áður beitt, það er hin svonefnda „tesu“-aðferð. Tesa (kenning) leiðir af sér antitesu, þ.e. andstæða kenningu, og útfrá þessum tveim kenningum kemur *syntesan*, sem síðan verður að sjálfstæðri tesu eða kenningu, sem svo aftur fær sína antitesu o.s.frv.

Ekki veit ég til þess að ljóst liggi fyrir, að hve miklu leyti röksemdaaðferðir Hegels komu Marx að gagni við hinar skarplegu röksemdafærslur. Frægð hans byggist ekki á því, að hann hafi lagt fram nýjar hugmyndir, heldur fyrst og fremst á því, að honum tókst að sanna kreppukenningar Malthusar.

En svo kom bylting, þar sem marxistana vænti sízt, þ.e. í Rússlandi 1917. Þar var Marx tekinn í guðatölu. Lenin og Trotski bættu við kenningar hans. Kommúnistíska ógnarstjórnarkerfið heldur enn nafni hans á lofti. En aðrir geta heldur ekki gleymt honum, eða látið eins og hann hafi aldrei verið til, því enn vofa kreppur yfir hagkerfunum.

Þó að Keynes sýndi fram á um 1930 til 1936, hvernig ráða má bót á kreppumyndun, þá er nú sannleikurinn sá, að þegar þetta er ritað, árið 1974, þá er ríkjandi verulegur ótti á Vesturlöndum um að ný stórkreppa sé að skella á.

Kannski hefur Keynes ekki fundið lausn á allri gátunni um kreppumyndanirnar. Og e.t.v. má líka líta þannig á, að sú kreppa, sem menn nú óttast, sé annars eðlis en þær kreppur, sem áður hafa dunið yfir hagkerfin.

JOHN MAYNARD KEYNES
(1883-1946)

Eins og Adam Smith og Bentham voru hinir miklu hugsuðir 18. aldar og J. S. Mill þeirrar 19., þá var Keynes maður 20. aldarinnar.

Líklegt má telja að enginn einn maður hafi haft jafn mikil áhrif á líf jafn margra á þessari öld, eins og J. M. Keynes.

Og nú þegar er búið að skrifa um hann svo margar bækur og leggja svo mikið út af skoðunum hans og kenningum, að þau rit, þar sem hann og verk hans eru aðalgrundvöllurinn mundu fylla stóra byggingu, þó aðeins væri tekið eitt eintak af hverju þeirra.

Frá mínu sjónarhorni horfir málið þannig við, að viðvörun J. S. Mills um að nauðsynlegt væri að athuga betur ýmis grundvallaratriði í hinu frjálsa efnahagskerfi – hafi aldrei verið sinnt eins og nauðsynlegt hefði verið.

Menn tóku minniháttar kreppur sem sjálfsagðan og eðlilegan hlut. Álitu að þær væru óhjákvæmilegur fylgifiskur kerfisins, en að þær læknuðu sig sjálfar. Sett var fram svonefnd „rólukenning“, þess efnis að hækkun og lækkun í hagvexti sveiflaðist nokkuð reglulega upp og niður, en þó væri í raun sífellt um bata að ræða, þegar á lengri tíma væri litið.

Menn trúðu því að kerfið hefði í sér fölginn sinn eigin lækningamátt. Það væri í eðli sínu heilbrigt. „Auður fyrir alla“, var kjörorðið milli 1925 og 29 í Bandaríkjunum. Hagsældin í Bandaríkjunum og víðar var ótrúlega mikil.

Kenningum Malthusar og Marx var ýtt til hliðar. Sósíaldemokratar og fleiri umbótasinnar stóðu fyrir margháttaðum jöfnunaraðgerðum á lífskjörum manna, en það var gert af mannást og réttlætisvilja, en ekki af því að menn tryðu því að með því væri verið að endurbæta sjálft kerfið – né að þess væri þörf. Jafnvel trúðu margir því að þessar aðgerðir væru í raun hálfgerð skemmd á hinu annars ágæta kerfi.

En svo skall heimskreppan á um 1930, svo snögg að undrum sætti. Aðalhrunið skeði á 3–4 dögum. Margir biðu þó nokkuð rólegir eftir því að „rólan“ sveiflaðist upp aftur, en það gerði hún ekki. Og nú var farið að tala um „lyftu“, sem hefði bilað í kjallaranum og sæti þar föst.

Stjórnámálamennirnir spurðu hagfræðingana – og þeir gáfu ráð, og eftir ráðleggingum þeirra var farið, en ástandið hélt áfram að versna.

Heimskreppan er eitt voðalegasta fyrirbrigði, sem dunið hefur yfir Vesturlönd. Nútímafolk á Íslandi hefur naumast skilyrði til að setja sig inn í hvað hér var á ferðinni.

Þegar ég var í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum, sagði kona af íslenskum ættum mér frá á þessa leið: Maðurinn minn var verkfræðingur í miklu áleti og hafði mjög vel launaða stöðu hjá traustu fyrirtæki. Við áttum hlut í fyrirtækinu og fleiri hlutabréf. Við áttum mjög vandað og fallegt einbýlishús – og sumarbústað. Skuldir, sem hvíldu á húsinu okkar voru minni en $\frac{1}{4}$ af verðmæti þess. Þegar kreppan skall á, varð fyrirtækið gjaldþrota. Maðurinn minn missti vinnuna. Húsið var tekið af okkur, því við gátum ekki greitt afborganir, þó fengum við að vera þar fyrst í stað. Við seldum öll fallegu húsgögnin okkar til að hafa fyrir mat. Svo fluttum við í eitt herbergi hjá kunningjum okkar. Maðurinn minn fór að standa í biðröðum til að fá úthlutað gjafamat. Svo fór hann að stunda vinnu við skurðgröft í fáeina tíma á viku á vegum stjórnarinnar. Hann þoldi ekki þessa hörðu útivinnu, veiktist og náði sér aldrei eftir það. Fasta vinnu fékk maðurinn minn ekki aftur fyrr en 1937.

Svipaðar sögur og þessa er hægt að fá að heyra hjá fjölda af eldra fólki í Bandaríkjunum.

Á þessum árum auglýsti borgarstjórn New-York-borgar eftir

1200 starfsmönnum, til einhvers meiriháttar verks, sem átti að byrja á. 70 þúsund umsóknir bárust.

Í biðraðirnar, sem biðu matargjafa, safnaðist fólk þúsundum saman. Svo margir bankar urðu gjaldþrota að 9 milljónir manna töpuðu innstæðufé sínu. Nálega 100 þúsund fyrirtæki urðu gjaldþrota. Fjárfestingin féll úr 15 milljörðum dala (1929) niður fyrir 1 milljarð 1932 eða um 95%. Þjóðartekjur féllu um helming. Á heimilum, á götuhornum og í bröggum, sem settir höfðu verið upp fyrir þá atvinnulausu, biðu 14 milljónir manna eftir því að fá vinnu.

Það var nú augljóst, að eitthvað meira en lítið var rangt við efnahagskerfið. Kreppan breiddist meira og minna út um allan heim. Síður varð þó vart við þetta í ríkjum kommúnista, enda var þar engin hagsæld fyrir. Allir voru fátækir, og héldu áfram að vera það. Í Rússlandi var haldið áfram að þröngva bændum inn í samyrkjubú. Milljónir voru drepnar eða menn settir í þrælabúðir. Þetta var hræðilegur heimur. Þó var ástandið ekki jafn slæmt allstaðar.

Sumstaðar var tekin upp ný stefna. Þá stefnu nefni ég hér þjóðauðgisstefnu. Hún var fölginn í því, að auka tekjur manna innan hvers einstaks lands um sig, með því að leggja í opinberar framkvæmdir og styrkja einstaklinga til framkvæmda, en styrkja gjaldeyrisstöðuna út á við með innflutningstollum og innflutningshötfum.

Þessi stefna var tekin upp nálega samtímis hér á Íslandi, í Þýskalandi, Bandaríkjunum og í nokkrum mæli í bæði Svíþjóð og fleiri smáríkjum. Roosevelt Bandaríkjaforseti reyndi að lappa uppá ástandið með auknum atvinnuleysisstyrkjum og smá-jök opinberar framkvæmdir, þvert ofan í ráðleggingar íhaldssamra hagfræðinga. Hann nefndi aðgerðir sínar „New deal“, orðalag úr spilamáli.

Árangurinn varð lítill fyrst í stað. Menn fálmuðu sig áfram án

Þess að vita hvað þeir voru að gera. Flestir stóðu uppi ráðalausir. Sum ríki urðu gjaldþrota og misstu sjálfstæði sitt.

Kreppulæknirinn

Nú vikur sögunni til Keynes. Svo vill til að hann fæddist sama árið og Marx dó. Keynes var sonur þekkts ensks hagfræðings. Strax í æsku sýndi hann afburða gáfur. Sérstaklega þótti sérkennandi fyrir hann hvað hann var fjölhæfur. Sagt var um hann að hann hefði svo miklar og fjölþættar gáfur, að þær hefðu vel dugað til að skipta þeim milli margra manna! Í æsku gekk hann í einkaskóla og gáfur hans vöktu þá þegar mikla athygli. Öll námsbraut hans var samfelld sigurganga. Að námi loknu fékk hann stöðu í Indlandsmálaráðuneytinu, og út frá þekkingu sem hann aflaði sér þar um mál Indlands, skrifaði hann sína fyrstu bók (1913) um fjármál Indlands. Bókin var talin meistaraverk. Hann hvarf til háskólans í Cambridge til fyrirlestrahalds, og varð þar m.a. ritstjóri hins áhrifamikla tímarits „The Economic Journal“ (fjármálarit), og hélt því starfi í 33 ár.

Meðal áhugamála hans voru bókmenntir, leiklist og málverkasöfnun. Hann kvæntist frægri rússneskri ballettdansmey og leikkonu, og rak sjálfur leikhús á tímabili. Hann safnaði líka nýtízku málverkum og var fyrstur til að kaupa myndir af ýmsum, sem síðar urðu frægir. Hann þurfi lítið fyrir lífinu að hafa, því allt lék í höndum hans. Hann stundaði dálítið verðbréfaviðskipti og hefði það eitt dugað honum til framfæris. Regla hans var að hafa lokið þeim störfum, sem hann þannig sinnti í eigin þágu fyrir kl. 10 á morgnana. Því sem eftir var dagsins fannst honum eðlilegt að verja mest í samfélagsins þágu. Hann var jafnan glaður og reifur. Vinahópurinn var stór. Meðal þeirra ýmsir þekktustu menn samtímans svo sem Churchill, Bernard Shaw, Picasso, Virginia

Woolf o.fl.

Á stríðsárunum fyrri var hann einn áhrifamesti maður brezka fjármálaráðuneytisins og því hefur verið haldið fram að enginn einn maður, utan hersins, hafi átt eins mikinn þátt í sigrinum og hann.

Við friðarsamningana eftir stríðið var hann að vísu fremsti maður þjóðar sinnar *af hálfu fjármálaráðuneytisins* – en að sjálfsögðu ekki í þeirri aðstöðu að geta tekið beina forystu. Hann fylltist bræði, ótta og viðbjóði við að sjá hvernig Clemenceau vafði Wilson um fingur sér við friðarsamningana.

Í bréfi, sem hann skrifar móður sinni 1919 segir: „Ég er gjörsamlega niðurbrotinn vegna þeirrar mannvonzku, sem ég hér hef orðið vitni að. – – – Þessir friðarsamningar eru ógnvekjandi heimskulegir og af þeim getur aldrei leitt annað en óhamingju.“

Hann sagði af sér stöðu sinni í fjármálaráðuneytinu í mótmælaskyni við friðarsamningana.

Stríðsskaðabæturnar, sem Þjóðverjum var ætlað að greiða, voru fjarstæða. Þetta hlaut að eyðileggja allt efnahagslegt „samhengi“ í álfunni. Í snarheitum skrifaði Keynes bók til að mótmæla friðarsamningunum, sem heitir „Efnahagslegarafleiðingar friðarins“. Keynes sýndi þar fyrstur manna fram á að friðarsamningarnir voru óframkvæmanlegir. Og hann varaði sterklega við hættunni, sem því væri samfara að þvinga hungursneyðinni upp á hinar sakfelldu þjóðir. „Hefndaræðið getur gripið um sig meðal þeirra,“ sagði hann. Það er engu líkara en Keynes hafi séð fyrir, það sem síðar gerðist í Þýzkalandi.

Keynes hélt áfram næstu ár að hugsa og skrifa um fjármál og naut mikillar virðingar á því sviði. Bók, sem kom út eftir hann 1930, sýnir að sveiflur fjármáلالífsins upp og niður – hvíla mjög þungt á hug hans. En þar kemur hann ekki með lausn vandans. En strax þar á eftir fer hann að nálgast lausnina.

Með ofurþunga krafðist heimskreppan lausnar á vandamálunum. Og eins og áður segir voru menn að fálma sig af stað. Engan vafa tel ég á, að greinar, sem Keynes skrifaði á árunum strax uppúr 1930, hafi fólgið í sér ákveðnar vonir um að einmitt hann mundi skýra málið og finna lausnina. En spádómar Karls Marx voru nú rifjaðir upp og kommúnisminn fékk víða byr í seglin.

Um þessar mundir skrifaði Bernard Shaw bréf til Keynes og hvatti hann til að endurlesa Marx og Engels. Það gerði hann, en fannst lítið til koma. Og hann skrifaði Shaw til baka 1935 og sagði: „Núna er ég að skrifa bók, sem ég er sannfærður um að fljótlega, e.t.v. þó ekki fyrr en eftir nokkur ár – mun gjörbreyta afstöðu manna til efnahagsvandamála. Ég býst ekki við að þú trúir mér, en ég er hárviss í minni sök.“

Árið 1934 skrifaði hann tvö bréf til Bandaríkjaforseta, þar sem hann segir, að forsetinn sé að vísu á réttri leið með „new deal“-stefnu sína, en hann verði aðeins að ganga miklu lengra, ef það eigi að koma að gagni. Hann ráðleggur að stór-auka fjárfestingu ríkisins. Ríkisstjórnir margra landa höfðu um þetta leyti hliðsjón af ráðleggingum hans – og t.d. hér á landi styrkti það íslensku ríkisstjórnina í hennar stórmerka viðreisnarstarfi um 1934, að hafa spurnir af aðgerðum í Bandaríkjunum. Fyrir því hef ég öruggar heimildir.

Meistaraverk Keynes kom að vísu ekki út fyrr en 1936. Hann nefndi það „Altæku regluna um atvinnu, vexti og peninga“. (The General Theory of Employment, Interest, and Money), og er ekki ofmælt að segja að hún hafi valdið byltingu á hugmyndum manna um efnahagsmál. Í rauninni kom bókin of seint til að hægt sé að þakka henni nema að hluta til að heimskreppan varð yfirunnin. Því nú kom seinni heimsstyrjöldin og breytti mörgum viðmiðunum.

En svo komu líka eftirstríðsár. Og þá var fyrst fyrir alvöru farið

að taka kenningar Keynes í notkun. Á árunum upp úr 1920 var atvinnuleysi í Bretlandi oftast um 12% og fór að nálgast 20% um 1930. Fyrst eftir seinna stríðið fór atvinnuleysi vaxandi, en nú var gripið til ráða Keynes og með þeim hefur tekizt að halda atvinnuleysinu niðri í flestum löndum fram á síðustu ár eða fast að aldar þriðjungi. Milljónir manna um öll Vesturlönd eiga vafalaust Keynes að þakka velgengni sína síðustu áratugi. Og hvernig voru svo kenningar Keynes í hnotskurn? Þær voru þessar:

Í hið frjálsa markaðskerfi vantar vissan öryggisbúnað. Hreyfiafl þess getur stöðvazt óvænt, og engum sérstökum aðila um að kenna. Þessvegna verður ríkisvaldið ætíð að vera viðbúið að örva gang efnahagshreyfilsins, ef merki sjást um að hann ætli að fara að hægja á sér um of. Og þetta á ríkisvaldið að gera með því að hafa tiltækt fjármagn til að örva viðskiptalífið með opinberum fjárfestingum, umfram það „normala“ eða venjulega.

Með þessu móti er hægt að halda efnahagskerfinu í sífelldu jafnvægi og viðhalda hæfilegum efnahagsframförum. M.ö.o. þarna er fundið óyggjandi ráð við kreppumyndunum hins frjálsa hagkerfis. Kaupmáttur almennings var aðalatriðið. Hann mátti líka auka með lækkun skatta.


Þetta tel ég megin-inntak kenningar Keynes, en hann færir rök sín fram í heilli bók, svo ekki má búast við að svo fáorður útdráttur sé nákvæmur eða heiltækur. En svo mikið er víst, að kreppur í þeirri merkingu, sem áður þekktist, hafa ekki orðið langstæðar eða yfirgripsmiklar í hinum þróuðu löndum síðan kenningar Keynes hlutu almenna viðurkenningu. Mig minnir að hann hafi sjálfur talið að því marki að hann hlyti viðurkenningu almennt, hafi ekki verið náð fyrr en undir 1946, og dettur manni þá í hug spádómur hans sjálfs í bréfinu til Bernards Shaws.

Efnahagslegar umbætur í heiminum voru alltaf mesta áhugamál

Keynes. Og hann trúði á mátt umbótanna. Eitt af síðustu verkum hans var að berjast fyrir stofnun alþjóðlegs gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka. Hvorttveggja var stofnað – en ekki eins máttugt og hann taldi þörf á. Hugmynd hans var að með þessum stofnunum yrði unnt að hjálpa þjóðum út úr erfiðleikum.

Keynes naut mikillar virðingar allt sitt líf og var yfirleitt óskabarn hamingjunnar. Í Bretton Woods, þar sem gengið var frá drögum að stofnun alþjóðagjaldeyrissjóðsins, var hann hylltur eins og hetja, sem hann líka var.

Lönguáður hafði hann verið gerður að lávarði í viðurkenningarskyni fyrir störf hans á sviði efnahagsmála.



Myndin á að sýna árangurinn af hugmyndafræði Keynes.

UPPHAF OG ÞRÓUN F-STEFNU Á ÍSLANDI

SAMVINNUHREYFING, ÁHRIF ERLENDRA HUGSUÐA, ÞJÓÐLEGUR KJARNI

Í köflunum hér á undan hefur verið leitast við að gera nokkra grein fyrir þeirri hugmyndafræðilegu söguþróun, sem átti sér stað í fortíðinni. Þeirri söguþróun, sem leiddi til þess að sú þjóðmálastefna varð til á Íslandi, sem hér um ræðir, þ.e. farsældar-
eða framsóknarstefna.

Stiklað er mjög á stóru til þess að gera myndina einfaldari og auðskiljanlegri. Upphafið að þessari söguþróun er hér rakið til 2700 fyrir Krist, en það er til konungs þess í Mesópótamíu, sem áður getur.

Svo koma grísku spekingarnir þrír, Sókrates, Plato og Aristoteles, en hjá þeim birtust bæði hugmyndir um hið ákjósanlega ríki (Platon, síðari ríkismyndin) og þar tel ég að sé að finna rætur bæði heillastefnunnar (hedonismans) og nytjastefnunnar (utilitarianismans), þar sem hið síðarnefnda er einskonar tæki hins fyrrnefnda.

Svo gerist lítið á sviði hugmyndafræði til þjóðfélagsumbóta fyrr en sósíalísku bjartsýnismennirnir, „utopistarnir“, koma til sögunnar, en þar nefndi ég aðeins, til einföldunar, Thomas More

f. 1478, franska aðalsmanninn Saint-Simon (1760-1825) og hugsjónamaðurinn mikla Robert Owen, sbr. hér að framan. Hans hlutverk í þessari sögu er mjög sérkennilegt, því hans aðal-hugmyndir voru sósíalismi. En hann er ekki merkilegur fyrir þá sögu, sem hér er reynt að rekja, vegna sósíalisma síns, heldur fyrir það, að í öllu hans mikla hugmyndaframlagi kom fram, sem einskonar aukaafurð, hugmyndin um kaupfélagsskapinn, og reyndar einnig um framleiðslusamvinnufélög.

Fyrsta kaupfélagið er jafnan talið vera Rochdale-félagið, stofnað 1844, og var sett upp eftir hugmyndum Roberts Owens. En sama ár, reyndar mánuði fyrr, sbr. rit Arnórs Sigurjónssonar, voru stofnuð 2 kaupfélög í Suður-Þingeyjarsýslu, sennilega, að því er ég tel, líka eftir hugmyndum Owens.

En þetta, að sósíalistinn Robert Owen, er hugmyndafræðingurinn að kaupfélaginu, hefur leitt ýmsa út í þann slæma misskilning, að kaupfélagsskapur væri grein af sósíalisma.

Svo er ekki, heldur í rauninni þveröfugt í reynd, því kaupfélagsskapurinn er einmitt, og hefur reynzt vera, eitt mjög svo mikilvægt tæki til að verjast sósíalisma – og kapitalisma.

Kaupfélagsskapurinn hefur reynzt tæki, og þar með einn mikilsverður þáttur í því, að byggja upp allt aðra stefnu, það er framsóknarstefnuna, sem er fullkomin andstæða sósíalisma. Kaupfélagsskapurinn hefur reynzt tæki til að halda einstaklingunum í þeirri aðstöðu og afstöðu að vera sjálfstæðir menn, sem komast hjá að lúta sósíalisma eða auðvaldi.

STÓRBROTID MENNINGARAFREK

E.t.v. finnst einhverjum, að verið sé að draga úr þeim heiðri, sem þingeysku kaupfélagsmálafrömuðunum ber, með því að telja líklegt, að þeir hafi heyrt eða lesið um hugmyndir að félagsskap

líkum þeim, sem þeir voru að stofna.

Þannig lít ég ekki á málið, heldur eins og nú skal greina: Þingeysku félagsmálafrömuðirnir voru miklir bókamenn og andans menn. Þeir fylgdust af brennandi áhuga með andlegum hræringum samtíðar sinnar. Þeir völdu sér bækur til lestrar, sem fluttu þeim nýjan boðskap. (Sbr. „bókmenntaskóla“ Benedikts á Auðnum.)

Robert Owen skrifaði flest sín aðalrit á árunum frá 1813 til 1825, og hann hafði einskonar kaupfélag starfandi fyrir starfsfólk sitt og þorpsbúa í New Lanark einmitt á þeim árum, sem starfsemi hans var frægust.

Tilraunir hans og kenningar ollu miklu hugróti um mikinn hluta álfunnar. Haft er á orði að enginn maður hafi vakið slíka undrun sem hann – aðdáun – gremju og aðhlátur!

Þorpið New Lanark var þá talsvert langt frá Glasgow, miðað við farartæki þess tíma. Þó má sjá í gestabók fyrirtækisins, að þangað hafa lagt leið sína um 20 þúsund gestir, aðallega á þriggja ára tímabili. Gestir voru frá flestum löndum álfunnar. Rit hans voru þýdd á mörg tungumál.

Einn af stofnendum kaupfélagsins í Ljósavatnshreppi var við gullsmíðanám í Kaupmannahöfn, einmitt þegar hvað mest var um þetta talað og skrifað. Það mun hafa verið stuttu eftir 1830. Þessi maður var Indriði Þorsteinsson á Víðivöllum (f. 1813). (Sá varð síðar kennari Einars í Nesi.)

Í Landsbókasafni hef ég fundið bréf frá Indriða, skrifað í Kaupmannahöfn 183? (Síðasti tölustafur í ártali ólæsilegur.) Bréfið er til Þorláks Þorsteinssonar á Þórðarstöðum í Fnjóskadal. Þar hef ég líka fundið annað bréf til sama manns, frá séra Þorsteini Pálssyni á Hálsi, sem var formaður Kaupfélagsins. Þar segir: „Við Indriði á Víðivöllum töluðum í dag um að biðja yður að fara með félagið þarna hjá yður á föstudaginn í komandi vikunni til Hansens, því hann

fer inn á höfnina á þriðjudaginn. Þegar hann kemur frá Siglufirði, tekur hann á móti vörum okkar.“ Þetta sýnir, að gullsmiðurinn, sem lærði í Höfn, hefur verið í náinni samvinnu við formanninn um stjórn félagsins. Og gæti það bent til þess, að hann hafi frá upphafi verið einn fremsti maður þess. Tel ég hiklaust að það bendi til, að sú forysta hafi helgast af því, að hann var frá Hafnardvölinni kunnugur hugmyndum hins fræga Roberts Owens um verzlunarsamvinnu.

Frá því fyrir 1830 voru til lestrarfélög, meðal annars í Vaðlaþingum, og keyptar erlendar bækur. Ólíklegt má telja að þangað hafi frægð Roberts Owens ekki borizt.

Pétur á Gautlöndum kemst þannig að orði – í sambandi við stofnun K. Þ., 1882: „K. Þ. hóf starf sitt sem samvinnufélag. Ég er viss um að ekkert félag hefur átt það nafn fremur skilið en K. Þ. þegar í byrjun. En það var að mestu án vitundar um erlend kaupfélög eða þeirrar ákvörðunar að ganga þeirra götu. Vér þekktum þau eigi þá.“ (Sbr. rit Sveins Skorra.)

Aðrir vitnisburðir taka meir af um að forvígismennirnir hafi þekkt til erlendra samvinnufélaga. Ekki er hægt að hafa um þetta sannlegri vitnisburð en Pétur á Gautlöndum hefur.

Því þegar Ljósavatns- og Hálshrepps-félögin voru stofnuð, þá var stofnfundur þeirra mánuði fyrr á ferðinni heldur en félag Rochdale-manna, eins og áður getur.

Það sýnir, að engin reynsla var til í heiminum um kaupfélagsstarfsemi, ef frá er talið það samkaupafélag, sem Robert Owen stofnaði í New Lanark svo að segja í verksmiðju sinni – og sennilega með eigin fjárstuðningi. En það eru skrif Roberts Owens um kaupfélagsskap, sem hér skipta máli, því rit hans voru víðfræg og frá þeim er sagt í blöðum nágrannalandanna.

Það verður að teljast alveg frábært afrek þíngeysku bændanna og

algjörlega á heimsmælikvarða, ef svo má segja, þegar þeir stofnuðu sín kaupfélög.

Með þessu voru þeir fyrstir til að koma í nýtingu alveg nýrri hugmynd. Ekki nóg með það, heldur löguðu þeir hugmyndina til eftir eigin þörfum og færðu til betri vegar.

Sum atriði virðast alveg frumleg hjá þeim. Varla er ofsagt, að komast svo að orði, að þeir hafi sjálfir gerzt hugmyndasköpuðir.

Félagsproski sá, og samhjálpartilji, sem birtist í samþykktum þeirra og fundagerðum, er svo stórbrotinn og göfugur, að hverjum, sem þessu kynnist hlýtur að aukast bjartsýni á framtíð mannkynsins. Framtakssemi þessara manna og félagsproski, samfara andlegu sjálfstæði og frumleika, verður seint of lofað. Um þetta má lesa í hinu ágæta riti Arnórs Sigurjónssonar: „Samvinnufélögin hundrað ára“.

Rétt eftir aldamótin, eða 1902, er á sömu slóðum stofnað til annars félagssskapar, þ.e. samvinnu kaupfélaganna, sem síðar hlaut nafnið Samband íslenskra samvinnufélaga.

Vert er að gaumgæfa, að íslenzku kaupfélögin voru strax í upphafi hvorttveggja í senn: Félög framleiðenda og neytenda. Þetta er eitt af því sem ber ljósan vott um frumleika forvígismannanna.

En hverfum nú um stund frá forystuhlutverki þingeysku bændanna í kaupfélagsskap og samvinnumálum, að öðrum megin þætti í þróun þessara mála.

Telja má víst að tugir vel gefinna og umbótasinnaðra manna á Íslandi hafi verið innblásnir af hugsjónum þeirra Mills og Benthams á tímabilinu beggja megin við aldamótin.

Og því má slá föstu, að áhrifin hafa borizt eftir mörgum leiðum. Ungmennafélagshreyfingin er samstofna eða grein af Millsismanum. Grundtvigs-vakningin í Danmörku og Noregi hafði mikil áhrif hér á landi, en hún er fagnaðarboðskapur framfara og þekkingar og

ættjarðarástar, en öðrum þræði trúarleg, en upplýsingastefnan og nytjastefnan voru innofnir þættir hjá Grundtvig.

E.t.v. er ekki úr vegi að nefna í þessu sambandi, að sá maðurinn, sem skrifaði öðrum meira um stjórnsmál á þessum tíma (þó aðallega frá 1912), Jónas frá Hriflu, þekkti mjög vel til þessara hugmynda. Hann gekk í skóla bæði í Danmörku og Englandi á sínu mótunarskeiði.

Kunnugt er, að hann hafði náð samband við danska stjórnsmálamanninn Munch, sem var kennari hans í kennaraskóla í Kaupmannahöfn. Georg Brandes var mikill áhrifamaður á þessum tíma. Munch var í Brandesarklúbbnum. Brandes þýddi bækur Mills á dönsku og kynnti kenningar hans í hinum frægu fyrirlestrum sínum. Þetta gildir um fyrri hlutann af kynningarstarfi Brandesar.

Munch þessi gerðist einn af fremstu mönnum danska stjórnsmálaflokksins „Radikal venstre“, en sá flokkur er einna líkastur íslenska Framsóknarflokki af öllum þeim stjórnsmálaflokkum, sem ég hef haft spurnir af í Evrópu.

Vandalaust er að sjá í skrifum Jónasar frá Hriflu áhrifin frá Bentham og Mill. Enda talaði hann oft um „hina miklu englendinga“. Bentham var mikill umbótamaður á sviði réttarfarslöggjafar og fangelsismála. Jónas tók upp það merki hér á landi á sínum stjórnarárum.

Ég hef kynnt mér nokkuð bókakost og áhugaefni ýmissa þeirra, sem stofnuðu Framsóknarflokkinn.

Kunnugt er að flestir þeirra höfðu lesið rit Mills „Um frelsið“, en *sumir hverjir* fátt annað sérgreint af hugmyndafræðilega mótandi bókmenntum.

„Velvakanda“-mennirnir, sem allir voru fyrst og fremst Mill-sinnar, höfðu allir áhrif hér á landi á skoðanamyndunina.

Meðal þeirra má nefna: Jón Ólafsson, sem hafði viðtæk skoðanamyndandi áhrif gegnum blaðaskrif sín og þýðingar. Einnig Pál Briem, Skúla Thoroddsen, Finn Jónsson prófessor, Boga Melsted

og Þorstein Erlingsson (kommúnistar eigna sér hann ranglega).

Rómantísku stefnunni í skáldskapnum var á Íslandi beitt mjög haglega í sjálfstæðisbaráttunni og í þágu þeirrar uppfræðslu og nytjastefnu, sem Bentham-Mill-isminn hafði mótað.

Öll helztu skáld Íslendinga voru húnismatar, þó þeir greindust nokkuð í flokka eftir stefnum í skáldskap. Fulltrúar rómantísku stefnunnar voru: Bjarni Thorarensen, Jónas Hallgrímsson, Steingrímur og Matthías. En fulltrúar realismans eða raunsæisstefnunnar voru Gestur Pálsson, Hannes Hafstein, Einar H. Kvaran, Jón Trausti, Þorgils Gjallandi o.m.fl.

Ég held, að þegar þróunin er skoðuð frá íslenzku sjónarmiði, þá megi líta svo á, að bæði rómantíkin og realisminn í skáldskapnum hafi í reynd dregið sama plóginn. Hvortveggja stefnan hafi plægt jarðveg húnismans – mannúðarstefnunnar. Þess vegna urðu árekstrar milli þeirra bókmenntastefna, sem hér hafa verið nefndar, aðeins á yfirborðinu. Meira að segja boðun prestanna á kristindómnum sveigði sig til samstigs með hinni frjálslyndu og framfarasinnuðu mannúðarstefnu. Og menn urðu lítið varir við það, þó mótuð hugmyndafræði festi rætur í hugskoti þeirra. Þeir tóku Mill-ismann sem sjálfsagðan hlut, vegna þess, hvernig fyrri stefnumótun hafði undirbúið jarðvegin.

Eins og fiskurinn sem veit ekki hvaðan vatnið kemur, sem hann syndir í, eins má kannski segja að mikill hluti Íslendinga hafi verið Bentham-Mill-istar án þess að gera sér þess ljósa grein.

Boðskapur Mills hefur áður verið kynntur. En vert væri þó að athuga sérstaklega, hvað sú bók boðar, sem flestir Íslendingar með þjóðmálaáhuga hlutu að hafa lesið, það er bókin „Um frelsið“ eftir Mill. Hvað boðar hún? Ef vel er skoðað, er hún fyrst og fremst viðvörðun gegn því að láta smeygja á sig helsi kommúnisma og stórkapitalisma.

Til að renna frekari stoðum undir þá söguskoðun, sem hér hefur verið sett fram, um áhrifin frá Bentham og Mill, skal nokkru við bætt.

Guðmundur Hjaltason kennari ferðaðist mikið um landið á árunum beggja megin aldamótanna. Hann var hugsjónamaður og leit á sig sem alþýðufræðara, og dugnaður hans við að útbreiða ákveðnar umbótakenningar var frábær. Auk fyrirlestranna átti hann bréfaskipti við fjölda áhugamanna, ekki sízt þá nemendur sína, sem hann hafði mætur á og taldi líklega til að verða liðtækir í menningarbaráttunni.

Ég hef séð ýmis þessara bréfa, en þau eru enn í einkavörzlu. Í þeim kemur m.a. fram hvaða kenningar hann flutti og eru þær ótvírætt runnar frá hinum brezku hugsuðum, sem fyrr eru nefndir. Hann nefnir þá með nöfnum í bréfum sínum t.d. Mill, en hann nefnir einnig Kant, Spencer og Henry Georges. Eitt af bréfum hans, skrifað á Sauðanesi á Langanesi, þar sem hann hélt til á sumrum um árabíl og hafði þar bækur sínar, ber glöggt vitni um það hversu bókakostur hans var fullkominn. Heimspeki og þjóðfélagsmál skipa þar öndvegi.

Annað og þýðingarmeira atriði skal tilgreint: Alkunnugt er, að í reynd hafði Benedikt á Auðnum einskonar bókmenntaskóla um langan aldur – og lagði hvað mesta stund á að fá menn til að lesa um þjóðfélagsmál.

Þeir Gautlandamenn voru miklir forystumenn meðal Þingeyinga um þetta leyti, og höfðu margháttuð áhrif. Þeir sátu á Alþingi og höfðu ýmsa aðra forystu með höndum. Þeir og ýmsir fleiri, m.a. Benedikt sjálfur, hölluðust mjög að málflutningi eins ákveðins umbótaboðanda um þjóðfélagsmál, en það var Bandaríkjamadurinn Henry Georges.

Eitt meginatriði stefnu H. G. var fylgið í því að hann vildi láta leggja háa skatta á lóðir og jarðeignir – og taldi það bót margra

meina. En fyrir utan þetta sérstaka kenningaratriði hans, var hann fyrst og fremst fylgjandi og aðdáandi J. Stuarts Mills. Þetta kemur m.a. mjög glöggt fram í ritum Henrys Georges, þar sem hann talar um hinn „óviðjafnanlega Stuart Mill“ og „hinn mikla hugsjónalega leiðtoga Stuart Mill“.

En nú kemur til sögunnar nýr maður, sem einnig var tengdur „háskóla“ Benedikts á Auðnum, en það er Sigurður Jónsson í Yztafelli.

Sigurður ferðaðist um landið á árunum eftir 1910 og hélt fyrirlestra á um 100 fjölmönnum fundum á fjögra ára tímabili. Þar gerir hann grein fyrir stjórnmalastefnum, svo að segja á vísindalegan hátt, auk þess að ræða um samvinnumálin sérstaklega. Stuart Mill er honum ofarlega í huga og hann nefnir hann og ræðir skoðanir hans. Þar kemst S. J. einkar skemmtilega að orði á einum stað þar sem hann hefur eftir Mill að það þurfi reyndar að skýra málin dálítið betur.

Rétt er svo að benda á, að frelsisandinn hefur alltaf lifað með íslenzku þjóðinni – því alltaf voru Íslendingasögurnar lesnar.

Helsi trúarbragðanna náði því naumast slíkum heljartökum hér eins og í sumum öðrum löndum.

Galdrabrennur mættu tortryggni hér og lögðust fljótt af. Réttur smælingjanna var aldrei fullkomlega fyrir borð borinn í siðferðisvitund Íslendinga. Jafnvel gamla goðaveldið á þjóðveldisöld var í eðli sínu bundið lýðrétti. Goðarnir voru bændur eins og hinir, aðeins fremstir meðal jafningja.

Þannig virðast hér margar stoðir renna undir þá kenningu, að fjöldi Íslendinga á fyrstu áratugum 20. aldar, hafi í rauninni haft nokkuð glöggt mótaða hugmyndafræði, jafnvel þó þeir gerðu sér þess naumast fulla grein sjálfir – né kynnu að skilgreina í hverju stefnumótun þeirra væri fólgin.

Á vissan hátt má það teljast réttur skilningur, að ákveðnir

þættir framsóknarstefnu séu sér-íslenzkir. Sú kenning á sér þann sannleiksþráð, að alltaf lifði frelsisandinn í gegnum letur fornritanna. En megin-ræturnar koma frá Bentham-Mill-ismanum, beint og óbeint, auk þáttar þess, sem Robert Owen lagði til.

Ég tel mikilsvert að þessi sögulegi aðdragandi liggi sem ljósast fyrir. Það fyllir inn í heildarmyndina um uppruna f-stefnu á Íslandi og eðli hennar.

Stofnun Framsóknarflokksins

Þegar hópurinn, sem beið skips á Seyðisfirði 1916, var að hugleiða stofnun nýs stjórn málaflokks, þá var ekki verið að bollaleggja um nöfn á höfundum hugmyndafræðikenningar. Þess var engin þörf. Mennirnir hræðust í andrúmi þjóðlegrar umbótastefnu – mannúðarstefnu, upplýsingastefnu, nytjastefnu.

Þeir höfðu andúð á innlendum og erlendum kapitalisma – og þeir höfðu einnig andúð á kommúnisma (sósíalisma). Þeim var ljóst, að í reynd var sigurinn í sjálfstæðismálinu unninn, og þess vegna höfðu skapast ný viðhorf.

Án þess að geta svo mikið sem gefið stefnu sinni nafn í fyrstu, gafst þeim innsæi til að gera sér grein fyrir, að það var þjóðfélagsleg nauðsyn að mynda stjórn málaafli til að hafa forystu í málum þjóðarinnar, sjálfs þjóðarkjarnans, sem þá var bændur og búalið, til sjávar og sveita. Verja þennan stærsta liðshóp sjálfstæðra einstaklinga fyrir áleitnum öfgum sósíalisma og kapitalisma. Og þar með vörðu þeir um leið hin byrjandi samvinnusamtök bændafólksins.

Og svo kom nafnið, og það var vel heppnað.¹⁾ Og e.t.v. var þarna

1) Flokkur Valtýs Guðmundssonar ritstjóra hafði raunar borið nafnið Framsóknarflokkur, en ekkert liggur fyrir um nein tengsl þarna á milli.

á ferðinni ein fyrsta og skýrasta tilraun sem fram hefur komið á öldinni hér í álfu til að gera hugsanir þeirra Benthams og Mills að veruleika – enda þótt frumkvöðlunum væri ekki nema að sumu leyti ljóst, hverra hugmyndir þeir voru að gera að veruleika. En viðfangsefnið var frá þeirra sjónarmiði sér-íslenzkt, og hér voru á ferðinni kynbornir synir sinnar þjóðar.

Einmitt þetta atriði er sérlega áhugavert að gaumgæfa, því að álíka hópur, að nokkru af sama landssvæði, hafði hálfri öld fyrr gert að veruleika þátt í hugmyndum annars manns, sem þeir höfðu aðeins haft lauslegar fréttir af. Hér á ég við stofnun kaupfélaganna í Ljósavats- og Hálshreppum – sem ég tel að hafi verið stofnuð með hliðsjón af kenningum Roberts Owen. (Það er svo önnur saga, sem lítið kemur þessari við, að svo vill til, að þeir Owen og Bentham voru miklir vinir og sameignarmenn um skeið.)

MERKILEGASTI KAFLI ÍSLANDSSÖGUNNAR FRÁ LANDNÁMSÖLD

FRAMHALD SÖGUNNAR

Hin eiginlega stefna Framsóknarflokksins fer að láta verulega að sér kveða með stjórnarmynduninni 1927.

Þá strax er hafið umfangsmikið umbótastarf á mörgum sviðum þjóðlífsins.

Gerðir voru vegir, brýr og hafnir.

Landhelgisgæzlan var reist við úr niðurlægingu.

Skólar voru stofnsettir og starfræktir í samræmi við ákveðna stefnu, sem reist var á grunni þess þjóðlega menntastarfs og menningar-uppeldis, sem fyrir var með þjóðinni. Skólarnir voru nútíma aðlögun á því sem fyrir var. Hinn frumlegi skilningur Jónasar frá Hriflu á samhengi nýrrar menntastefnu við gamlan menningararf

varð til heilla í þessu uppbyggingarstarfi. Skólastjórastarf Arnórs Sigurjónssonar á Laugum varð og stefnumarkandi.

Um 1930 skellur kreppan yfir Ísland. Nú reyndi á. Nú fékk hinn ungi flokkur tækifæri til að sýna hvað í honum bjó.

Á þessum tíma urðu sumar þjóðir gjaldþrota, og misstu sjálfstæði sitt. Hjá öðrum stöðvaðist öll framfarasókn – og mjög víða varð örlagarík hnignum og afturför.

En hvað skeði hér? Framsóknarmennirnir íslenzku voru ekkert að rýna í fræðibækur íhalds eða sósíalisma. Þeir héldu framsókninni áfram, þvert ofan í guðs og manna lög, og fræðikenningar háskólanna.

Þeir mynduðu sína eigin hugmyndafræði á örlagastund, þó ekki væri hún vel skilgreind fræðilega, en það kom ekki að sök þá. (En hefur frekar komið að sök síðar.)

Samkvæmt þeirri hagstjórnarkenningu, sem á þessum tíma var kennd í háskólum um alla vesturálfu, frímarkaðsstefnunni, laissez-faire-stefnu Ricardos, Says o.fl., hefði átt að láta skeika að sköpuðu, sem hefði þýtt samdrátt. – Jafnvel þjóðargjaldþrot. Samkvæmt þeirra kenningu mátti „ekki snerta“ við lögmálum efnahagslífsins.

Ef frímarkaðsstefnunni (laissez-faire) hefði verið fylgt, sem ýmsar af málpípum íhaldsins mæltu með á þessum tíma, þá hefði þjóðin sennilega orðið gjaldþrota – og líklega, samkvæmt minni áætlun, hefði um þriðjungur þjóðarinnar hreint og beint soltið. Hér var svo sannarlega um að ræða örlagastund í lífi þjóðarinnar.

Það er háttur Íslendingasagna, að gera grein fyrir hetjum sínum á örlagastundum í sögunni. Ein af snilligáfum Jónasar frá Hriflu var að velja menn.

Frá því segir í sögu Rómverja, að einu sinni þurfti með skyndingu að velja mann á keisarastólinn. Þá var gripinn, saklaus sagnfræðingur, sem engan áhuga hafði á embættinu, en gafst svo

sérlega vel (Claudius).

Framsóknarmenn vantaði mann til að annast fjármálastjórnina, sem þarna var erfiðasta verkefnið. Þeir gripu einn saklausan bókhaldsmann, sem var svo ungur, að hann var ekki einu sinni kjörgengur! Þessi maður var Eysteinn Jónsson. Hann hafði farið að vinna í stjórnarráðinu 1927, en á sama tíma hafði hann haft sem aukastarf að endurskoða framtöl ýmissa helztu fyrirtækja landsins fyrir skattstofuna. Sú vinna varð hans háskólanám.

Ekki veit ég hversu sterkur hann hefur verið í hugmyndafræðinni, þegar hann kornungur (27 ára) tók að sér raunverulega forystu í fjármálum þjóðarinnar. Almennt séð var búið að *marka* stefnu flokksins af Jónasi og mörgum öðrum framsóknarmönnum, en nú kom það í hlut þessa unga og óreynda manns að *móta* stefnuna í fjármálunum í framkvæmdaatriðum. Og hann tók ekki á því neinum vettlingatökum – enda skynjaði hann glögggt, hvað var í veði og hvers þurfti með.

Hin svonefnda nauðhyggja í hinni heimspekilegu söguskoðun heldur því fram, að hver þörf skapi sína úrlausn. Samkvæmt hinni efnahagslegu söguskoðun Marxista skapar sagan sig sjálf eftir óhjákvæmilegum efnahagslegum lögmálum.

Gagnstæð því er skoðun Mill-ismans. Mennirnir hafa valfrelsi og möguleika til að stjórna atburðarásinni. Réttir menn á réttum stöðum á réttum tíma geta haft úrslitaáhrif á gang sögunnar. Hvers vegna fengu ekki Nýfundnalandsmenn sína björgunarmenn, þegar þjóð þeirra þarfnaðist þeirra? Hvers vegna misstu þeir sjálfstæði sitt í kreppunni? Það var af því, að þeir höfðu ekki á að skipa dugmikilli og úrræðasamri forystusveit, sem vissi hvað hún vildi og fann ráð til úrlausnar jafnóðum og vandamálin birtust. Í stað þess að bugast fyrir ógnarveldi kreppunnar var nú fljótlega vörn snúið í sókn á Íslandi.

Fjármálaráðherrann ungi gætti hins takmarkaða fjár svo vel, að hann mætti á hverjum einasta fundi fjárveitinganefnda Alþingis fyrsta ár sitt sem fjármálaráðherra. Skar niður og jók við eins og þurfti, til þess að þjóðin hefði brýnar nauðsynjar og hægt væri samtímis að halda áfram nokkurri framfarasókn.

En ekki var látið hér við sitja.

Nú var hafizt handa um að breyta þjóðfélaginu úr því að lúta frímarkaðsstefnu (*laissez-faire-stefnu*) auðvalds og íhalds.

Því var breytt yfir til skipulagshyggu, þeirrar gerðar, þar sem skipulagið þjónar og styður ábyrga framtaksmenn, en spillir ekki fyrir því að framtak einstaklinganna fái notið sín. Frelsið var skipulagt.

Jafnframt því, að bjargað var frá efnahagslegu hruni og framfarasókn var haldið áfram, var þjóðfélaginu breytt úr skipulagslausu íhaldsþjóðfélagi yfir í það að vera framsóknarþjóðfélag í mörgum meginatriðum.

Þetta skipulag búum við ennþá við – og hefur í raun gefizt mjög vel, þegar á heildina er litið.

Hér er efnahagur og lífsaðstaða jafnari og betri en í flestum öðrum löndum, að ekki sé nú minnzt á, að efnahagur er mikið betri og jafnari hér en í öðrum löndum, sem voru á svipuðu efnahagsstigi og við, þegar uppbyggingarstarfið hófst hér fyrir alvöru.

Nú væri eðlilegt, að sú spurning kæmi í hug lesandans, hvers vegna höfundur væri að gera sér það ómak að skrifa bók, úr því þegar fyrir 40 árum væri komið á það skipulag, sem hann teldi æskilegt.

Svarið við þeirri spurningu er þetta:

Þó að hentugu skipulagi samkvæmt rétttri framsóknarstefnu hafi verið komið á, í mörgum helztu þjóðlífsgreinum, þá varð verkinu aldrei lokið. Ýmsar greinar er enn eftir að hneigja til samræmis við

stefnuna. Svo er líka hitt, að þörf er stefnumótunar, m.a. til þess að síður verði skrikað út af línunni, sem sífelld hætta er á að verði gert – vegna þess að stefnumótunin er að ýmsu leyti ófullgerð.

Þess vegna er skrifuð bók.

BREYTINGARNAR

Í hverju voru svo hinar mikilvægu breytingar fölgjar?

1. Efldur var stuðningur við bændur landsins við ræktun og uppbyggingu.
2. Það voru sett kjötsölulög, sem tryggðu bændum innlendan og erlendan kjötmarkað með skipulegum hætti. Kjötverkuninni var breytt og hún bætt. Frystihús voru byggð. Sláturhús byggð og endurbætt. Jón Árnason, sem var framkvæmdastjóri útflutningsdeildar SÍS, hafði mikla forystu um byggingu frystihúsa og um afurðasölu fyrir sauðfjárbændur.
3. Mjólkursölulög voru sett. Þar var gengið í gegnum allharða pólitíska baráttu. Tekið var upp verðjöfnunarkerfi, sem jafnaði mjög aðstöðu bænda, hvar sem þeir voru búsettir. Verðjöfnunargjaldið er biturt vopn – ákaflega nytsamlegt, ef því er rétt og hóflega beitt. Það hefur reynzt stórmikið nytjateki í þeim verndar- og uppbyggingaraðgerðum, sem bændastéttin hefur orðið aðnjótandi. Verið getur að verðjöfnunargjald sé íslensk uppfinning, ef svo má segja. Það er, að beita því á þann hátt, sem gert hefur verið í sambandi við sölu á kjöti og mjólk. Fróðir menn segja að Jón Árnason hafi a.m.k. átt hugmyndina að því að beita því þarna – en Páll Zophaníasson hafi gert þýðingarmiklar lagfæringar.

Í þessu sambandi má eitt fullvíst heita: Á Íslandi var farið að beita verðjöfnun í sambandi við áburðarsölu fyrir 1929. (Árni G. Eylands og Tryggvi Þórhallsson.) Jón Sundby, norski landbúnaðarfrömuðurinn,

var með í ráðum um setningu mjólkurlaganna. Hann segist fyrst hafa flutt frumvarp um verðjöfnun 1930 í Stórþinginu og að þá hafi hugmyndin verið alveg ný þar.

— — —

Skipuð var rannsóknarnefnd atvinnumála („Rauðka“). Þessi nefndarskipun var eitt af meginatriðum stjórnarsáttmálans, sem gerður var við jafnaðarmenn 1934.

Nefndin fékk hingað erlendan sérfræðing til að gaumgæfa atvinnumál þjóðarinnar – og framtíðar uppbyggingu. Ekki sízt með það fyrir augum að hér byggðist upp nýr iðnaður.

Tollarnir breyta nú um eðli, að verulegu leyti. Fram að þessum tíma höfðu þeir eingöngu verið fjáraflatollar, en nú er farið að hugsa þá (a.m.k. meðfram) sem verndartolla.

Í þessu einu liggur mjög grundvallandi munur.

Þetta atriði var þó aldrei framkvæmt eins og átt hefði að gera samkvæmt stefnunni, þannig að iðnaðinum væri gert jafn hátt undir höfði og t.d. landbúnaðinum. Stefnumörkunin í iðnaðinum var aldrei – og er ekki enn – fullgerð. Það verkefni bíður nýrra stóráta.

Þó ber að hafa vel hugfast, að á þessum örlagaríku árum í iðnaðarmálum var margt gert, sem horfði til stórfelldra framfara.

Þá voru stofnuð mörg iðnfyrirtæki – sem alla stund síðan hafa veitt fjölda manns atvinnu, og aukið á festu í þjóðarbúskapnum. (Í þessu sambandi er eftirtektarvert hversu mörg ísl. iðnfyrirtæki voru að halda upp á 30 eða 35 ára starfsafmæli sitt undanfarin ár.)

Ýmis þeirra fyrirtækja, sem stofnuð voru á þessum árum, hafa innt af hendi mikla gjaldeyrisparandi framleiðslu – og sum þeirra hafa náð þeim þroska að geta flutt framleiðsluvörur sínar á erlendan markað.

Á þessum árum varð þannig lagður grundvöllur að mikilvægu

atvinnusviði – sem þjóðlífið hefur búið að síðan.

Á sviði sjávarútvegsins vann umbótastjórnin einnig mikilvæg afrek, sem enn er búið að.

Hún löggildi Samband ísl. fiskframleiðenda sem eina útflutningsaðila saltfisks.

Með því var skipan komið á saltfisksölu, en sú verzlun var komin í hina mestu niðurlægingu.

Leifarnar af Spánarmarkaðinum voru komnar niður í slíka eymd, að þar var farið að styðjast við mútur. (Spánarmúturnar frægu.)

Þjóðin hefur síðan búið við þá skipan í saltfisksölumálum, sem þarna var á komið og mun hafa gefizt vel.

Fiskimálanefnd var stofnsett.

Á hennar vegum var tekið til við að byggja upp frystiiðnað þann til framleiðslu freðfisks, sem síðar hefur orðið ein helzta útflutningsgrein þjóðarinnar.

Í upphafi naut nefndin mikilvægrar samvinnu við Ingólf Espolin, sem þá hafði nýlega brotizt af stað með tilraunir í þessari grein.

Erlendir kunnáttumenn voru fengnir til að kenna flökun og frágang í neytendapakkingar.

Nefndin hafði einnig forgöngu um framleiðslu á skreið og markaðsöflun fyrir þá vörutegund, og hefur orðið til mikilla hagsbóta.

Einnig hafði nefndin forystu um rækjuveiðar, og um verkun þeirrar vöru og markaðsöflun fyrir hana. Humarinn kom svo síðar til sögunnar, en sem óbeint framhald af rækjunni. Runólfur Sigurðsson var ótrauður starfsmaður við að koma á þessum nýjungum í atvinnurekstri landsmanna. Umbótaríkisstjórnin mikla hafði auk alls þessa forgöngu um að efla stórlega smíðar veiðiskipa hér innanlands. Sú starfsgrein hefur síðan aldrei fallið niður (en raunar verið eflað nokkuð á síðari árum – sem er eitt af heldur fáum

lofsverðum framtaksatriðum ríkisstjórna síðustu ára).

Af þeirri upptalningu, sem hér hefur verið gerð, þó lausleg sé, ætti að vera ljóst, að í rauninni var þjóðfélagið umskapað.

Ekki er ég viss um, að mönnum sé almennt ljóst, hvaða áhrif þessi umsköpun hefur haft.

Samkvæmt mínu mati var bændastéttin beinlínis í hættu á þessum árum. Umbótastjórnin bókstaflega bjargaði bændastéttinni. Mikið af þeim iðnaði, sem nú er rekinn, á umbótastjórninni tilveru sína að þakka. Sama má segja um ýmsar greinar sjávarútvegs, og sjávarvöruíðnaðar.

Fáir einstakir menn hafa líklega átt meiri hlut að því að undirbúa þann jarðveg, sem svona stóratök gátu vaxið upp í, heldur en Jónas Jónsson og Tryggvi Þórhallsson.

En þegar til framkvæmdanna kom um skipulagningu og ráðagerðir, koma mjög margir menn við sögu.

Ekki er vafi á að hin svonefnda Tíma-klíka átti hér mikinn hlut að máli, en í henni voru bæði Jónas og Tryggvi, en auk þeirra voru í henni Jón Árnason, sem áður er getið, í sambandi við afurðasölulögin, og svo var þar Hallgrímur Kristinsson, Aðalsteinn Kristinsson og Guðbrandur Magnússon.

Páll Zóphaníasson var mikið með í ráðum um landbúnaðarmálin. Svo og m.a. Egill í Sigtúnum, Sveinbjörn Högnason, Bjarni á Reykjum Steingrímur Steinþórsson og ýmsir fleiri.

Enaðþvíersnertir Skipulagsnefndatvinnumála og Fiskimálanefnd er rétt að nefna ýmsa af leiðtogum Alþýðuflokksins, svo sem Jón Baldvinsson, Harald Guðmundsson, Jón Axel Pétursson, Héðin Valdemarsson, Finnboga Rút Valdemarsson, Vilmund landlækni, Emil Jónsson, Guðmund Oddsson o.fl.

Arnór Sigurjónsson kom líka mikið við sögu allra þessara ráðagerða, enda var hann bæði nefndarmaður og ritari

Skipulagsnefndarinnar (Rauðku).

En þegar að því kom að framkvæma alla þessa miklu löggjöf og ráðagerðir, reyndi langsamlega mest á tvo menn, þá Hermann Jónasson, sem var forsætisráðherra umbótastjórnarinnar, og Eysteinn Jónsson.

Ég held að íslenska þjóðin fái seint fullpakkað þessum tveim mönnum úrræðasemi þeirra, kjark og seiglu á þessum erfiðu tímum – þegar geigvænu kreppuástandi var snúið upp í mestu framfarasókn í sögu þjóðarinnar.


Flokkur Valtýs Guðmundssonar ritstjóra hafði raunar borið nafnið Framsóknarflokkur, en ekkert liggur fyrir um nein tengsl þarna á milli.



*Þorsteinn M.
Jónsson.*



*Sigurður
Jónsson,
Yzta-Felli.*



*Sveinn
Ólafsson
í Firði.*



*Einar
Arnason.*



*Jón
Jónsson,
Hvanná.*

*Hér eru þeir stofnendur Framsóknarflokks-
ins, sem ákváðu stofnun hans meðan þeir
biðu skips á Seyðisfirði í nóvember 1916.*



Jónas
Jónsson.




Tryggvi
Þórballsson.

Jónas og Tryggvi voru binir aðsópsmiklu foringjar Framsóknarflokksins um tveggja áratuga skeið. Frumlegri og yfirgripsmikilli skólamálaforystu Jónasa frá Hríflu má þjóðin ekki gleyma.



Ólafur
Briem.

Þessir 3 bættust í hópin í Reykjavík og urðu þá stofnendur.



Þorleifur
Jónsson.



Guðmundur
Ólafsson.



*Hermann
Jónasson.*



*Eysteinn
Jónsson.*

*Eysteinn og Hermann voru betjur 4. áratugsins. Þjóðin fær þeim seint full-
þakkað dagnað þeirra og úrræðasemi á þeim erfiðu tímum. Þeir höfðu forystu
um að snúa vörn í sókn.*



*Jón
Árnason.*

*Þessir 4
mynduðu
„Tímaklíkuna“
ásamt Jónasi
og Tryggva.*


*Hallgrímur
Kristinsson*




*Guðbrandur
Magnússon.*



*Aðalsteinn
Kristinsson.*



Benedikt á Auðnum, t. v., stóð fyrir „akademíu“ þingeyinga í meira en 1/2 öld. Arnór Sigurjónsson, t. h., stofnaði Laugaskóla og var auk þess með í ráðum um þjóðlífsbreytingarnar á 4. áratugnum.



*John Maynard Keynes „kreppu-
læknirinn“. Kenningar hans hafa
vafalaust haft geysiviðtæk áhrif
á líf allra vesturlandabúa síðasta
aldarþriðjunginn.*

Meira um afstöðu til mála

SKÓLAMÁL

Afstaðan til skólamála skilur f-stefnu mjög greinilega frá stefnu sósíaldemókrata og kommúnista. Einnig að verulegu leyti frá stefnu íhalds og/eða kapitalista.

Þar eru mörkin þó e.t.v. ekki eins greinileg, því í rauninni veit ég varla til að íhald eða kapitalistar hafi haft skýra stefnu á skólamálum, heldur orðið stefnu „kratismans“ að bráð, vegna síns eigin stefnuleysis í þessum efnum.

Og hefur bæði f-stefna og stefna kapitalista beðið sameiginlegt skipbrot fyrir kratismanum. Tekið skal fram, að orðið kratismi, er hér ekki notað sem niðrunarorð, heldur er það hér látið tákna þá stefnu (m.a. í skólamálum), sem er sameiginleg fyrir bæði jafnaðarmenn (sósíaldemókrata) og kommúnista.

Í því skyni að gera lesturinn um þetta mál aðgengilegri, fara hér á eftir tvö viðtöl um þetta efni, að mestu leyti eins og þau birtust í dagblaðinu Tímanum fyrir nokkru.

Í fyrra viðtalinu „Skólahættan“ er gerð nokkur grein fyrir þeim hættum, sem ég oft hef látið í ljós að ég telji að æskufólki stafi af núverandi skólakerfi. Í því síðara um *tvenndarskólann* er bent á leiðir til úrbóta.

Þess er svo rétt að geta, að þegar viðtölin voru tekin, var hið svonefnda *grunnskólafrumvarp* mjög til umræðu.

Má svo skjóta því inn, að nokkrar af þeim bendingum, sem fram koma í viðtölunum virðast hafa verið teknar til greina (eða samskonar bendingar, frá öðrum), því grunnskólafrumvarpinu var mjög breytt til bóta í meðferð Alþingis, þannig að nú stendur opið að talsverðu leyti eftir hvaða stefnu grunnskólalögin verða framkvæmd.

Þetta gæti bent okkur, sem gagnrýndum frumvarpið, til þess, að það sé ekki alltaf með öllu vonlaust að láta í ljós skoðanir og gagnrýni.

Hér koma svo viðtölin:

SKÓLAHÆTTAN

Of löng skólaseta einangrar. Hindrar þroska

Þú talar um skólahættu, Kristján. Felst í því að skólar geti verið beinlínis hættulegir fyrir æskufólkið?

Já, það er ég fullkomlega sannfærður um. Raunar væri eðlilegra að tala um skólahætturnar, því ég álít að margs konar hættur geti verið fólgnar í skólasetu og skólastarfsemi eins og hún er nú rekin. Aðal hætturnar tel ég að stafi af tveimur mjög svo ríkjandi fyrirkomulagsatriðum í núverandi og fyrirhuguðu skólakerfi. Annars vegar af því að skólasetan er of löng, hins vegar af því að þetta kerfi hindrar tengsl nemenda við hið eðlilega, lifandi líf samtímans. Skorturinn á víxlverkunum milli skólastarfs og reynsluþekkingar er megin orsökinn fyrir þeim margháttuðu hættum, sem af langskólasetunni leiðir.

Áttu við að skólasetan valdi vissri einangrun?

Sjálf skólasetan er hætta útaf fyrir sig, en einangrunin sem hún skapar, frá eðlilegri lífsreynslu, með því að geyma nemandann innan veggja skólans of lengi, er annar megineðlisþáttur skólahættunnar. Að mínu mati veldur þetta hættu á mannskemmdum, hættu á að ýmsir dýrmætustu eiginleikar ungmennanna glatist. Ég held, að

með langskólasetunni sé komið í veg fyrir þroska, sem unglingar hefðu tækifæri til að öðlast, ef skólinn lokaði þá ekki innan veggja sinna óhæfilega langan tíma af þroskaskeiði þeirra. Með orðinu langskólaseta er átt við of langa skóladvöl á hvaða skólastigi sem er.

Viltu ekki skilgreina nánar, hvað það er, sem sett sé í hættu í þeirri einangrun, sem þú segir að skólinn skapi?

Af þeim dýrmætustu eiginleikum, bæði fyrir einstaklinginn og samfélag hans, sem eru í hættu, vil ég fyrst nefna persónulegt framtak. Einstaklingsbundið framtak í fjölbreytilegum myndum er, og hefur ætíð verið, meðal þeirra þátta mannlegs atgervis, sem drýgst hefur verið til að halda uppi menningarlegri og efnahagslegri velferð einstaklinga og samfélaga. Næst tel ég matshæfni og dómgreind, sem ég álít, að sé sett í hættu með of langvarandi einangrun og sífelldri handleiðslu langskólans.

Þú gerir mjög mikið úr því að skólinn einangri nemendurna frá lífinu?

Já, ég tel að langskólasetan geti orðið að einskonar öfug skólun með því að einangra nemandann frá þeirri skólun, sem lifandi og frjó tengsl við hið stríðandi líf úti í sjálfri lífsbaráttunni mundu annars veita ungmennunum. Hún kemur í veg fyrir hina dýrmætu reynslu, sem nemandinn annars gæti öðlzt með þátttöku í eðlilegu starfi með öðrum aldursflokkum.

LANGSKÓLASETA ORSAKAR KYNSLÓÐABILÍÐ OG ÞAR MEÐ UNGLINGAVANDAMÁLIN

Þú átt við að skólasetan auki á kynslóðabilið, sem svo mikið er talað um?

Já, ég held, að langskólasetan sé aðalorsökin, sem reisir jártntjaldið eða kínamúrinn milli kynslóðanna. En þessi kynslóða-kínamúr, ef ég má nefna það svo, tel ég að sé eitt þeirra fyrirbrigða, sem sé

áhrifameira en flest annað til að koma í veg fyrir eðlilegan þroska nútíma æsku.

Meinarðu að þarna sé ef til vill ein af orsökum hinna svokölluðu unglingavandamála?

Já, ein megin orsök. Hér er um að ræða bitra reynslu af uppeldisaðferðum ýmissa þjóða. Og þetta vandamál fer vaxandi. Gallar ríkjandi skólastefnu eru nú sem óðast að koma fram, bæði hérlandis og erlendis – og að því er virðist nokkurn veginn í réttu hlutfalli við í hve ríkum mæli langskólasetustefnan nær víðtækari hjartökum.

Hefur ekki komið fram gagnrýni á langskólasetu hjá þjóðum, sem hafa búið lengur við hana en við?

Jú, nú eru sem óðast að koma fram ýmisskonar andsvör – nýjar stefnur og nýjar skólatilraunir í mörgum löndum, sem rísa gegn langskólasetunni. Áreiðanlega meðfram vegna þess, að hún og unglingavandamálin eru sett í samband hvort við annað.

SÁ SEM EKKI LÆRIR AÐ VINNA Á RÉTTU ÞROSKA-SKEIÐI GETUR ORÐIÐ LÍFSTÍÐARÓNYTJUNGUR!

Þú álitur, að of löng skólavist geti leitt til unglingavandamála, en er ekki starf nemendanna í skólanum jákvætt út af fyrir sig?

Jú, svo langt sem það nær – og að svo miklu leyti sem það er eðlilegt. En þó tel ég einmitt að reynslan sýni að veigamikill þáttur í skólaskemmdunum sé það, að langskólasetan virðist spilla almennri starfshæfni ungmenna, virðist spilla almennri starfshæfni þeirra bæði til andlegrar og líkamlegrar vinnu, þ.e. vinnu sem nokkrar verulegar kröfur gerir til þeirra um þolgæði, vandvirkni og þrek. Orsökina til þessa mun liggja í því, að hæfnin til að læra að vinna er allmjög bundin við ákveðið þroskaskeið. Sá sem ekki lærir að vinna á því þroskaskeiði, sem honum er eðlilegt, lærir það ef til vill aldrei. Hann

á á hættu að verða lífstíðarónytjungur. Þjóðfélagið verður af með vinnuframlag hans og hann sjálfur glatar tækifærinu til að öðlast þann ómetanlega hamingju- og heilbrigðisgjafa, sem vinnan er.

RAUNASAGA BARNSINS – ANDLEGT OFBELDI

Ég reikna með, að margur mundi vilja spyrja, hvernig það megi vera, að „blessaður“ skólinn geti valdið öllum þessum skemmdum á ungu fólki?

Ég vil svara þessu með því að gefa lýsingu á því, hvernig nútímaskólinn kemur fram við barnið og unglinginn. Þessi saga hefst með því að barnið er tekið sex til sjö ára og sagt er við það: Gakk inn um þessar dyr, sittu á þessum stól við þetta borð – og sittu kyrr – og gerðu eins og þér er sagt. Hvert fótímal er ákveðið fyrir einstaklinginn, flestar ákvarðanir eru teknar fyrir hann, hann á aðeins að laga sig eftir kerfinu, hann situr fastur í því. Barnið fær til dæmis ekki framar að vera við sauðburð að vorlagi eða smalamennsku að haustlagi, þótt það kynni að eiga þeirra góðu kosta vól, því það er búið að lengja skólatímann. Ungmenníð fær hvergi að vera með í eðlilegu lífi og starfi annarra aldursflokka. Barnið einangrast frá reynslu kynslóðanna, því skólakerfið heimtar það til setu á stólnum og við borðið fyrirnefnda.

HEYKÖGGLAVERKSMÍÐJA OG SKÓLI. MÚGMENNSKUUPPELDI

Ég hef heyrt, að þú hafir líkt skólakerfinu við heykögglaverksmiðju. Hvað áttu við með því?

Já, skólakerfið er orðið að nokkurs konar vélasamstæðu, sem heimtar sitt hráefni. Mér finnst ekki fjarri lagi að líkja því við einhvers konar fjöldaframleiðslu-verksmiðju. T.d. heykögglaverksmiðju.

Þar eru margs konar jurtir settar inn í annan enda samstæðunnar. Síðan saxar, þrýstir, malar og þurrkar verksmiðjan, og út um hinn enda hennar koma heykögglar, sem allir eru svo til eins að lögun og eiginleikum. Sérkenni hverrar jurtar, hvort sem um var að ræða sterkbyggðan snarrótarpunt, fingert svefgras, arfakló eða fagra blómjurt – öllu hefur verið þrýst inn í sama formið.

Þú óttast sem sagt um sérkenni og sérhæfni einstaklinganna?

Já, þótt heykögglar séu að vísu ágætt fóðurefni, þá má ekki beita tilsvareandi aðferð, þegar um er að ræða einstaklinga, sem ætla að lifa áfram, einmitt hver með sínum sérkennum og sérhæfileikum. Þjóðfélagið þarfnast hinna margbreytilegu hæfileika þeirra og þeir eiga sjálfir að fá að njóta þeirra. Núverandi kerfi er gróðrarstía fyrir múgmennskuuppeldi.

STEINBARN Í SÁLINNI

En hvað um þá þekkingu, sem skólarnir miðla? Nú þarf nútímamaðurinn á mikilli þekkingu að halda.

Sá litli þekkingarforði, sem kann að hafa síazt inn í nemandann í hinum vélræna skóla nútímans, getur hæglega orðið að eins konar dauðu steinbarni í sál nemandans, af því að reynsluþekkingu þá skortir, sem hefði getað gert þekkingarforðann lífrænan.

Áttu við að einangrun skólans, sem þú minntist á hér á undan, geri þekkingarforða nemandans ólífrænan?

Já, aðeins eðlileg þátttaka ungmenna í raunhæfu samstarfi með hinum mismunandi aldursflokkum, ungu fólki, miðaldra og gömlu fólki, getur skapað hinar réttu kringumstæður til menningartengsla milli kynslóðanna. Kringumstæður, sem aldrei getur heppnast að búa til innan veggja nokkurs skóla. Tilbúin gerviaðstaða er aldrei jafngóð og sjálfur raunveruleikinn.

RANGMAT Á STÖÐU NEMANDANS – OG FALS RöKIN

En er ekki mögulegt að skapa slík menningartengsl innan skólanna með breyttum starfsháttum?

Nei, það eru algeng rök fyrir því, að óhætt sé að hafa menn lengi í skóla, að skólastarfinu sé hægt að breyta. Það á sem sé að fara með hin margbreytilegu lífsstörf, jafnvel sjálft atvinnulífið, inn í skólann. Þetta eru hin mestu falsrök. Þetta hefur aldrei tekizt. Hvernig væri hægt að fara með landbúnaðinn, sjávarútveginn, iðnaðinn, verzlunina o.s.frv. inn í skólastofuna? *Kjarni þessa þáttar er sá, að langskólakerfið rangmetur þá hömlun á nemandann, sem reynsluleysið veldur honum.* Skólanámið nýtist ekki nemandanum, vegna þess að víxláhrifin milli skólastarfs og eðlilegrar lífsreynslu fá ekki notið sín með núverandi langskólasetu-þvingun. Hvað gæti læknir, hjúkrunarkona, iðnaðarmaður, bóndi, o.s.frv., sem aðeins hefði lesið fræði sín á bók?

LANGSKÓLABANDINGJAR HAFÁ LÍTT STAÐIÐ FYRIR FRAMFÖRUM

Hvers vegna, að þínu áliti, er ekki þá allt farið norður og niður hjá þeim þjóðum, sem hafa lengi búið við langskólasetur unglinga?

Það eru feikileg vandkvæði þegar komin í ljós og eru að koma í ljós í vaxandi mæli eins og ég sagði áðan. Vandkvæðin birtast m.a. í múgmennsku, skólauppreisnum, eiturlyfjafíkn, leti, glæpum og margskonar andfélagslegum fyrirbrigðum. Ein ástæðan fyrir því, að ekki er enn verr farið en raun ber vitni, mun sú, að enn er til fjöldi manna, sem tóku út þroska sinn áður en langskólakerfin náðu sínum þrælatökum. Og það eru einmitt þessir menn, sem hafa haldið uppi því framfaraskeiði, sem orðið hefur, t.d. hér á landi,

og í ýmsum öðrum löndum undanfarna áratugi. Aldrei á Íslandi hefur orðið meiri nýsköpun og framfarir, bæði á andlegu sviði og verklegu, eins og síðustu 70 árin. Þessar framfarir hafa ekki verið bornar uppi af langskólabandingjum, heldur einmitt fólki, sem naut takmarkaðrar, hóflegar skólagöngu, en þeim mun meiri skólunar í sjálfum lífsskólanum. Lítum í kringum okkur. Hverjir bera og hafa borið uppi meginþætti menningarframstreymisins? Er það fólk, sem hefur setið 9 sinnum 9 mánuði æskuskeiðs síns við skólapúlt?

SKÓLASTARFI BREYTT ÚR HUGLJÚFU ÆSKULÍFI Í „FANGELSI“

Þegar þú talar um 9 mánaða skólaskyldu í 9 ár, þá ertu í rauninni farinn að tala um tillögurnar, sem felast í grunnskólafrumvarpinu?

Já. Grunnskólafrumvarpið er í aðalatriðum aðeins framhald eða viðbót við núverandi kerfi. Að mínu mati breytir langskólasetan skólanum úr því, að geta verið hamingjugjafi fyrir ungmennin, í það að verða að einskonar fangelsi, vegna þess hvað hann er langur og hve hann er einangrandi. Væntanlega þyrftu svo skólabörnin að fá eins mánaðar orlof árlega eins og aðrir borgarar. En þá eru aðeins eftir tveir mánuðir til að vera með í atvinnulífinu og svo stuttan tíma verður erfitt að fá vinnu eða dvalarstaði fyrir unglingana – ekki sízt þegar allir landsins unglingar þurfa á þessu sama að halda samtímis. Einhverskonar gerviskóli eða gervivinna verður því það fangaráð, sem gripið verður til – og þá er hringnum lokað. Kínamúr kynslóðabilsins yrði þá fullbyggður af hálfu skólayfirvaldanna.

En hver er þá lausnin út úr öllum þessum vanda?

Því vil ég gjarnan svara í framhaldsviðtali, það yrði viðtal um tvenndarskólann, sem er nýtt skólafyrirkomulag, sem ég tel að leysi flest þau vandamál, sem að framan greinir – auk margra kosta, sem það hefur í för með sér.

TVENNDARSKÓLINN

Nafngiftin.

*½ ár innan skóla. ½ ár án skólaþvingunar
í eðlilegu starfsnámi*

Í síðasta spjalli við mig, þar sem þú taldir fram þá ókosti, sem þér finnst vera á núverandi skólakerfi, gættu þú jafnframt um hugmyndir þínar um nýtt skólakerfi, er þú nefndir „tvenndarskóla“ og þú telur að mundi verða mjög til bóta, ef upp yrði tekið í meira eða minna mæli. Mætti ég annars spyrja, hvernig þessi nafngift, tvenndarskóli, er tilkomin?

Nafngiftin helgast af því, að í því kerfi á að leggja að jöfnu kennslu í skóla og þátttöku í eðlilegu lífi með mismunandi aldursflokkum. En einnig af því, að kerfið er þannig hugsað, að helming hvers (skóla)árs sé nemandinn innan veggja skólans, það er 5 og hálfan mánuð árlega – en hinn helming (skóla)ársins sé nemandinn utan skólans – úti í skóla hins eðlilega lífs. Einn mánuð áætla ég sem orlofsmánuð fyrir nemendur og kennara. Önnur skólaönnin gæti t.d. náð yfir tímann frá 1. janúar til 15. júní. Hin frá 15. júlí til áramóta. Í tvenndarskólanum yrði alveg varpað fyrir borð þeirri hugmynd, að skóli eigi að vera geymslustofnun á einn eða annan hátt. Þar á að leggja kapp á að kenna og æfa færnisatriði. Þessi færnisatriði eru m.a. þau, er nú skal greina.: 1. Lestur og íslenzka. 2. Skrift og þá meina ég góða skrift, en ekki það persónulausa hrafnaspark, sem fjöldi unglinga kemur nú með úr skólanum, sem stafar m.a. af mjög illa völdum forskriftarbókum. Þriðja færnisatriðið er reikningur. Þessi reikningskennsla á að vera valin og framkvæmd frá hagkvæmnissjónarmiði, en ekki miðuð við vafasamar tilraunahugmyndir eða kenningar sérvitringa.

KJARNANÁM

Vekjandi viðtöl, fyrirlestrar, kvikmyndir

Þetta nefndir þú færnisatriði, en hvað um lærdóminn í lexíunum, landafræði, sögu, náttúrufræði o.s.frv.?

Þar vil ég koma á róttækri breytingu. Ég vil að búin sé til kjarnanámsskrá, þar sem valin séu úr þessum fræðum og fleiri fræðigreinum, ákaflega fá en mjög vandlega valin minnisatriði. Þessi minnisatriði eiga að vera svo fá, að auðveldlega megi kenna þau svo til öllum nemendum, jafnvel þótt þeir séu talsvert fyrir neðan meðal námshæfni. Þessi kjarnakennsla á ekki að vera kák, heldur á að vera stranglega eftir því gengið, að þessi fáu atriði séu lærð. Síðan á að kenna með fyrirlestrum, skuggamyndum og kvikmyndum. Til þessarar kennslu á að fá valda, sérhæfða fyrirlesara, sem vekja áhuga á hinum margvíslegu fræðigreinum, vekja hugmyndaflugið og veita yfirsýn, en það á ekki að ætlast til þess, að nemendur *muni* beinlínis þetta námsefni frekar en verkast vill. Það á ekki að taka próf í þessu námsefni, eða a.m.k. á að meta próf í því á allt annan hátt en í færnisnáminu og í kjarnanámsskránni. Fyrirlestrana skal gjarnan byggja utan um, og holdi klæða með þeim, hin fáu afmörkuðu kjarnanámssatriði.

HUGSJÓNAFÓLK, EN EKKI

MINNISATRIÐAGEYMSLUR

Svo þú vilt beita fyrirlestraaðferðinni við kennsluna, e.t.v. líkt og tíðkast mjög í norrænu lýðháskólunum?

Já, ég legg mjög mikla áherzlu á þá kennsluaðferð, einkum fyrir stálpaðri nemendahópana. Í fyrirlestrartímunum má auðveldlega steypa saman fleiri bekkjardeildum og fá í gegnum það nokkra spörun kennslukrafta, þótt sérhæfðir fyrirlesarar yrðu auðvitað að

fá vel greitt fyrir sína vinnu og sérhæfleika. Fyrirlestrarstarfsemin er kjörinn vettvangur til að vekja áhuga á hinum fjölbreytilegustu mállefnum og þekkingaratriðum, en ekki sízt mætti nota þann vettvang til að glæða áhuga á tungu, sögu og menningararfleifð hinnar íslenzku þjóðar. Fyrirlestrarstarfsemin ætti einnig að vera vettvangur til að glæða hugsjónalega afstöðu nemenda. Kveikja í hugum þeirra hugsjónaeld til að komast út fyrir sérgæzku og einhliða eiginhagsmunastrit lítilmennisins, en glæða kjark, áræðni og fórnarlund þess, sem af hugviti og heilindum vill einhverjar fórnir færa fyrir samfélag sitt. Skólinn á að leitast við að gera nemandann að víðsýnum hugsjónamanni, en leggja minni rækt við að gera hann að einhvers konar minnisatriðaskúffu – skúffu fyrir handahófslega og oft illa valin minnisatriði, eins og mér virðist nú mikið um innan ríkjandi barna- og unglingaskólakerfis. Aftur á móti er gott að æfa nemendur í notkun uppsláttarbóka, sem eru hinar réttu geymslur fyrir minnisatriði, og er þar í rauninni um að ræða eina grein færníkennslunnar.

Heldurðu ekki að kennslan og námið mundi minnka við svo mikla styttingu skólatímans, sem þú gerir ráð fyrir?

Nei, hreint ekki. „Kennslumagnið“ svonefnda, sem mér finnst bæði hlægilegt og andstyggilegt orð, það mundi minnka, en meðtekið lífrænt námsefni mundi aukast stórlega.

Væri ekki ráð fyrir eitthvert skólahérað, sem er í húsnaðishraki að gera tilraun með þetta fyrirkomulag?

Það gæti verið góð byrjun – og ég vil bæta því við, að þótt skólatíminn sé stytur svo mjög, sem hér er gert ráð fyrir, mun vinnast nægur tími til að kenna ofurlitla undirstöðu í einu eða tveimur erlendum tungumálum, en tungumálanám á annars að framkvæma með öðrum hætti en tíðkast nú í skólum, en of langt mál yrði að fara út í þær breytingatillögur hér.

AÐEINS ÞAÐ VERKNÁM INN Í SKÓLANA, SEM HENTAR ÞAR

Forðast ber „gerviverknám“

En hvað um allt verknámið, sem nú er svo mjög rætt um að auka í skólum? Mundi það ekki bíða hnekki við námstímastyttinguna?

Um það atriði hef ég þetta að segja, og er þar um að ræða eitt af grundvallaratriðum í tvenndarskólahugmyndinni: Teikningu, vissar greinar handavinnu og vélritun mun vinnast nægur tími til að kenna í tvenndarskólanum. En eitt meginatriði þessa kerfis er, að aldrei skal reynt að fara með inn í hinn almenna skóla kennslu í verklegum greinum, sem eðli sínu samkvæmt eiga ekki heima í skólastofunum og verða því iðulega kák eitt, og geta þess vegna valdið vissum *uppeldisskemmdum*. Yfirleitt skal leitast við í skólastarfi að reyna ekki að kenna nema það, sem fyrirfram má teljast líklegt að heppnist að kenna, því mistökin og kákið brjóta niður sjálfstraust nemendanna og sjálfsvirðingu og virðingu fyrir skólastarfinu.

Ég held að margur verði tortrygginn á að tími reynist nægur.

Sannanir fyrir því, að fimm og hálf mánaðar skóli sé nægilega langur tími, til að kenna meira og betur en yfirleitt tekst með núverandi kerfi, má heita að liggi ljósar fyrir. Má þar m.a. nefna margfalda reynslu frá skólum dreifbýlisins. En stórbreyttar aðferðir og framkvæmdatilhögun tvenndarskólans skapa líka skilyrði fyrir því, að námstímastyttingin minnki ekki það námsefni, sem nemandinn getur meðtekið.

FÆKKUN Í BEKKJARDEILDUM

Burt með truflanir. Ekki má ofbjóða kennurunum

Í tvenndarskólanum eiga nemendur að vera færri í hverri bekkjardeild heldur en nú tíðkast, helzt ekki fleiri en 15 – 25 eftir

ástæðum, enda getur þá kennarinn sinnt hverjum nemanda af meiri nærfærni en nú tíðkast. Engum nemanda má líðast að trufla námsstarfið hið minnsta, eins og nú er mjög algengt. Þessu skal mjög stranglega framfylgt, enda mun mega reikna kostnaðarverð hvernar kennslustundar á þúsundir króna. Truflandi nemendur verða að fá sérkennslu, sérmeðferð, í mjög fámennum bekkjardeildum hjá kennurum, sem sýnt hafa hæfni til að fást við slík vandamál. Nóg fjárráð ættu að vera til slíkrar sérkennslu, því viss spörun felst í tvenndarskólakerfinu, einkum þó á húsrými, vegna þess að helmingi færri nemendur eru innan veggja skólans hverju sinni heldur en nú er. Ég áætla, að húsrýmisspörun til skólahalds mundi nema um 1/3 en kaupgreiðslukostnaður til kennara mundi lítið eða ekki minnka. En kerfið gæti boðið upp á bætt launakjör kennara og þeim hagfelldari frítímaskiptingu. Og einnig mundi kerfið skapa skilyrði fyrir því, að kennurum yrðu ekki fengin nær óleysanleg viðfangsefni – þar sem truflandi óróaseggir meðal nemenda yrðu miskunnarlaust fjarlægðir og fengju sérmeðhöndlun. Fækkunin í bekkjardeildum gerði störf kennara líka viðráðanlegri og árangursríkari – og þar með skemmtilegri.

SÉRGREIND KENNSLA, JAFNVEL MIÐUÐ VIÐ FRAMHALDSNÁM

Raða skal í deildir eftir námshraða. Burt með hugmyndina um „geymslustofnun“

Sérhæfing og sérkennsla, sem kerfið býði upp á, mundi auðvelda hagfellda nýtingu breytilegra kennslukrafta. Röðun í bekkjardeildir á að fara eftir námshæfni og færni, en ekki aldri, svo mishraðfærir nemendur tefji ekki hverjir fyrir öðrum. Þetta er byggt á þeirri grundvallar hugsun, að skólinn á að kenna og æfa færni og vekja áhuga, en ekki að vera geymslustofnun. Það á að bera virðingu fyrir

tímaeyðslu eða tímanotkun nemandans.

Allir fengju vinnu og dvalarstaði, því aðeins helmingur skólafólks yrði utan skóla í senn

Nú mun margur spyrja, hvað eigi að gera við þann helming skólaæskunnar, sem er utan skóla hvern árshelming, t.d. frá miðjum júlí til áramóta.

Hér kemur einmitt að öðrum aðalkjarna málsins. Sá hópur á að fá að vera með fullorðna fólkinu. Vera í sjálfum lífsskólanum. Vera að læra að vinna. Á þetta þó einkum við aldursflokkan 11 til 16 ára. Þeir yngri yrðu frjálsir. Ég tel mjög vafasamt að vera alltaf að skipta sér af börnum. Yngri börnin eiga að fá að hafa frið og þroska sig sjálf í næði – samkvæmt eigin ákvarðanatöku. En svo þurfa að vera til leikskólar og tómstundaaðstaða fyrir 7 – 10 ára börnin, en þau eiga að fá að vera sem frjálsust.

Allir hinir stálpaðri nemendur mundu eiga auðvelt með að fá störf og dvalarstaði við sitt hæfi – vegna þess, að aðeins helmingur þessara aldurshópa er utan skólans hverju sinni. Og unglingurinn á að fá að skipta um störf. Eina árshelmt er hann t.d. í sveit, aðra sendisveinn í verzlun eða hjálparunglingur á hinum óteljandi breytilegu verkstöðvum í þjóðfélaginu. Gegnum þetta kynnist unglingurinn þjóð sinni og reynslu hinna fullorðnu – ekki í gervistarfi – heldur raunverulegu starfi. Finnbogi í Gerðum kom fyrir löngu með tillögu um að leysa úr vinnuafllsvöntun, með því að lofa skólafólki að taka þátt í fiskvinnslu á vertíð. Það kæmi þá sem einskonar auka-afurð við þau uppeldisatriði, sem ég legg aðaláherzlu á. Einnig gæti þetta orðið mikil hjálp við stöðuval síðar.

EFTIRLITSKENNARAR

Leiðbeinendur meðal eldri vinnufélaga

Þessu fylgir svo, að nauðsynlegt mundi að hafa einskonar eftirlitskennara, sem heimsæktu nemendur á starfsstöðvarnar, sveitaheimilin, skrifstofurnar, verzlanir o.s.frv.

Þessir eftirlitskennarar ættu að fylgjast með því, að unglingum yrði ekki ofþyngt með vinnu, en reyna að fá hina fullorðnu samstarfsmenn þeirra til að ræða við þá og vekja áhuga þeirra á hinu eðlilega, raunhæfa lífi.

Er þarna kannski afturgengin kenning Rousseaus um einn kennara fyrir hvern nemanda?

Í raun yrði þetta spor í þá átt. Ég er þeirrar trúar, að margir fullorðnir mundu hafa mikla gleði af að glæða áhuga þeirra unglinga, sem með þeim dveldu – og hafa holl áhrif á hugarfar þeirra, því



Jean-Jacques Rousseau (1712—1778). Franskur heimspekingur, skáld og uppeldismála-bugsuður. Hann hafði mikil ábrif á stjórn mála-bugsuði um langan aldur. „Hverfum til náttúrunnar, hins eðlilega lífs“, var eitt af kjörordum hans.

En mikilvægust ábrif befur hann þó sennilega haft á hugmyndir um skólamál. Hann skrifaði marga og var ekki alltaf sjálfum sér samkvæmur. En eitt af því sem hann lagði mikla áberzlu á, var að best væri að kenna nemendum hverja færni — jafnóðum og það sýndi sig, að nemandinn hefði þörf fyrir hana. Nemandinn átti að skilja sambengið milli kennslunnar og þarfarinnar fyrir kunnáttuna. Og hann taldi æskilegast að hver einn nemandi

hefði sem mest sinn sérstaka kennara. Einn kennari, einn nemandi. (Sbr. hugmyndina um tvenndarskólann, um sérstakan tilsjónar- og hjálparmann hvers nemanda þann tíma, sem nemandinn er utan hins eiginlega skóla.)

sem betur fer er fórnarlund og hjálpsemi meðal þjóðareinkenna Íslendinga. Í fjölmörgum tilfellum mundu eftirlitskennararnir geta fundið einskonar verndara hvers unglings meðal vinnufélaga hans, og í þeim tilvikum yrði Rousseau-kenningin að veruleika. Með þessu nýja fyrirkomulagi mundi námsgleði koma í stað námsleiða. Þekkingarþorsti í stað þekkingarviðbjóðs, sem nú einkennir mörg ungmenntu sem skólaverksmiðjur nútímans eru að gera að lífsleiðum umskiptingum.

LJÓSI PUNKTURINN Í GRUNNSKÓLAFRUMVARPINU

Hvað finnst þér um valgreinahugmyndir þær, sem fram eru settar í grunnskólafrumvarpinu?

Þær eru þess ljósi punktur – og mundi mjög auðveldlega vera hægt að fella þær inn í tvenndarskólakerfið, en ég vara við að reynt verði að fara með nokkuð það inn í skólann, sem aðstaðan geri að káki.

Þú lítur svo á, að tvenndarskólakerfið mundi hafa í för með sér spörun fjármuna?

Vafalaust. Og með þeirri fjármunaspörun í skólahúsnæði, sem tvenndarskólinn mundi leiða af sér, fengist auðveldlega fjármagn til að bæta úr skorti, sem nú er á stöku stað í dreifbýlinu, á bekkjardeildum til að samhæfa tvenndarskólakerfið framhalds- og verknámsskólakerfinu, að svo miklu leyti sem þarf. Framhaldsskólakerfið allt þarf svo endurskoðun, sem ég hygg, að nú sé unnið að, og að sumu leyti held ég, að sú endurskoðun sé á góðri leið.

Er þetta alveg spáný hugmynd um þennan tvenndarskóla? Ég minnst ekki að hafa heyrt orðið fyrr en alveg nú nýlega.

Orðið er nýtt – og segja má, að hugmyndin um að beita þessu kerfi í þjóðarskólanum almennt sé að nokkru nýleg, en í raun er

aðferðin gömul og þaulreynd, því barna- og unglingaskólarnir hafa til skamms tíma verið nokkurs konar tvenndarskólar, þar sem kennt var aðeins hálft árið eða minna – en breyttar aðstæður í þjóðfélaginu kalla á nýtt skipulag og það er einn meginþátturinn í hugmyndinni. Annars eru margir skólar, sem nú eru starfandi hér á landi, tvenndarskólar í reynd, þar sem verklegt og bóklegt nám helzt í hendur. Má þar nefna mikið af iðnnámi, hjúkrunarnámi, læknanámi o.fl.

VERZLUNARSKÓLAR ÆTTU AÐ VERA TVENNDARSKÓLAR

Vildirðu ef til vill útfæra kerfið á fleiri skólastig?

Alveg hiklaust. Verzlunarskólarnir ættu t.d. að taka það upp, jafnvel í því formi að nemendurnir væru annað árið í skóla en hitt árið við verklegt nám í fyrirtækjum. Þetta byggir ég meðal annars á reynslu frá litlu eigin fyrirtæki. Nýútskrifaður smiður getur oft komið að fullu gagni, því hann hefur verklega reynslu í grein sinni. Nýútskrifaður verzlunar- eða samvinnuskólanemi kann næstum aldrei það, sem hann ætti að kunna og það sem próf hans ætti með réttu að sýna að hann kynni.

Hvað á hann að kunna?

Hann á að kunna að vélrita hratt og rétt, hann á að geta skrifað skammlaust verzlunarbréf og hann á að geta fært og gert upp bókhald svo treysta megir. Ég þekki afar fá dæmi þess, að nýbakaðir nemar frá þessum skólum svari þessum kröfum, þrátt fyrir sæmilegar einkunnir. Þetta eru vörusvik. Ef þessum skólum yrði breytt í tvenndarskóla er ég viss um, að útkoman yrði önnur.

Okkur vinnst víst ekki tími til að ræða stúdentsnámið og Háskólann að neinu ráði, en vildirðu eitthvað segja um það að lokum?

Háskólanámið er stór kapituli útaf fyrir sig. Þótt margt sé

vel um þá starfsemi, þá eru þar líka til bæði skólaskemmdir og beinar þjóðskemmdir. Þjóðskemmdir, sem þó aðeins að minni hluta eru Háskólans sök, heldur Alþingis, eða stjórn málaforystu landsins, sem árum saman hefur vanrækt að móta þá stefnu í þjóðlífs- og efnahagsmálum, sem verður að móta áður en hægt er að móta nýja stefnu í ýmsum helztu greinum háskólastarfsins og iðnmenntunarinnar. Þá fyrst, þegar Alþingi hefur mótað þessa stefnu – verður hægt að fara að móta háskólastarf, þar sem hætt yrði að mennta mikinn hluta af gáfnablóma háskólafélksins úr landi, mennta hann úr landinu til nytja fyrir aðrar þjóðir, í stað þess að mennta þetta úrvalsfolk til þess að vera forystusveit í baráttu fyrir bættum þjóðarhag og til styrkingar framtíðar sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

VIÐBÓT VIÐ BLAÐAVIÐTÖL

Í framhaldi af blaðviðtölunum, vil ég svo segja þetta:

Iðnnámið

Iðnskólakerfið hefur nýlega verið tekið til endurskoðunar og bætt verulega.

Þó verklegt nám sé algjörlega óhjákvæmilegt í iðnnámi, þá er mjög hæpið, ef ekki alveg ótækt, að láta haldast hið aldagamla kerfi, þar sem nemendur læra sitt verklega nám eingöngu hjá svonefndum meisturum.

Meistararnir hafa komið upp á lag með að misnota þetta kerfi – og það meira að segja á tvennan hátt.

Þeir hafa *takmarkað* inngöngu í „fögin“, það er starfsgreinarnar – með samtökum sín í milli.

Og svo hafa þeir líka – sumir hverjir – svikizt um að kenna nemendum námsgreinina. Þetta á þó alls ekki við um allar greinar.

En það er nógu algengt til þess, að meistararnir hafa fyrirgert rétti sínum til að útskrifa nemendur. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem saklausir (í þessu falli margir góðir meistarar) líða fyrir þá seku.

Nú verður að kenna miklu meira en verið hefur af verknámi iðnskólanna undir handleiðslu skólans og útskrifa sveina þaðan. Þetta er dýrt, en það er óhjákvæmilegt.

Stúdentaskólinn.

Stúdentaskólarnir eru nú orðnir afar fjölmennir hér á landi og víða í þróðu löndunum.

Ég tel að ráðlegt væri að stytta stúdentsnámið fremur en hitt, svo nemendum gæfist kostur á að vinna fyrir sér að sumrinu eða annan helming ársins.

Stúdentsnámið er fremur léleg almenn menntun, enda miðuð við að vera undirstaða undir ýmsar greinar háskólanáms – og það veitir takmarkað svigrúm til að hagnýta þennan námstíma til meira eða minna sjálfstæðs, hagnýts náms.

Vegna þess hvað þetta nám er óhentugt, og „ósjálfstætt“ miðað við það hve miklum tíma er til þess varið, er sízt ástæða til að hvetja til þess að menn eyði tíma í þetta nám, nema þá sem þurfa þess, vegna háskólagreina, sem þess krefjast.

Þess vegna er það alveg óskiljanlega vitlaust uppátæki, sem ýmsir sérskólar hafa farið inn á síðustu ár, að krefjast stúdentsprófs sem inntökuskilyrðis! Mest virðist mér að þessu kveða hjá hégómafólki, sem skólum stjórnar, hvað helzt fólki sem sjálft hefur ekki stúdentspróf og veit því stundum ekki hvað er lært í stúdentaskóla.

Þeim tíma, sem margt ungt fólk nú ver í það að ná stúdentsprófi, væri mjög oft betur varið öðruvísi.

Háskólinn

Í nágrannalöndum okkar er nú víða mikið um atvinnuleysi meðal háskólamenntaðs fólks. Ekki á þetta sízt við um svonefnda félagsfræðinga, sálfræðinga, lögfræðinga og fleiri nemendur svonefndra hugvísindagreina.

Ekki tel ég ástæðu til að hindra menn í því, að stunda háskólanám, en öll sú starfsemi þyrfti að verða markvissari, sem hún og mundi verða, ef stjórnmalaforystan væri betri – markaði ákveðnari stefnu í verkefnavali þjóðunum til handa. Á þetta alveg sérstaklega við hér á Íslandi.

En eitt væri mikil nauðsyn: – það er að dregið væri stórlega úr því námslána- og styrkjafargani, sem farið hefur verið inn á hin síðari ár.

Allra versta tiltækið í þessu lánasukki er þó það, að fara að lána fólki eftir svonefndum „umfram“-þörfum.

Það þýðir, að menn eiga að geta fengið lán til viðbótar við þær tekjur, sem þeim hefur þóknast að vinna sér inn! Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum. Það sem gera ber, er að fella niður að mestu bæði lán og styrki – nema þegar alveg sérstaklega stendur á.

Þjóðfélaginu liggur ekki meira á en svo, að fá þetta ágæta fólk til starfa, að allur vandinn er, að haga námsferlum hér innanlands þannig, að mönnum gefist tími til að vinna fyrir sér yfir sumartímann, þannig að þeir þurfi ekki námslán eða styrki. Undantekningar ættu að gilda fyrir fatlað fólk – og fólk, sem velur sér námsefni, sem þarf að stunda erlendis.

Og styrkir til náms erlendis ættu að takmarkast við:

1. Að ekki sé hægt að stunda samskonar nám hér heima.
2. Að líklegt sé að þjóðin þurfi á að halda fólki með þá sérmenntun, sem um er að ræða.

3. Styrkinn eða lánið ætti yfirleitt ekki að veita hverjum aðila nema 3 til 4 ár. Ef í einstaka tilvikum er þörf á lengra námi erlendis, ætti hið almenna bankakerfi að geta séð fyrir viðbótinni.

Það er engin ástæða til að almenningur sé að greiða fyrir sérvizku- eða skemmtinám Péturs og Páls með dýrmætum gjaldeyri, sem hvenær sem er getur orðið hörgull á.

TENGING SKÓLAMÁLAHUGMYNDANNA VIÐ MANNGILDIS-HUGTAKIÐ

Til viðbótar því, sem fram kemur í þeim blaðaviðtölum, sem ég birti hér um skólaskemmdir og tvenndarskóla, þykir mér nauðsynlegt að tengja þær hugmyndir og skoðanir, sem þar koma fram, því sem áður greinir í þessu riti um manngildishugtakið.

Þess vegna kemur hér aftur greinimyndin, sem notuð var við skilgreiningu manngildishugtaksins.

Greind			Dyggðir			Færni
Minni	Dómgreind	Ályktunarhæfni	Góðvild	Framtak	Seigla	Færni (æfing í störfum, eða beiting greindar og dyggða).

= Manngildi
0-600
meðaltal
300

0-200 meðalgr. = 100 0-200 meðalt. = 100 0-200 meðalt. = 100

Eins og sjálfgefið er, þegar þessi uppsetning er viðhöfð, þá er gengið út frá því, að ótal margir dýrmætir eiginleikar í fari manna verði til fyrir samverkan þeirra frumþátta, sem tilgreindir eru.

Meðal þess má nefna eiginleika eins og hófsemi, kjark, hreinskilni, glaðværð, (hóflegt) frjálslyndi, (hóflegt) umburðarlyndi,

samstarfshæfni, hugmyndaauðgi, dugnað, ósérhlífni, viljaprek, háttprýði, sómakærni, viðmótshlýju, vinnusemi, stundvísi, og mætti svo halda áfram að telja.

Allt eru þetta eiginleikar, sem því aðeins geta verið fyrir hendi, að engan hinna 6 grundvallarpáttanna manngildisins vanti – að viðbættri svo hinni endalaust breytilegu færni.

Eins og áður greinir, er auðvelt að sannfæra sig um, að hinir 6 tilgreindu manngildispættir eru frumþættir – með því að hugsa sér algjöra vöntun einhvers þeirra.

Snúum nú að skólakerfinu með þetta í huga.

Minnið

Athuga ber að strax kemur í ljós, að langskólakerfinu er beitt til þess að þroska fyrst og fremst einn þessara þátta, en það er minnið. Og er þó illa farið með þann þátt líka, því vegna tengslaleysis (tengsla, sem lífið eitt utan skólastofu getur veitt) er minninu misþyrmt. Dæmi: Hvaða gagn er fyrir mann að muna nöfn á 20 stórfljótum í heiminum, ef hann veit ekki hvað stórfljót er? Þessari góðu og mikilsverðu gáfu hans, minninu, er beinlínis misþyrmt með því að krefjast þess af honum, að hann muni þessi nöfn, sem eru tengslalaus í hugarheimi hans.

Jónas Jónsson tók þetta atriði eftirminnilega fyrir, þegar hann gagnrýndi einhverja höfunda landsprófsverkefna, þegar þeir lögðu fyrir nemendur að nefna „5 borgir á Fjóni“.

Um minnisþáttinn í manngildinu vil ég annars segja þetta:

- a. Það getur verið hættulegt almennri hæfni nemenda, ef það tekst að æfa mjög mikið (ofæfa) minnisgetuna. Það er skoðun mín, að það geti orðið, og sé líklegt til að verða, á kostnað annarra frumeiginleika, s.s. dómhæfni og ályktunarhæfni.
- b. Það skapar leiða og óbeit á námsefni – og yfirleitt öllu andlegu

lífi – ef troðið er „ómeltanlegum“ minnisatriðum í nemendur. En þá kalla ég þau ómeltanleg fyrir nemendur, ef þeir geta ekki strax, með eðlilegum og helzt skemmtilegum hætti, tengt minnisatriðin inn á sín eigin reynslusvið. Til þess að eðlilegt verði fyrir nemandann að meðtaka minnisatriði, þarf hann að búa yfir reynslupekkingu, sem gerir honum minnistenginguna auðveldar.

Höldum áfram með dæmið:

Nemanda er sagt að læra nöfn á 20 stórflyótum víðsvegar um heim, en sá hefur e.t.v. aldrei séð stærra fljót en Eyjafjarðará. Með Eyjafjarðará er e.t.v. ekki meira sameiginlegt við helztu stórflyót heimsins, en t.d. hjólbörum og rússnesku flotamóðurskipi. (Með allri virðingu fyrir bæði Eyjafjarðará og hjólbörunum).

Það er út í hött að ætla nemanda að muna nafnið á Sambesi-fljóti, ef hann veit ekkert meira um þetta fljót.

En ef kennari héldi fyrirlestur um Sambesifljót, og sýndi kvikmyndir af því lífi, sem lifað er á fljótinu og í umhverfi þess, þá mundi nemandinn muna nafnið af sjálfu sér, og þá mætti e.t.v. segja honum að til væru svo og svo mörg engu síður merkileg stórflyót – en nafnið eitt, sem minnisatriði, er þýðingarlaust – jafnvel til ills.

Aftur á móti er sjálfsagt hægt að segja nemanda, sem þekkir kindur, frá lamadýrum í Andesfjöllum, en sú frásögn verður honum aðeins lífræn vegna samsvörunarinnar við sauðkindina.

Dómgreindin

Nú sný ég mér að dómgreindinni, (það er nr. 2 í upptalningu manngildisþáttanna). Langskólasetan er hinn mesti bölvaldur í því að koma í veg fyrir eðlilega þróun þessa manngildisþáttar. Athugið vel: Flestöll viðfangsefni, sem skólinn getur meðhöndlað, eru sett fram með táknum, orðum eða myndum. Orðin – og myndirnar

– eru meira og minna merkingarlaus fyrir nemandann – þegar hann vantar fyrirframþekkingu (forudsætningar). Og skólasetan (innilokunin) hindrar hann í að afla sér þessarar þekkingar, sem mundi gera hann viðtalshæfan og námshæfan. Kennarar hafa fundið inn á erfiðleikana við að tala við nemendur – og hafa því stundum gripið til þess vandræða úrræðis að búa til sérstakt barnamál – eða nemendamál, sem er svo fáort og snautt að breytilegu og litríku orðfæri, að til málskemmda horfir. Kennarar hafa neyðzt til að tala við nemendur á einskonar „Litlu gulu hænu“ tungumáli. Þeim er vorkunn, því það er ómögulegt að tala við nemendur, sem ekkert þekkja af eigin reynd.

Dómgreindin verður að byggjast á eigin reynslu raunverulegra fyrirbrigða, en ekki táknum um fyrirbrigðin.

Nýlega þekkti ég ungling, sem hafði verið lengst af ævi sinnar í skóla. – Honum gekk vel í skólanum, en mér fannst hann samt ekki vel að sér, því það var svo fátt, sem vakti áhuga hans. Hann kvartaði líka mikið yfir því, að skólinn væri þreytandi. Svo fór þessi drengur stuttan tíma á togara. Hann gjörbreyttist. Það var ekki nóg með það, að nú væri hægt að ræða við hann um sjómennsku og útgerð. Hann vissi nú um merkingu margra orða, sem hann hafði ýmist aldrei heyrt eða vissi ekki hvað þýddu. Og í umræðum skipsfélaganna kynntist hann ýmsum félagslegum efnum. Þau urðu allt í einu lifandi fyrir honum. Þörfin á innbyrðis hjálpsemi milli vinnufélaga hafði glætt samhug hans með öðru fólki.

Ályktunarhæfnin

Í skólanámi er dálítið gert að því að þroska ályktunarhæfni, með því að kenna mönnum svolítið í reikningi. En mjög skortir á að jafnvel þessi kennsla sé raunhæf og eðlileg, af því hún tengist ekki nægilega dómgreindinni, sem eins og áður segir fæst eingöngu

gegnum eigin reynsluþekkingu. Þessi frumþáttur verður því einnig í mjög lélegri þroskunaraðstöðu hjá langskólabandingjanum.

Góðvildin

Vegna tengslaleysis við hið eðlilega líf, sakir einangrunarinnar, sem skólinn hneppir nemandann í, verður þessi eigind í aðkrepptri stöðu til þroskunar. Þetta er svo augljóst, að ég tel óþarft að fara um það fleiri orðum. En um eðlislæga góðvild vísa ég í aðra kafla þessarar bókar.

Framtakið

Engin af frumeigindunum verður þó svo herfilega hart leikin af langskólanum eins og þessi.

Gakktu inn um þessar dyr, sittu þarna, lærðu þetta, sittu kyrr. Lagaðu þig eftir kerfinu. Þetta eru boðorð skólans – eins og áður segir.

Nemandinn er knúinn til framtaksleysis – ósjálfstæðis. Hann er mataður. Hann er þvingaður. Hann lýtur sífelldri ögrun. Skólasetan gerir í reynd ákaflega litlar kröfur til sjálfstæðrar framtakssemi hans, heldur þvert á móti. Svona víðtæk og næstum altæk ráðstöfun á vinnuframlagi hans – venur hann af eigin ákvörðunartöku. Bælir það framtak, sem honum kynni að hafa verið eðlislægt. Reynslan sýnir líka, að mjög fáir þola meðferðina. Þessir menn geta að vísu innt af hendi ákveðin störf, eftir að námi lýkur, en það þurfa þá helst að vera störf, sem eru þess eðlis, að þau geri ekki miklar kröfur til persónulegrar framtakssemi. Þessir menn geta, sumir hverjir, orðið nothæfir embættismenn, þar sem þeir eru mataðir bæði á því hvað þeim ber að gera – og á lífsviðurværi (kaupi) frá opinberum aðilum.

Ef litið er yfir hóp þeirra manna, sem bera þungann af framtaks- og menningarframvindu þjóðlífs okkar, þá kemur í ljós, að þar

er ótrúlega fátt um langskólamenn. Hér á ég fyrst og fremst við þá menn, sem hafa forystu á sviði atvinnumála, s.s. sjávarútvegs, iðnaðar, landbúnaðar, samgangna. Sama á við á sviði bókmennta og annarrar sjálfstæðrar listsköpunar. Jafnvel hugvitsmenn okkar eru sárafaír úr langskólasetuhópnum.

Þetta stafar auðvitað ekki af því, að menntun sé ekki góð út af fyrir sig, heldur af hinu, hvernig hún er í té látin. – Kerfið er þannig, að það skemmir ýmsa þýðingarmestu eiginleika nemendanna. Vinna utan skólans ½ árið – helzt allan námstímann – hvort sem um háskólamann væri að ræða eða ekki – mundi gjörbreyta málinu.

Seiglan

Þá kem ég að sjötta frumpætti manngildisins. Það er seiglan, þolgæðið.

Í fljótu bragði kann að sýnast svo, sem að þessi hæfileiki fái mikla þjálfun með núverandi skólakerfi. Þetta má til sanns vegar færa að því leyti, að það krefst ótrúlegs þolgæðis, ef menn eiga ekki að brotna niður andlega við þá óskaplegu raun að þurfa að sitja á skólabekk í 9x9 mánuði + e.t.v. hátt í annað eins við eitthvert framhaldsnám. T.d. háskólanám.

En einnig þetta er að verulegu leyti neikvætt, því sú þolgæðisþjálfun, sem langskólasetan veitir, er fyrst og fremst þjálfun í „passivu“ þolgæði. Þ.e.a.s. í því að láta vera að beita framtaki við að laga til, breyta að eigin frumkvæði því lífi, sem að mönnum er rétt. Hér er verið að æfa þolgæði aðgerðaleysisins. – Gagnstætt því að æfa þolgæði við að koma í framkvæmd eigin frumlegu ákvörðun, hugmynd eða hugsjón, eða að fullnægja venjulegum starfsskyldum sem ábyrgur þjóðlífsþegn.

Það á að visu ekki alltaf við, að komast að orði um þetta á þann hátt, sem hér hefur verið gert, því einkum þegar kemur á æðri

námsstig, þá þurfa nemendur stundum að taka mjög sjálfstæðar ákvarðanir.

En þetta á við um meginhluta skólakerfisins og að sumu leyti um vissar greinar allt til embættisprófs í háskóla.

Einkaskólar

Eitt af því, sem að mestu vantar í okkar þjóðlíf, eru einkaskólar.

Mikil þörf er á að þeir verði stofnaðir og starfræktir.

Byggðir og ríkisvald þurfa að koma á þeim reglum, að þeim skapist eðlilegur rekstrargrundvöllur.

Vandinn er í rauninni ekki annar en sá, að reikna út hvað byggða- og ríkisskólarnir kosta þessa aðila fyrir hvern nemanda árlega. Síðan þarf að vera til reiðu, að einkaaðilar geti fengið tilsvareandi greiðslu fyrir að láta börnum og ungu fólki í té tilsvareandi nám og það, sem byggða- og ríkisskólarnir veita.

Síðan má að sjálfsögðu láta svona starfsemi greiða skatta og gjöld til ríkis og bæja, eins og hverja aðra starfsemi.

Menntamálaráðuneytið mundi hafa á hendi það eftirlit, sem nauðsynlegt væri. Það mundi gefa út prófverkefni og líta eftir að allt færi vel fram.

Þetta mundi verða hin hollasta samkeppni við ríkis- og byggðaskólana.

Það mundi skapa aukið frelsi til að velja á milli skóla.

Hugsjónamenn á sviði fræðslumála fengju vettvang fyrir umbótavilja sinn.

Kennslan yrði vafalaust betri en hjá ríki og bæ – og ódýrari, sbr. það, sem segir í kaflanum um heilbrigðismálin – og mundi starfsemin þá verða eðlilegur skattstofn.

Eðlilegt væri, að til væru barnaskólar í einkarekstri í flestum byggðum landsins, er störfuðu við hlið byggða- og ríkisskólanna.

Sama gildir um unglingastigið.

Einkaskólar í ýmsum greinum iðnnáms væru mikil nauðsyn. Hinir ríkisreknu stúdentaskólar hefðu líka mjög gott af því að fá samkeppni. Sama er að segja um hjúkrunarskóla og jafnvel læknaskóla.

Sízt má svo gleyma að telja fram það atriði, sem e.t.v. er mikilvægast í málinu, að með þessu fengist hvorttveggja í senn:

- a. Nýtt svið opnaðist fyrir einkaframtak margra einstaklinga, því gjarnan mætti hér vera um litlar stofnanir að ræða – einkum á sviði barna- og unglingafræðslu.
- b. Allt hið opinbera bákn, sem nú starfar í þessari þjóðlífsgrein fengi fjárhagslegt og siðferðilegt aðhald við það að einkarekstur yrði nokkuð algengur á þessu sviði.

HUGLEIÐINGAR UM SKÓLASTEFNU

„KRATISMANS“

Skólastefna sú, sem náði tókum á íslenzka skólakerfinu með lagasetningum 1946, er hrein öpun eftir skólamálastefnu þeirri, sem þá hafði rutt sér til rúms í nálægum menningarlöndum, s.s. Norðurlöndum, Þýzkalandi, Bretlandi og víðar.

Ekki tel ég nokkurn vafa á, að sú stefna hafi meðfram dregið dám af verksmiðjurekstri þeim, stórrekstri í atvinnumálum, sem var á sinni sigurgöngu um álfuna, þegar þetta skólakerfi var að mótast.

Skólinn var gerður að stórverksmiðju, en farið að líta á nemendurna sem einskonar hráefni til vinnslu í verksmiðjunni.

En fleira kom til. Ekki er minnsti vafi á, að stéttabarátta kennaranna átti þarna hlut að máli.

Enn skal svo telja, að þessi skólamálaþróun féll nokkuð vel að þörfum hins vaxandi auðvalds þessara tíma fyrir þjálfað og þægt starfslið. Þetta kerfi dugði að sumu leyti vel til að kenna ákveðin

fræði – og til að framkvæma úrval af greindum, en þægum, framtakslausum einstaklingum til að starfa fyrir auðvaldið – og til að ala upp embættismenn. Samkvæmt þessu var prófakleppni mjög beitt til að örva námsafrek – og við að leita að gáfuðu fólki, m.a. til að starfa fyrir auðhringana.

En sagan er ekki þar með öll sögð. Nú kemur sósíalisminn og/eða jafnaðarstefnan til skjalanna. Sú skólastefna, sem varð ríkjandi, þar sem jafnaðarmenn náðu völdum – hafði einnig víða mikil áhrif á skólakerfið, þó sósíalistar næðu ekki meiri hluta á þjóðþingum.

Kommúnistar og jafnaðarmenn þöldu ekki til lengdar að skólinn væri notaður til að velja úr eitthvert sérstakt fólk. Það féll ekki að hugmyndakerfinu. Og svo fundu þeir út, að það mætti ekki velja úr sérstaka vel námshæfa hópa og láta þá geysast áfram við námið, meðan aðrir drægjust afturúr. Þeir fundu út, að þarna væri í rauninni stéttaskipting á ferðinni. Og vei því, að slíkt komist inn í stofnun, sem starfa á fyrir blessuð saklaus börnin!

Þeir fundu því upp á því, að réttast væri að blanda saman – í sömu bekkjardeild, greindum og miður greindum eða miður námshæfum börnum! Þeir þóttust sjá „réttlæti“ í þessari aðferð – og vörn gegn stéttaskiptingu.

Og þó ótrúlegt sé, þá er þessi blöndunaraðferð talsvert mikið ríkjandi víða í löndum sósíaldemókrata enn í dag.

Svo var fundinn sálfræðilegur og/eða heimspekilegur grundvöllur til stuðnings þessu.

Hann er þessi: Ýmsir sósíalískir sálfræðingar telja, að sennilega séu allir menn svo að segja jafn gáfaðir frá náttúrunnar hendi. Það sé umhverfið, sem menn hafa alizt upp í, sem geri muninn – aðallega þess vegna sé réttlátt og skylt að hafa í sama bekk börn, þó þau sýnist misgreind.

Jafnvel hafa svo heyrzt réttlætningar á þessu, sem kynnu að virðast

rista djúpt. Ein er sú, að mannsheilinn sé í eðli sínu ein regin víðátta, þar sem liggi mikil flæmi ónotuð. Svo á þetta að vera um alla menn – og einskis má láta ófreistað til að gefa öllum *sömu tækifærin* til að „taka í ræktun“ lendur sínar.

Með öðrum orðum: Það eru allir jafnir í innsta eðli – og þess vegna á að vera svo feikilegt réttlætismál, að allir fái sömu tækifærin. Eitt af grundvallaratriðum í starfsemi skólans á því að vera að gera ekki upp á milli nemenda. Réttlæti jafnaðarmennskunnar á að setja öllu ofar.

Grundvöllur skólastefnu „kratismans“ – sú er lögleidd var hér 1946, má því segja að standi á fjórum fótum:

1. Verksmiðjuviðhorfum iðnríkisins.
 2. Þörfum fyrir embættismenn – og hentuga starfsmenn einkaauðvalds, auðhringa og ríkisauðvalds kommúnista.
 3. Skólastarfið var látið lúta stéttabaráttu kennaranna.
 4. Þeirri kenningu sósíalista/kommúnista, að í eðli sínu séu allir menn álíka (greindir og hæfir) og því beri að meðhöndla þá sem samstæðan (homogen) fjölda – í réttlætisnafni.
- Öll eru skæðin góð!

SKÓLAVIÐHORF MANNGILDISSTEFNU

Eins og þegar er fram komið, er viðhorf manngildisstefnu til skólamála í meginatriðum þveröfugt við „kratiska“ viðhorfið.

Grundvallaratriði þessa viðhorfsmunar má e.t.v. setja fram í eftirfarandi upptalningu:

Nemendahópurinn er mjög svo langt frá því að vera samgerður (homogen), heldur álízt hann mjög svo breytilegur. Þessi breytileiki er ekki aðeins á yfirborðinu – heldur er hann eðlislægur. Breytileikinn stafar því ekki frá umhverfisáhrifum (nema að óverulegu leyti og þá helzt á yfirborðinu), heldur er hann meðfæddur. Og við viljum

rækta breytileikann og fjölbreytnina í stað þess að draga þar úr.

Við leggjum megin áherzlu á að hver einstaklingur fái að þroska *sína sérstöku hæfileika*. Líka á hann að hafa rétt til þess að fresta að þroska hæfileika sína – eða sleppa því, næstum eins mikið og honum hentar.

Réttlæti jöfnunar leggjum við enga áherzlu á, því í fyrsta lagi vitum við ekki hvað er jöfnunarréttlæti á þessu sviði – og þó við höldum okkur vita það, þá er ekki hægt að vita hvaða viðmiðun ætti þar að beita. Í þessu efni teljum við verst gegna „að jafna niður á við“, eins og raunin verður, þar sem miður greind börn eða seinþroskaðri eru látin hefta framgang námshæfari nemenda. (Sbr. greindarblönduðu bekkina í kratíska kerfinu.)

Við höfum sízt á móti því, að einstakir hópar geysist áfram í námi, ef þeim hentar það, og þá er skylt að veita þeim skilyrði til þess.

Ög öll sérkenni á aðrækta sem bezt. Virðingin fyrir einstaklingnum er ekki sízt fólgin í því, að bera virðingu fyrir sérkennum hans.

Aftur á móti teljum við vissa mannfyrirlitningu fóligna í því að skoða fólkið sem massa – samgerðarfjölda.

Grundvallar munur liggur hvað mest í þessu: Annar vill hjálpa einstaklingnum til sjálfsnáms. Hinn vill beita skólastarfinu til þjónustu fyrir upphugsað kerfi. Við teljum, að með því að ala einstaklinginn upp sem múgmenni, í stað sérgreinds einstaklings, sé verið að drepa það dýrmætasta í þjóðarsálinni.

Af þessum sökum, og mörgum öðrum, teljum við að hætta sé í því fólgin að hafa menn lengi í skóla á hverju ári. Í því fyrirkomulagi eru fólgin múgmennsku uppeldisáhrif.

Þess vegna má eiginlegt bekkjarsetuskólastarf aldrei standa nema stutt í senn. Helzt ekki meira en 5 mánuði. En þessa 5 mánuði má vinna af dugnaði. Þó má auðvitað ekki íþyngja með allt of löngum

vinnutíma í skóla. 4–6 stundir í skóla + 1–2 stunda heimavinna ætti að vera hámark. En það má gjarnan starfa 6 daga í hverri viku.

Annar mjög glöggur munur á þessum tveim stefnum er t.d. þessi:

Kratisminn lætur eina skrifstofu (í menntamálaráðuneytinu) ákveða hvað á að kenna öllum börnum á öllu landinu, sem eru á svipuðu aldurs- eða þroskaskeiði. Þetta leiðir að sjálfsögðu af sér, að öll börn á sama aldursskeiði vita öll það sama – og hafa því ekkert til að tala um sín á milli. Þau verða leiðinleg – eins og skólinn þeirra er leiðinlegur.

Samkvæmt manngildisstefnu (og hedonisma) skal þessu allt öðru vísi fyrir komið.

Fyrsta boðorð skólans er að hann á að vera skemmtilegur. Enda er það auðvelt fyrir hann, þegar hann er laus undan að þurfa að lúta því að kenna hið illa valda beinagrindanámsefni, sem forpokað krattiskt ráðuneyti leggur til.

Ráðuneytið ætti aðeins að hafa rétt til að krefjast að kennd yrðu viss færnisatriði, svo sem lestur og skrift, og eitthvað svolítið í reikningi – og auk þess mjög fá – en ákaflega nákvæmlega valin minnis- og lærdómsatriði – og við þetta námsefni á aðallega að miða prófverkefnin.

Öðru námsefni eiga kennarar, foreldrar og nemendur sjálfir að fá að ráða.

KENNARAVILJI – NÁMSEFNI

Kennararnir eiga líka að hafa sinn rétt – og þeir eiga að fá að velja að verulegu leyti sjálfir það námsefni, sem þeir vilja kenna.

Skólanefndir og fræðsluráð héraða gætu líka lagt hér til mála.

Ein bezta leiðin til að skólinn geti orðið skemmtilegur er sú, að fjölbreytni komi í námsefnavalið. Hann verður styttri en áður og það gerir hann að sjálfsögðu skemmtilegri. Kennarar kenna meira

en áður það námsefni, sem þeir hafa sjálfir áhuga fyrir – og verða við það skemmtilegri.

Allri truflun verður útrýmt (sbr. áður sagt), og það auðveldar að gera námið skemmtilegt.

Hluti af náminu fer fram að sumri til, sem býður upp á fjölmargar leiðir til að gera námið lífrænt og skemmtilegt.

Mætti svo lengi halda áfram að telja.

BYGGINGAMÁL – LISTIR

Farsældarrikið hefur að sjálfsögðu sína ákveðnu stefnu gagnvart listum.

Eins og fram hefur komið er eitt af grundvallaratriðum stefnunnar gagnvart einstaklingunum, að fjölbreytileg sérkenni þeirra fái sem bezt notið sín. Að þeir sjálfir fái að njóta sérkenna sinna og þjóðfélagið fái notið sérkenna þeirra.

M.a. af þessum ástæðum á samfélagið að vera frjálstlynt í því að veita nokkuð rúma styrki til listsköpunar, ýmist í formi hóflegra listamannalauna eins og nú er tíðkað, eða sem greiðslu til að ljúka ákveðnum verkefnum, eða með því að kaupa verk listamanna.

Ég vil gera þá athugasemd við núverandi fyrirkomulag, að nokkuð oft yrði skipt um þá menn, sem hafa úthlutun með höndum, til þess að sem flest sjónarmið fái að koma til greina.

Upp af hinum fjölmenna hópi manna, sem föndra við listir sem aðalstarf, eða sem tómstundaiðkendur, vaxa hinir fáu útvöldu. Almenn listiðkun skapar þann jarðveg, sem meiriháttar list fær þróast í. Í því umhverfi sem 1000 hagarðingar skapa, myndast sá andlegi gróandi, sem gerir stórskáldinu fært að lyfta sér í hæðirnar. Áhugi og umhyggja hinna mörgu iðkenda lista styður að og helgar viðleitni til snilliafreka. Íslenzku stórskáldin á 19. og 20. öld

hefðu sennilega aldrei náð sínum mikla skáldaproska, nema af því að hagrörðingar og smáskáld strituðu við yrkingar sínar á öðrum hverjum bæ.

Nú kann mörgum að finnast, að verið sé að sóa fé almennings í hreina vitleysu með því að úthluta því sem styrkjum til „listamanna“, sem margir hverjir séu gervilistamenn, hreinir „fúskarar“, sem þykist vera listamenn til þess að öðlast nokkur fjárhagshlunnindi og sem yfirvarp yfir landeyðulíf sitt.

Svar við þessu er:

Svo má virðast að mikill meiri hluti þessara manna séu samfélagslega þýðingarlitlir menn. En mergur málsins er sá, að enginn getur vitað fyrirfram, hver eða hverjir kunna að búa yfir þeim eiginleikum, sem gera þá færa um að leggja eitthvað mikilsvert af mörkum. Framlag eins meistara, sem fram kemur í þessum hópi, getur orðið til þess að réttlæta margfaldlega þessa smástyrki til 300 manna í 100 ár.

Í byggingarlistum þarf líka að ríkja frelsi.

Sá sem fær úthlutað lóð til að byggja á einbýlishús, hann á að fá að ráða því, í samráði við sinn arkitekt, hvernig hús hann byggir. Aðeins stærðarmörk er eðlilegt að bygginganefndir setji. En svo á einstaklingurinn að fá að ráða hvort hann byggir mjóan turn eða hefur hús sitt að svo eða svo miklu leyti neðanjarðar. Og svo allt þar á milli. Með þessu gefst tækifæri til að frumleikinn fái að njóta sín. Einbýlishúsahverfi á að vera laust við, hinn „monotona“ heildarsvip.

Aftur á móti er eðlilegt að lögð sé áherzla á heildarsvip í litlum sambýlishúsahverfum. En þá ætti einn arkitekt, eða arkitektahópur, að fá það verkefni að teikna og skipuleggja eftir eigin hugmyndum lítil sambýlishúsahverfi. Lítil, til þess að hugmyndir og frumleiki sem flestra geti komizt á framfæri. Aldrei er hægt að vita fyrirfram

hver býr yfir snilli frumleikans.

Heildarsvips-hugmyndina þarf að nota mjög í hófi. Hún er afsprengi kratismans (sósíalismans) og kapitalismans, en er andstæðingur þess mannlega, fjölbreytilega – frumlega. Andstæð f-stefnu.

Í listum á að ríkja sem allra mest frjálsslyndi. Listamannaklíkur (mafiur) hafa stundum reynt að einoka vissar tegundir listar. Telja ekkert brúklegt nema fylgt sé einhverjum ákveðnum isma eða stefnu.

Manngildismaðurinn á ætíð að setja sig á móti öllum slíkum einokunartilhneigingum, í hvaða mynd sem þær birtast.

Hið dreifða efnahagsvald farsældarþjóðfélagsins ætti að bera hinn bezti varðveitandi raunhæfs frelsis í þessum efnum, eins og svo mörgum öðrum. Það er t.d. augljóst mál, að listmálararnir eru frjálssari, ef þeir geta gert sér vonir um að fá kaupendur að verkum sínum í stórum hópi velmegandi manna, heldur en ef eini kaupandinn er ríkið, eða örfáir stórkapitalistar. Því fleiri iðkendur, því betra.

Ég hef orðið svo fjölorður um þetta efni, vegna þess m.a. að eftir því sem meira gefst af frístundum í hinum þróuðu þjóðfélögum, því meiri þörf verður fyrir verkefni til frjálsrar, sjálfstæðrar iðkunar fyrir samfélagsþegnana. Eðlilegt og æskilegt væri að iðkun lista færi vaxandi. Sömuleiðis æfingin og hæfnin til að njóta listsköpunar annarra, fortíðarmanna og samtíðarmanna.

TRYGGINGAMÁL

Í tryggingamálum hefur f-stefna sérstaka afstöðu eins og í öðrum málum. Meginatriði stefnunnar á því sviði eru þessi: Tryggingar eiga að tryggja gegn óvæntum og óviðráðanlegum óhöppum, en þó aðeins *frá* vissu marki.

Þetta þýðir það, að það á ekki að tryggja alla gegn öllu. Vissa áhættu eiga einstaklingarnir að bera sjálfir.

Oftryggingar af öllu tagi eru til þjóðlífsskemmda. Með of miklum tryggingum missum við hluta af ábyrgðarseminni úr þjóðlífinu. Það verður t.d. alltaf að vera mikið hagstæðara að vinna en vinna ekki.

Með því að svipta einstaklinginn því að þurfa að vinna, er búið að svipta hann einni dýrmætustu gjöf lífsins. Því einmitt það, að þurfa að vinna, er sennilega einn traustasti hamingjugjafinn í lífi mikils meiri hluta manna.

Tryggingakerfið má aldrei verða þannig, að það skipti litlu fyrir einstaklinginn fjárhagslega, hvort hann lætur af hendi vinnuframlag eða ekki. Þess vegna tel ég að öryrkjabætur eða atvinnuleysisbætur megi aldrei verða meiri en sem nemur 50–60% af meðalkaupi ófaglærðs starfsfólks.

Ef þetta dugar ekki, þá er allt kerfið eitthvað mjög gallað, því laun ófaglærðs starfsfólks þurfa endilega að vera svo há, að unnt sé að lifa allvel af þeim fyrir einhleypt fólk, eða fólk með litla fjölskyldu. (Fjölskyldubætur af almannafé verða að koma til skjalanna, þegar fjölskyldur stækka eða ástæður eru á einhvern hátt sérlega erfiðar.)

Meginhugsunin, sem á að liggja að baki hvers konar trygginga á að vera sú, að það sé mjög greinilegt hagsmunamál hvers og eins, að ekki þurfi að grípa til stuðnings trygginga.

Nokkur dæmi:

Atvinnuleysisbætur mega ekki vera hærri en svo að þær skapi enga freistingu til misnotkunar, t.d. þeirrar misnotkunar að þiggja ekki vinnu ef í boði er.

Fyrstu tímabil atvinnuleysis eiga menn ætíð að þola bótalaust. (Í einstökum neyðartilvikum verður þó að grípa til hjálpar úr sveitarsjóðum, sem lán eða styrki, heldur en að hafa tryggingar svo háar og fljótvirkar, að aldrei geti þurft til slíks að koma.)

Yfirleitt mega tryggingar af engu tagi vera þannig, að þær freisti til spillingar, þ.e. að þær verði misnotaðar.

Áhættuna við að lifa lífi sínu má ekki taka frá einstaklingum með opinberum tryggingum.

Ef tryggingar eru þannig, að þær slævi sjálfsbjargarhvötina, þá er þar með búið að slæva sjálfan framsóknar- eða framsæknisandann hjá þjóðinni.

Þetta sama gildir og um aðrar greinar trygginga.

Fyrstu daga sjúkrahúsvistar ættu menn alltaf að þurfa að greiða sjálfir, það mundi líka lækka iðgjöldin.

Fyrstu veikindadagar ættu ætíð að vera á kostnað þess er vinnur, alveg jafnt hvort um er að ræða opinberan starfsmann eða aðra.

Lyf, upp að vissu marki, árlega, ætti hver maður að greiða að fullu úr eigin vasa.

Fyrstu þúsundirnar í hverjum bílaárekstri ætti hver maður að greiða sjálfur, og helst ekki að vera heimilt að kaupa sér neinar tegundir trygginga, sem eru öðruvísi en það, að hver einstaklingur beri hluta tjónsins. Þetta ætti að gilda um brunatryggingar, vatnstryggingar, sjótryggingar o.s.frv.

Öll sú tryggingastarfsemi, sem er líkleg til að freista til spillingar eða misnotkunar er andstæð f-stefnu – vegna þess, að ábyrgðarsemi einstaklinganna skal ætíð fremur skerpa en slæva.

Ábyrgðarsemin er lífsgildi í sjálfu sér.

Ellilaun og ellitryggingar eru í sérflokki, sem ekki er þörf að ræða sérstaklega.

Í sambandi við allar tryggingareglur ber að hafa hugfast, að eðli trygginga er að milda og draga úr ófyrirsjáanlegum óhöppum og slysum, og til að skapa öryggi, en aldrei má haga þeim svo að þær verði til þess að ala upp í mönnum leti, ábyrgðarleysi og spillिंगartilhneigingar.

Það er fjarstæða að þeir, sem vinna, þurfi að bera skarðan hlut vegna leti og sviksemi annarra.

Allar oftryggingar á sviði almannatrygginga hljóta að leiða til þess, að það þarf að taka af þeim sem vinna og færa yfir til hinna, sem ekki vinna. Þess vegna er það siðferðileg nauðsyn og mikið hagkvæmnisatriði að stilla tryggingum í hóf.

Tryggingar í okkar þjóðfélagi eru komnar út í nokkrar öfgar.

Mikið er rætt um að atvinnuleysistryggingar hafi verið misnotaðar. Dæmi veit ég um hjón, sem reiknuðu það út, að hagkvæmara væri að hætta bæði vinnu um tíma og koma sér á tryggingar. Maðurinn, sem var smiður, dundaði að vísu við smíðar í kjallaranum heima hjá sér, en taldi sig atvinnulausan.

Dæmi veit ég líka um fólk, sem er á fullum örorkulífeyri, en vinnur þó lengst af fulla vinnu.

Dæmi veit ég líka um aldraðan embættismann, sem fær í tekjur sem eftirlaun, ásamt ellilaunum, rétt í kringum 2 milljónir á ári.

Allt eru þetta dæmi um misnotkun og spillingu, sem sýnir að mikillar gætni og vandvirkni er þörf, þegar settar eru reglur um bætur af almannafé, því allt er þetta fé tekið beint eða óbeint af þeim sem vinna.

VALD STÉTTARFÉLAGA – OG VARÐVEIZLA FRELSISINS

Í f-þjóðfélagi er eðlilegt að gera ráð fyrir litlum styrkleika atvinnurekendavaldsins.

Þetta er bein afleiðing af því, hversu þar er gert ráð fyrir fjölmennri og margbreytilegri þátttöku í atvinnurekstrinum.

Samkvæmt f-stefnu er heldur ekki æskilegt að þetta vald sé sérlega sterkt. Af því gæti m.a. leitt þá hættulegu þróun, að kaupgjaldinu yrði haldið niðri um of, en slíkt getur m.a. leitt til kreppuástands, jafnt innan stórrar sem lítillar, afmarkaðrar efnahagsheildar (sbr.

hugmyndina um afmörkun efnahagsheilda með toll-skjólbeltum).

Eðli málsins samkvæmt hlýtur atvinnurekendavald að verða stórum veikara í f-þjóðfélagi heldur en t.d. í kommúnistaríki, þar sem verkföll eru bönnuð með lögum að viðlögðum þyngstu refsingum.

Nokkuð svipað getur gilt um þjóðfélög, þar sem sterkir auðhringar hafa náð tökum á efnahagslífinu.

En hvað þýðir það þá í reynd að atvinnurekendavald sé veikt og jafnvel er talið æskilegt að það sé ekki of sterkt? Það þýðir, að vald verkalýðsfélaga má ekki vera of sterkt heldur. Þarna verður að leita að hinu gullna jafnvægi. Annað gæti orðið hreinn þjóðarvoði.

Því ekki er hægt að treysta, að öll stéttarfélög gæti svo hófs í kröfum sínum, að tryggt sé, að það gangi ekki beint og óbeint á rétt annarra stéttarféлага, eða jafnvel gangi af vissum greinum atvinnurekstrar dauðum.

Stórfenglegasta hættan við að hafa stéttavald óheft til hvaða misbeitingar sem vera skal, er þó sú, að með ógrundvölluðum kauphækkunum, sem alltaf fela í sér gengisfellingar gjaldmiðilsins, verði gjaldmiðillinn hreint og beint eyðilagður.

Flestir vita nú orðið, að kauphækkunarir, sem ekki eru byggðar á *framleiðsluaukningu*, (þ.e. aukinni framleiðslu miðað við vinnustund og stofnfjárstuðul að réttu hlutfalli) eru í eðli sínu nær alltaf ekkert annað en gengisfellingar. Með þeim er verið að ganga á rétt sparifjáreignar landsmanna, og á rétt þeirra launþega og tryggingabótaþega, sem eru utan þess afmarkaða hóps, sem slíka hækkun fær hverju sinni.

Þá kemur spurningin:

Er hægt að gera ráð fyrir því, að forystumenn hvers eins stéttarfélags séu svo vel inni í hinu flókna efnahagskerfi, að þeir geti vitað hvaða krafa er um of og hvenær of lítills er krafizt? Og er alveg

víst að allir foringjar stéttarfélaga séu svo hófsamir og þroskaðir samfélagslega, að þeir stilli sig um að fá þær hækkanir, sem þeir geta náð fyrir sína félaga? Og er víst að þessir sömu menn verði kosnir aftur af félögum sínum, ef þeir sýna hófsemi í kröfugerð?

Ég tel að engum sé neitt vantraust sýnt, þó öllum þrem spurningum sé svarað neitandi.

Það er ekki hægt að ætlast til svo mikillar þekkingar, hófsemi, tillitssemi og kjarks af öllum verkalyðsforingjum, að tryggt sé að þeir leiðist ekki út í ofkröfur. Og hafa þeir hugfast, að ef þetta „kerfi“ ætti að vera nothæft og sanngjarnt, þá þyrftu allir foringjar að vera ofangreindum kostum gæddir. Því aðeins eitt óbilgjarnt félag getur knúið fram hækkanir sér í vil, og þá eru félagsmenn í öllum öðrum félögum komnir í þá aðstöðu að vera misrétti beittir.

Með öðrum orðum: Það liggur í augum uppi, að kerfið er ónothæft.

Hvað er þá til ráða? Ekki má svipta fólki rétti til að ráða því sjálf, hvort það vinnur eða vinnur ekki. Hvorki má beita aðferðum kommúnista eða stórkapitalista.

Ráðið liggur raunar í augum uppi.

Ráðið er að láta vandaðan, velmenntaðan og hlutlausan dómstól skera úr þrætum manna á þessu sviði eins og gert er í réttarríkjum, að því er snertir öll önnur deilumál. Sérstök nauðsyn er að vanda til dómstóls sem þessa.

Dómarar ættu ekki að vera kjörgengir, a.m.k. ekki meðan þeir sitja í dómi, og ekki í nokkur ár eftir að þeir víkja úr dómi. Það verður líka að kosta því til að launa þessa menn vel, þeir ættu að hafa svipaða stöðu eins og hæstaréttardómarar.

Tvö dómstig kæmu e.t.v. til greina.

Síðan getur hvaða stéttarfélag sem er kært kjör sín fyrir dómstólnum. Borið sig saman við önnur félög o.s.frv. Og auðvitað

mætti félagið hafa sína málfærslu í frammi fyrir dómnum eftir því sem bezt það gæti. Ef það tapaði málinu yrði það að greiða málfærslu sína og hóflegan dómskostnað – og færi sá kostnaður eftir mati dómsins eins og gildir um önnur mál.

Í langflestum tilvikum mundu menn una dómsniðurstöðu slíks dómstóls, enda ætíð ódýrara en að standa í verkföllum upp á gamla móðinn.

Auðvitað mundi svo dómstóllinn birta niðurstöður sínar og mundi það verða til þess að auka skilning milli stétta, sem full þörf er á, því sumum gengur illa að setja sig í annarra spor. – Halda stundum að sín stétt sé órétti beitt, jafnvel þótt svo sé ekki í reynd, og hefðu gott af að fylgjast með röksemdafærslu dómsins, sinna eigin málfærslumanna, og málfærslu annarra stétta fyrir sama dómi.

Nú munu ýmsir segja sem svo, að auðvitað geti menn haldið áfram að fara í verkföll án þess að leggja mál sín fyrir dóm, en vel mætti gera það að lagalegri skyldu.

Aftur á móti er ekki hægt að gera að lagalegri skyldu að hlíta dómi, úr því verkföll eru ekki bönnuð með lögum, eins og í kommúnistaríkjum.

Og nú skulum við gera ráð fyrir að eitthvert félag færi í verkfall, strax og heimilt væri, lagalega, eftir að dómur er fallinn í máli þess.

Af handahófi vel ég hér sem dæmi, að pípulagningamenn færu í svona verkfall – og heimtuðu einhverja talsverða launabót. Varla kæmi til mála að þeir legðu út í verkfall, nema þeir teldu sig geta fengið og eiga rétt á umtalsverðri hækkun. Nú hefja þeir verkfallið. Sem sagt, þeir neita að hlíta dómsniðurstöðu þess dómstóls, sem flestir landsmenn munu hljóta að hlíta, t.d. alþingismenn, bændur, verkamenn og hverjir aðrir sem til greina kæmu.

Þá ber að hafa í huga, að þessi hópur væri kominn í einskonar uppreisn gegn þjóðfélaginu, fyrst hann neitar að hlíta dómi frá

dómstóli þessa sama þjóðfélags.

Þá tel ég að rétt væri, að þetta þjóðfélag léti ekki þessum hópi í té þau sömu hlunnindi, sem það veitir löghlýðnum þegnum sínum.

Ríkið er t.d. eigandi flestra banka landsins, og tel ég að þeim bæri skylda til að veita ekki þessum hópi sömu fyrirgreiðslu og hinum löghlýðnu þegnum. Heldur ekki þeim aðilum, sem veittu þessum sömu mönnum atvinnu meðan þeir eru í uppreisninni gegn samfélaginu.

Aftur á móti væri ekki hægt að krefjast tilsvaramandi aðgerða af einkabönkum, því hér má ekki vera um að ræða of harðhentar aðgerðir.

En þetta dæmi um ríkisbankana er ekki valið hér af handahófi.

Sannleikurinn er, að valdið, sem bankarnir geta haft, og taka sér iðulega, er ótrúlega mikið. Vald, sem þeir verða stundum að beita nokkuð harkalega gegn ýmsum aðilum, stundum af illri nauðsyn. Stundum e.t.v. fyrir vanskilning, eins og verða vill í mannlegum samskiptum. (Það jafnvel þó þeir séu yfirleitt velviljaðir og vilji gera sitt bezta.)

En hér er um sérstakt mál að ræða. Mál sem einmitt snýr að bönkum og þeirra starfsemi og hlutverki í þjóðfélaginu.

Nú bið ég lesandann að athuga vel:

Bankarnir taka við fé manna til varðveislu. Þeim ber í rauninni siðferðileg skylda til að *varðveita* þetta fé, sem þeim er trúað fyrir. Ekki get ég skilið að bankastjóri telji það æskilegt hlutskipti fyrir sig, að taka í ár á móti einhverri fjárhæð, segjum einu kýrverði, en þurfa svo að skila aftur eftir t.d. 2 ár einu lambsverði, þó um sömu krónutölu sé að ræða. Með þessu svíkur bankinn hlutverk sitt.

Og nú kem ég aftur að dæminu um pípulagningamennina, sem eru í verkfalli, og auðvitað stöðva allar byggingar í landinu, án tillits til hversu þarfar þær eru. Svo og allar meiriháttar viðgerðir.

Þeir gera þjóðfélagið óstarfhæft.

En ef nú er gengið að kröfum þeirra, kröfum, sem löglegur dómstóll er búinn að dæma að eru of háar, miðað við aðrar stéttir, – þá mundi vera næsta skrefið að hækka kaup allra annarra stétta til samræmis við kaup pípulagningamanna. Annað væri ósanngjarnt. En hvað hefur þá skeð? Það sem skeð hefur er það, að verðgildi peninganna hefur verið minnkað. Þar með hefur verið stigið skref í þá átt, að gera kýrverðið að lambsverði. Og um leið hefur fé verið fært úr vösum allra sparifjáreigenda yfir í vasa þeirra, sem skulda bönkum eða öðrum, án þess að þeir hafi til þeirra tekna unnið. Það er því augljóst mál, að engum stofnunum í landinu, fremur en bönkum, ber skylda til að standa með því afli, sem þeir hafa yfir að ráða, gegn því að rangar, peningaverðfellingandi kaupkröfur nái fram að ganga.

Auðvitað gætu fleiri stofnanir með ýmsu móti staðið, með sem hógværustu móti þó, gegn þeim kröfum, sem ósanngjarnar dæmdust.

Í rauninni eru óbilgjarnar kaupkröfur ekki alltaf það sama og þær sýnast vera við yfirborðslega athugun.

Mörgum kann að sýnast meinlaust þó ein stétt hafi of hátt kaup miðað við aðra, hvort sem það eru nú pípulagningamenn, prentarar, hjúkrunarfólk, vörubílstjórar eða hver annar hópur.

En hið sanna er, að þetta er ekki meinlaust.

Venjulega leiðir það fljótt til hækkunar hjá öllum öðrum stéttum, sem þá þýðir verðfall gjaldmiðilsins.

Þannig er krafa, eins og sú sem ég áðan gerði ráð fyrir í dæminu um pípulagningamennina, ekki aðeins krafa um sérhagsmuni fyrir umrædda stétt. Heldur verður úr henni einskonar *bankarín*, því með henni er verið að fella verðgildi þess fjár, sem bankarnir geyma.

Í þeim tillögum, sem hér er verið að setja fram, er aðeins verið

að benda á einn þátt kjaramálanna. Auðvitað er það óviðunandi að hvaða smáhópur sem er geti hvenær sem er skorið á lífæðar þjóðfélagsins. Ég tel að það hljóti að vera ótvírætt *stefnumál* flokks, sem vill tryggja almenna hagsæld þegnanna, að koma á sanngjörnu *réttarfari* í deilum þjóðfélagshópanna um kaup og kjör. Hnefaréttur, háður tilviljunum, er valdbeiting, oft valdniðsla, sem ekki á heima í samfélagi siðaðra manna.

Á þessum málum þarf að taka með festu og kjarki, en þó með hæfilegri mildi. Því nýskipanin þarf að vera í samræmi við réttarvitund fólksins í landinu.

Þjóðfélagið má ómögulega verða vettvangur fyrir ábyrgðarlausan leik og valdasníkjur yfirgangsfrekra mannhatara.

Reglur réttarríkis mega ekki bjóða upp á þess háttar ævintýrabrall skillitilla manna. Manna, sem e.t.v. vilja nota veikleika og vöntun á viðhlítandi reglum til að brjóta niður farsæld og frelsi þegnanna.

Ef reglusetning um þessi mál verður vanrækt lengi enn, gæti það leitt yfir okkur ógnarstjórn eins og þá, sem nú er ríkjandi í hinum ýmsum löndum.

Á hinu mikla umbótatímabili milli 1920 og 1940 átti Framsóknarflokkurinn meiri þátt í að móta það þjóðfélag, sem við höfum síðan búið að, heldur en nokkur annar stjórnmálaflokkur.

Þessi gerð þjóðfélags ber í sér ákveðin einkenni, m.a. veikt atvinnurekendavald.

Þess vegna ber Framsóknarflokknnum ríkari skylda til þess en öðrum flokkum, að hafa forystu um að þetta þjóðfélagsform verði ekki brotið niður vegna eiginleika, sem í sjálfu sér þurfa ekki að vera gallar, ef rétt er snúizt við einkennum þess. Eðlislægum einkennum þessa annars happasæla þjóðfélagsforms.

Ég eggja því flokkinn lögeggjan, að sýna dug og kjark við að varðveita þjóðlífsformið, með því að bæta úr veikleikaeinkennum.

Eitt mest aðkallandi verkefnið nú sem stendur er að koma lögskipan á stéttavaldið, og koma með því í veg fyrir að það fari sér sjálft að voða, sem gæti auðveldlega leitt til ógnarstjórnar – og niðurbrots þeirra áfangasígra, sem unnir hafa verið.

STAÐA ÍSLANDS MEDAL ÞJÓÐANNA

RÍK ÞJÓÐ

Litlar líkur tel ég til þess að Íslandi verði stjórnað svo illa í framtíðinni, að íslenzka þjóðin verði ekki meðal ríkustu þjóða heims – miðað við fólksfjölda.

Öll skilyrði virðast fyrir þessu.

Eitt af megin-skilyrðum til þess, að þetta verði svo, er að auðæfi fiskimiðanna verði notuð skynsamlega.

Í Eimreiðinni, 2. tölubl. 1974 er tekið undir tillögur mínar um að nota auðlindaskatt til að tempra sókn í fiskistofnana. Þetta gerir Gunnar Tómasson í athyglisverðri grein, sem hann nefnir: Drög að efnahagslegri endurreisn.

Auðvelt er að nota auðlindaskattinn til að skapa hér aðstöðu fyrir iðnað til fullrar og hagkvæmrar nýtingar vinnuafslisins.

Með þessari aðferð, auðlindaskattinum, er hægt að skapa innlenda iðnaðinum betri aðstöðu en iðnaði samkeppnisþjóðanna.

Aðstaða Íslands í orkumálum er líka mikilvægur þáttur í því að treysta og efla efnahagsstöðu þjóðarinnar.

Mikilvægasti þátturinn er þó líklega miklir hæfileikar íslenzku þjóðarinnar til að stunda vandasama og fullkomna framleiðslu á sviði iðnaðar.

MANNGILDI – ÞJÓÐGILDI

Það er með þjóðir eins og menn. Á sama hátt og maðurinn virðist ekki geta öðlzt hamingjuna nema með því að finna lífsgildi sitt í samhljlp við meðbræður sína, á tilsvorandi hátt getur rík þjóð ekki öðlzt þjóðarhamingju og þjóðgildisreisn – nema með því að leggja eitthvað verulegt af mörkum til hljlpar bágstöddum þjóðum.

SKIPTING HEIMSINS Í HJÁLPARSVÆÐI

Nú er þannig ástatt á jarðkringlu okkar, að þar býr um það bil 1/3 mannkynsins við ofgnótt, en 2/3 búa við kvalafullt ástand fátæktar, ótta og hungurs.

Við þetta er ekki hægt að una.

Næsta skrefið á þróunarbraut mannkynsins tel ég vera, að ríku þjóðirnar skipti á milli sín hinum hljlparþurfandi þjóðum – og taki að sér að koma þeim út úr þjáníngum ótta, hungurs og sárrar fátæktar. Um leið mundi þetta fyrirkomulag verða hinn öruggasti aflvaki til friðarvarðveizlu.

Tillaga mín er þessi: Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (sem nú þegar vinna mikið að samhljlp þjóða) verði flutt tillaga um skiptingu heimsins í hljlparsvæði.

Hver hinna ríku þjóða tæki að sér svæði, sem að íbúatölu væri um það bil tvöfalt á við íbúatölu viðkomandi hljlparþjóðar.

Heilbrigð samkeppni mundi þá skapast milli hinna ríkari og menntuðu þjóða um að láta sér takast hljlparstarfið sem bezt.

ÞJÓÐHELGI – MANNHELGI

Á tilsvorandi hátt eins og mannhelgi er virt í góðu samfélagi siðmenntaðra manna – þarf að virða þjóðhelgina.

Hver þjóð hefur sín sérkenni, sínar erfðavenjur, sína sérstæðu menningu.

Eitt megin-sjónarmið í því hjálparstarfi, sem hér um ræðir, er að friðhelgi séreinkenna þjóðanna, sem hjálpar þurfa, verði virt.

Hinar hjálpanði þjóðir verða að skoða þetta sem eitt æðsta boðorðið í hjálparstarfinu.

Það þarf að hjálpa hinum þurfandi þjóðum til sjálfsvirðingar. Örva þær til að meta og virða sín eigin sérkenni og sérkenni menningarerfða sinna.

Þetta sjónarmið á að vera megin-sjónarmið – nema því aðeins, að einhverjir þættir í erfðavenjum þeirra séu þess eðlis, að þeir séu viðvarandi uppspretta eymdar og þjáninga, þá verður auðvitað ekki komið hjá að veitast gegn þessum þáttum erfðavenja.

En þá þarf þó að gera það af þeirri nærgætni, að það trufla heildarmynd hins forna menningararfs sem minnst.

Hjálparþjóðirnar mega aldrei gera sig sekar um að fara að óþörfu að troða menningu, trúarbrögðum eða erfðavenjum vestrænna þjóða upp á skjólstæðinga sína. Þjóðhelgina verður að virða.

TAKMÖRKUN FJÖLGUNAR. MENNTUN

Eitt fyrsta verkefnið í hjálparstarfi hlýtur að verða að kenna þjóðum að stöðva fólksfjölgunina. Jarðarkringlan ber ekki miklu fleira fólk en býr nú á jörðinni, ef það á að búa við sæmileg lífsskilyrði.

Jafnframt yrði svo að leggja áherzlu á að gefa þessum þjóðum hlutdeild í þekkingarforða heimsins, með því að veita þeim færni, þ.e. verkkunnáttu til að geta framleitt vörur til fullnægingar þarfa sinna.

HÓLFUN HEIMSBYGGÐARINNAR

Til þess að unnt verði að byggja upp starfhæf efnahagskerfi um gjörvalla heimsbyggð, tel ég óhjákvæmilegt að grípa til eins

ákveðins hagstjórnartækis og nota það markvisst og skynsamlega.

Þetta tæki er skipting heimsins í tollsvæði og verðlagssvæði.

Ég vil ekki nota orðið tollmúrar, því æskilegt er að stilla beitingu tækisins í hóf. En ég á við að nauðsynlegt sé að byggja upp skjólbelti með tollaafmörkun margra efnahagssvæða.

VALDIÐ ÚR HÖNDUM AUÐHRINGANNA

Í reynd mundi þetta þýða það, að verulegur hluti þess fjármálavalds á jarðarkringlunni, sem nú er í höndum auðhringa, yrði tekið úr þeirra höndum og fært í hendur þjóðlandanna. Þetta er eitt af því, sem óhjákvæmilega verður að eiga sér stað.

Ekki er þar með sagt, að nauðsynlegt sé að gera auðhringunum með öllu ókleift að starfa, en það þarf að afmarka starfssvæði þeirra og valdsvið – og beizla orku þeirra til hagsbóta fyrir mannkynið. Að öðrum kosti hljóta þeir að verða framtíðar hindrun á vegi hagsbótasóknar mannkynsins.

ÞJÓÐLEGUR IÐNAÐUR

Hinar fátækari þjóðir þurfa að girða lönd sín tollskjólbeltum – og koma á fót heimaíðnaði til fullnægingar eigin þarfa og e.t.v. til einhvers útflutnings eftir atvikum.

Tæknilega aðstoð og vélvæðingu þurfa þær að fá ókeypis, (eða svo til eftir aðstæðum) frá þeim þjóðum, sem tækju að sér að hjálpa þeim. Tollskjólbeltin eru eina leiðin til þess að iðnaður geti vaxið upp í löndunum og um leið mundi myndast þar kaupgeta.

Tollskjólbeltin eru hin áhrifaríkustu tæki til að mynda innlendan þjóðarauð. Lán frá hinum ríku þjóðum, ásamt sköpun innlends iðnaðar í skjóli tollskjólbelta væri sú þjóðauðgisstefna (new-deal), sem gæti byggt upp efnahag hverrar þjóðar.

Flókið net milliríkjasamninga, tvíhliða og þríhliða, mundi vaxa

upp í kjölfar tollskjólbeltanna.

Hver þjóð mundi þá ná valdi yfir sínu efnahagskerfi. Áhættur af völdum viðskiptakreppa mundu hverfa. En hin stóru viðskiptasvæði auðhringanna eru alltaf í hættu af kreppum, sem menn ráða ekki við – meðal annars vegna þess að lögmál efnahagskerfanna eru ekki fullþekkt ennþá.

Aftur á móti er auðvelt að hafa stjórn á minni viðskiptaheildum.

AUÐHRINGA-HAGFRÆÐIN ER VILLUKENNING

Eins og kunnugt er, hefur þeirri stefnu verið haldið fram – en oft með leynilegum stuðningi auðhringanna – *að hverja vöru ætti að framleiða þar sem ódýrast væri að framleiða hana*, og af þeim sem bezt tækist framleiðslan.

Síðan ætti að selja vöurnar óhindrað um allan heim. Allur heimurinn ætti því að vera eitt markaðssvæði samkvæmt þessari kenningu.

Ef þessari kenningu yrði fylgt út í æsar – mundi mestöll vöruframleiðsla í veröldinni lenda í höndum auðhringa, sem síðan drottnuðu yfir öllum mörkuðum heimsins.

Í sem stystu máli má skilgreina megineinkennin á hinum þrem aðalstefnum þannig: Íhaldsflokkarnir, sem oft kenna sig þó við frjálslyndi, vilja *sem minnsta skipulagningu*, óheft frelsi – sem auðvaldið snýr uppí *helsi* á hinn almenna borgara. Kommúnistar skipuleggja svo róttækt, að hinn almenni maður missir rótfestu og verður eins og agnarlítið hjól í hinni miklu þjóðfélagsvél og tilhneiging til ógnarstjórnar er innbyggð í kerfið. Framsóknarstefnan byggir á manngildinu og *skipuleggur frelsi* einstaklingnum til handa og viðheldur þannig vilja- og framtaksafli hans, honum sjálfum og samfélaginu til farsældar.

Enginn stjórnmalavandi er svo erfiður viðfangs, að við hann verði ekki ráðið, aðeins ef margir góðir menn úr öllum þjóðlífshópum einbeita sér nógu ákveðið að lausn hans.

Öll megin-vandamál Íslendinga eru stjórnmalalegs eðlis. Þau verður því að leysa á sviði stjórnmalanna. Stjórnmalin eru því mál malanna.

Alveg sama er að segja um heimsvandamálin. Þau eru stjórnarfarslegs eðlis. Þekkingin, bæði tæknileg og stjórnmalaleg er fyrir hendi. Hina óstjórnlegu neyð jarðarbúa, meðbræðra okkar, er hægt að leysa eftir stjórnarfarslegum leiðum. Við Íslendingar gætum lagt lið svo um munaði í þessari baráttu, ef ekki brestur hug og dug.